



## Ég býð aldrei hinn vangann

segir Sólveig Anna Jónsdóttir í opinskáu viðtali um átökin í kjarabaráttunni, erfið unglingsár og veruleika sinn sem verkakona á lágum launum. → 26



Ég hef unun af því þegar stéttaátök-in eru afhjúpuð.

## Velgengni og skelfing

Hin norska Roskva frá Noregi og hinn íslensk-palestínski Mazen ræða um ótta, nánd og uppgang smásögunnar. → 30



## Skærasta stjarnan

Borgarstjórinn Pete Buttigieg er óvænt orðinn ein skærasta stjarna forkosninga Demókrata. → 32



## Elly á bak við tjöldin

Hundraðþúsundasti gesturinn mætir á sýningu um helgina. → 34

nettó

30% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM EPLUM Í NETTÓ!

Lægra verð - léttari innkaup



FRÁBÆR HELGARTILBOÐ!

Grill mix Stjörnugris

899 KR/KG  
ÁÐUR: 1.798 KR/KG



HENTU Í TACO! SANTA MARIA TACO LÍNAN Á 20% AFSLÆTTI!

## Veður



Skýjað með köflum og smá skúrir víða um land í dag, þokusúld úti við A-ströndina, en talsverð rigning SA-til um kvöldið. Hiti víða 8 til 15 stig, en mun svalara við A-ströndina.

**SJÁ SÍÐU 40**



**Snæfellsjökull, sem ekki á langt eftir.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Jökullinn að hverfa

**UMHVERFISMÁL** Þorsteinn Þorsteinsson, sérfræðingur í jöklarannsóknnum hjá Veðurstofu Íslands, segir að samkvæmt nýrri mælingu á is Snæfellsjökulls sé hann aðeins um 30 metra þykkur. Flatarmál hans er meira en helmingi minna en fyrir 110 árum og útlit er fyrir að hann verði að mestu horfinn um miðja þessa öld.

» Flatarmál jökulsins er meira en helmingi minna en fyrir 110 árum.

Samkvæmt grein Þorsteins á vef Veðurstofu Íslands var borað í jökullinn á mánudaginn til að mæla vetrarafkomu hans. Snjókjarni var boraður í um 1.350 metra hæð, sunnan Miðþúfu. Kjarninn var vigtaður, eðlisþyngd hans ákvörðuð og lagskipting skráð. Hitastig snjósins var mælt og reyndist það vera innan við -2 gráður í öllu vetrarlaginu.

Mælingin kom Þorsteini ekki á óvart. Full ástæða sé til að fjármagna reglulegar afkomumælingar á jöklinum til að auka þekkingu á viðbrögðum íslenskra jökla við loftslagsbreytingum.

Jökullinn er nú um 10 ferkílómetrar að flatarmáli en var 22 ferkílómetrar árið 1910. – bg

## Lyngrósinn Vigdís komin heim



Lyngrósinn Vigdís, sem nefnd var í höfuðið á Vigdísí Finnboadóttur, var afhent Grasagarði Reykjavíkur í gær, að Vigdísí sjálfri viðstaddri. Það var fyrrverandi forstöðumaður lyngrósagarðsins í Milde í Noregi sem gaf rósinni þetta fallega nafn og ætlaði að færa Vigdísí blómvönd af lyngrósinni í opinberri heimsókn árið 1992. Ekkert varð af heimsókninni þá, en nú er Vigdísí loksins komin heim. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Milljónungur endurnýjar símann sinn

**GETRAUNIR** Heppinn Siglfirðingur sem vann tæpar 40 milljónir í Lottóinu laugardaginn 13. apríl gerir ráð fyrir að láta það verða sitt fyrsta verk að endurnýja farsíma sinn.

Samkvæmt upplýsingum frá Íslenskum getraunum var það tilviljun ein sem réð því að hann keypti miðann yfirhöfuð. Sá heppni hafði verið svangur á ferðinni og komið við hjá Ólís til að fá sér að borða þegar hann sá á skjánum hjá Lottókassanum að potturinn stefndi í 40 milljónir. Hann ákvað því að kaupa miða og skilaði það sér svo sannarlega.

„Kannski kaupi ég mér nýjan síma þar sem minn er orðinn gamall,“ sagði vinningshafinn. „En svo ætla ég líka að leyfa fólkinu mínu að njóta vinningsins með mér,“ bætti hann við. – smj

# Árni bjartsýnn á að klára heimildarmynd

Þingmaðurinn fyrrverandi segir heimildarmynd um Scoresbysund á Grænlandi hálfnaða. Gerð myndarinnar hafi tafist af ýmsum ástæðum. Fékk hundruð þúsunda í styrki til verkefnisins af skúffufé nokkurra ráðherra.

**MENNING** Vonskuveður og veikindi eru meðal ástæðna fyrir því að heimildarmynd sem þingmaðurinn fyrrverandi Árni Johnsen hóf að vinna að um Scoresbysund á Grænlandi árið 2014 hefur ekki enn litið dagsins ljós. Árni var duglegur að sækja styrki til verkefnisins, meðal annars af skúffufé ráðherra, en ekki hefur tekist að ljúka við myndina. Árni segir í samtali við Fréttablaðið að hann sé þó enn vongóður um að það takist.

„Verkefnið stendur þannig að það er svona hálfnað,“ segir Árni aðspurður um stöðu verkefnisins sem fjallað var nokkuð um í fjölmíðlum á sínum tíma. Hann segir ýmsar ástæður fyrir því að myndin hafi tafist.

„Það tafdist svolítið því við lenti í rosalegum veðrum, svo lenti ég á spítala í sex mánuði en það kemur. Þetta er í gangi.“

Fréttablaðið sagði frá því í ársbyrjun 2016 að tveir ráðherrar þáverandi ríkisstjórnar hefðu veitt heimildarmyndarverkefninu styrk af ráðstöfunarfé sínu, sem jafnan er kallað skúffufé ráðherra og þeim er frjálst að ráðstafa í verkefni að eigin vali. Sigurður Ingi Jóhannsson, sem þá var sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, styrkti verkefnið með skúffufé sínu sem og Gunnar



Árni Johnsen hefur lengi haft taugar til Grænlands og unnið um árabíl að gerð heimildarmyndar um Scoresbysundið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þetta er rosalegt verkefni. Það áttar sig enginn á því sem þekkir ekki til þarna.

Árni Johnsen

Bragi Sveinsson sem þá var utanríkisráðherra. Síðar sama ár veitti svo þáverandi innanríkisráðherra Ólöf Nordal verkefninu 600 þúsund krónur í styrk af skúffufé sínu. Verkefnið hefur því fengið hundruð þúsunda í styrki frá allavega þremur ráðherrum fyrri ríkisstjórnna.

Árni lýsti, í viðtali við Fréttablaðið árið 2016 vegna styrkveitinganna, verkefninu sem afar kostnaðarsömu. Sagði hann Scoresbysund vera lengsta fjöru í heimi með um þúsund fjöllum og tugum skriðjökla. Verkefnið er því augljóslega viðamikl.

„Þetta er rosalegt verkefni. Það áttar sig enginn á því sem þekkir ekki til þarna. Þetta er svo mikið flæmi og fjölbreytt,“ segir Árni um stærðargráðu verksins nú.

Morgunblaðið fjallaði um fyrstu ferð Árna og Friðþjófs Helgasonar kvikmyndatökumanns í fjördönn í september 2014. Lýsti Árni þar vilja sínum til að fanga hrikalega náttúru, dýralíf og mannlíf á þessum fáförnu og afskekktu slóðum á Norðaustur-Grænlandi á filmu.


mikael@frettabladid.is



# AÐVENTAN Í BERLÍN

**ÚRVAL AÐVENTUFERÐA  
VERÐ FRÁ 77.900 KR.  
NÁNAR Á UU.IS**

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGI | 585 4000 | UU.IS



*Gleðilegt sumar*

**HEFST Í DAG**

# TAX FREE

**ALLAR VÖRUR Í BLÓMAVALI**

**GRILL\***

**REIÐHJÓL**

**TRAMPÓLÍN**

**GARÐVERKFAERI**

**SLÁTTUVÉLAR**



**Leikhópurinn  
Lotta**

Skemmtir  
í Skútvogi  
á laugardag  
kl. 14

**Handsmíðað  
fyrir heimilið**

Lærðu að smíða einfalda  
hluti fyrir heimilið. Kynnum  
nýja bók í Skútvogi  
sunnudag  
kl. 14-16

\* Gildir ekki af Weber grillum

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti, gildir ekki af tilboðsvörum eða vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmíðjunnar. Að sjálfsögðu stendur Húsasmíðjan skil á virðisaukaskatti til BÍKÍ sjóðs

TÖLUR VIKUNNAR 21.04.2019 TIL 27.04.2019

**300**

manns hafa verið rannsakaðir vegna berkla-smits í febrúar á þessu ári

**400**

gígavattstundir töpuðust við flutning orku frá virkjunum á síðasta ári

**2.100**

sjúkraliðar eru starfandi á Íslandi í dag og er meðalaldur þeirra 47 ár

**98%**

félagsmanna Samtaka atvinnulífsins greiddu atkvæði með Lífskjarasamningnum

**11%**

er stærð hlutarins sem bandariski fjárfestingasjóðurinn PAR Capital keypti í Icelandair

**253**

fórust í röð hryðjuverka á Sri Lanka í byrjun viku

**6.723**

sinnum var fyrsta þætti í nýrri seríu Game of Thrones hlaðið niður af Deildu.net



## Þrjú í fréttum Rafiþróttir, sjúkraliðar og samningar

**Ólafur Hrafn Steinarsson**  
formaður Rafiþróttasamtaka Íslands

á von á því að sveitarfélög um allt land muni styrkja stofnun rafíþróttadeildar sem hóf göngu sína í vikunni. Jákvað viðbrögð hafa komið samtökunum í opna skjöldu.

**Sandra B. Franks**

formaður Sjúkraliðafélags Íslands segir stéttina vera að gefast upp vegna vinnuálags. Þörf er fyrir 2.800 sjúkraliða, en fjöldi þeirra er aðeins 2.100 um þessar mundir.

**Katrín Jakobsdóttir**

forsætisráðherra segir það mikið fagnaðarefni að lífskjarasamningarnir hafi verið samþykktir. Hún mun funda með aðilum vinnu- markaðarins í maí og kynna þeim stöðuna á einstökum verkefnum sem ríkisstjórnin hyggst ráðast í.



## FRÉTTABLAÐIÐ

### Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Flótti meðal leikskólakennara breytir leikskólum í gæsluvelli

Leikskólakennurum hefur fækkað um 89 í Reykjavík á síðustu fjórum árum. Formaður Félags leikskólakennara segir að gera þurfi laun og starfsumhverfi sambærileg því sem gerist hjá öðrum sérfræðingum. Borgarfulltrúi segir leikskóla breytast í gæsluvelli ef Reykjavíkurborg bregst ekki við þessari þróun.

**SKÓLAMÁL** Leikskólakennurum í Reykjavík hefur fækkað um 89 á fjórum árum á sama tíma og fjöldi stöðugilda hefur staðið í stað. Samkvæmt tölum skóla- og frístunda- sviðs sem koma fram í svari við fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins hefur leikskólakennurum fækkað um 22 á ári að meðaltali á árunum 2015 til 2018. Börnum hefur á sama tíma fækkað um rúmlega 700, úr 5.700 í 5.000. Stjórnendum hefur fækkað um níu á tímabilinu. Árið 2015 störfuðu 348 leikskólakennarar á 62 leikskólum í Reykjavík, árið 2018 voru þeir 259.

Valgerður Sigurðardóttir, skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir að Reykjavíkurborg þurfi að ráðast í naflaskoðun til að stöðva fólksflóttann.

„Þetta er ástand sem Reykjavíkurborg þarf að bregðast við. Það þarf að tala við fagfólkið, leikskólakennarana, um hvað sé best að gera,“ segir Valgerður. „Við höfum misst 22,25 menntaða leikskólakennara á hverju ári síðustu fjögur ár. Það er fólksflótti úr stéttinni, það er virkilega sláandi að sjá fagfólki fækka svona mikið á svona stuttum tíma. Stöðugildunum er ekki að fækka, svo er öðru starfsfólki með uppeldismenntun ekki að fjölga til að veita upp á móti.“

Samkvæmt lögum eiga tveir af hverjum þremur starfsmönnum í leikskólum að vera menntaðir leikskólakennarar. Þegar stjórnendur eru taldir með var hlutfallið 32 prósent árið 2015 en var komið niður í tæplega 26 prósent árið 2018. „Þegar við deilum þeim kennurum sem eru eftir niður á alla leikskóla borgarinnar þá erum við að tala um



Börnum á leikskólum borgarinnar hefur fækkað um rúmlega 700 á síðustu fjórum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

●● Þetta vandamál einskorðast alls ekki bara við borgina. Að fjölga leikskólakennurum er stærsta áskorun sveitarfélaganna.

Haraldur F. Gíslason, formaður Félags leikskólakennara



fjóra leikskólakennara í hverjum skóla. Það gleymist að leikskólarnir eru fyrsta skólastigið. Ef þetta heldur svona áfram þá mun faglegt starf leggjast af og leikskólarnir okkar breytast í gæsluvelli,“ segir Valgerður.

Haraldur F. Gíslason, formaður

/// Þróunin frá '15 til '18

	2015	2016	2017	2018
Leikskólak.	348	321	273	259
Stjórnendur	121	117	116	112
Stöðugildi	1.458	1.434	1.422	1.434
Börn	5.734	5.420	5.241	5.036

Félags leikskólakennara, segir tölurnar ekki koma á óvart. „Þetta vandamál einskorðast alls ekki bara við borgina. Að fjölga leikskólakennurum er stærsta áskorun sveitarfélaganna. Það mun ekki einungis bæta gæði náms í leikskólum heldur einnig bæta starfsaðstæður leikskólakennara því einn af álagsþáttunum í starfinu er tíð starfsmannaveita,“ segir Haraldur. „Þrátt fyrir fjölgun í leikskólakennaranámi er nýliðun langt frá því að vera nægileg.“

Það þurfi að gera laun samkeppn-

●● Ef þetta heldur svona áfram þá mun faglegt starf leggjast af og leikskólarnir okkar breytast í gæsluvelli.

Valgerður Sigurðardóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



ishæf við laun annarra sérfræðinga, fækka börnum á hvern starfsmann og færa starfsumhverfið nær því sem þekktist á öðrum skólastigum hvað varðar vinnutíma og starfstíma. Segir hann það verða verkefni næstu kjarasamninga sem losna í lok júní. [arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)

## NÝR RAM 3500 2019

ramisland.is

**FRUMSÝNDUR UM MIÐJAN MAÍ**

**ÍSABAND**  
ÍSLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSADILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**RAM**  
UMBODSADILI RAM Á ÍSLANDI



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# NÝR RAV4 ALHLIÐA SPORTJEPPI. ALHLIÐA HYBRID.



RAV4 – verð frá: 5.090.000 kr.

RAV4 Hybrid – verð frá: 5.950.000 kr.

Frá því að RAV4 sló fyrst í gegn hefur nánast allt breyst. Fimmta kynslóð þessa alhliða sportjeppa er stökkbreytt í útliti; glæsilegri með skarpari línur, völdugri á vegi og enn meiri breidd í getu, styrk, þægindum og afköstum. Nýr RAV4 er alhliða Hybrid, hljóðlátur í akstri með aukið svigrúm fyrir fólk og farangur. Ný kynslóð með enn meira öryggi og ríkulegum staðalbúnaði. Allt er breytt – nema vinsældirnar. Komdu, sjáðu og finndu muninn á nýjum RAV4 með sjö ára ábyrgð hjá næsta viðurkennda söluaðila.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum RAV4, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Ellefu listeríusýkingar á tveimur árum

Fimm hafa látist af völdum listeríusýkinga á síðustu tveimur árum, þar á meðal nýfætt barn. Sóttvarnalæknir segir sýkingar alvarlegar fyrir þá sem eru með veikt ónæmiskerfi. Matvælastofnun segir mikilvægt að bregðast hratt við þegar bakterían greinist í mat.


**HEILBRIGÐISMÁL** „Listería er baktaría sem lifir alls staðar í umhverfinu, það er ekkert við því að gera. Svo getur hún komist í matvæli og sýkt fólk, sérstaklega fólk með undirliggjandi bælingu á ónæmiskerfinu,“ segir Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir.

Samkvæmt tölum frá Embætti landlæknis hafa 11 manns sýkt af listeríu síðastliðin tvö ár sem er nokkru meira en árin á undan. Fjórir létust af völdum listeríu árið 2017. Þrjár af þeim voru eldri einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma. Svo var einnig nýfætt barn sem lést skömmu eftir fæðingu eftir að hafa smitast í móðurkviði.

Haraldur Briem, ráðgjafi sóttvarnalæknis, segir listeríu geta valdið blóðsýkingu, iðrasýkingu, sýkingum í liffærum sem og miðtaugakerfi. „Þessi baktería hefur oft tengst sjávarafurðum, hún getur líka fundist í ógerilsneyddum osti. Listería hefur þann eiginleika að geta lifað af kælingu, hún er sérstök að því leyti að hún getur fjölgað sér í ísskáp. Flestir veikjast ekkert af henni, en sýkingar eru alvarlegar fyrir þá sem eru veikir fyrir.“

Bæði Þórólfur og Haraldur segja fulla ástæðu til að vara þungaðar konur við að neyta fisks sem er ekki füllelgaður og einnig ógerilsneyddra matvæla. „Það er einmitt gert í mæðraverndinni, þunguðum konum er ráðlagt að neyta ekki svoléiðis matvæla. Ég veit ekki hvort það sé gert við einstaklinga sem eru ónæmisbældir, ég vona að það sé gert,“ segir Þórólfur. „Þetta eru sjaldgæfir sjúkdómar sem betur fer. Við sjáum þetta koma í hrinum. Kannski koma ekki upp nein tilfelli í nokkur ár, svo koma ár eins og 2017 þar sem sjö einstaklingar sýktust.“

Í byrjun janúar veiktist kona á fimmtugsaldri með undirliggjandi ónæmisbælingu af listeríu. Um jóln borðaði hún graflax sem framleiddur var af fyrirtækinu Ópal sjávar-



Listeria, Listeria monocytogenes, er baktería sem smitast helst í gegnum matvæli. NORDICPHOTOS/GETTY

## ■ Listeríutílfelli frá 1997 tölur frá Embætti landlæknis

Ár	Tílfelli	Ár	Tílfelli
1997	2	2012	4
2004	1	2013	1
2005	1	2014	4
2007	4	2017	7
2010	1	2018	3
2011	1	2019	1

fangi. Hún lést tveimur vikum síðar. Eftirlitsmenn frá Matvælastofnun skoðuðu framleiðslu fyrirtækisins í lok janúar og aftur í byrjun febrúar í kjölfar ábendingar frá Embætti landlæknis.

Hjalta Andrason hjá MAST segir mikilvægt að bregðast hratt við í slíkum aðstæðum. „Í þessu tilfelli koma niðurstöðurnar til okkar kl.

11 um morguninn 4. febrúar. Við upplýsum fyrirtækið kl. 12 um jákvæða greiningu listeríu í vörum fyrirtækisins og mjög háa greiningu í graflaxi en lággildi í birkireyktum afurðum. Í þessu tilfelli var farið fram á innköllun í ljósi alvarleika málsins. Fyrirtækið brást ekki við með innköllun,“ segir Hjalta.

„Daginn eftir var ljóst að fyrirtækið ætlaði ekki að innkalla, þá sendum við fyrirtækinu stjórnvaldsákvörðun og því var veittur stuttur andmælafræstur. Fyrirtækið féllst á að innkalla vörur af markaði en í okkar eftirlitsskýrslu segir að það sé alvarlegt frávik þar sem þeir innkölluðu bara graflax.“

Samkvæmt matvælalögum er MAST heimilt að stöðva starfsemi að hluta eða í heild ef rökstuddur

grunur er um að matvæli séu heiluspillandi, óhæf til neyslu eða valdi tjóni á öðrum hagsmunum. Ef stjórnendur fyrirtækisins sem um ræðir sinna ekki fyrirmælum innan tiltekens frests getur MAST beitt dagsektum.

„Ef það er tilefni til innköllunar þá verður það að gerast hratt til að tryggja öryggi neytenda. Barna hefði átt að innkalla strax 4. febrúar, en við þurftum að beita stjórnvaldsákvörðun, þess vegna var ekki farið í innköllun fyrr en tveimur dögum síðar,“ segir Hjalta.

EKKI var farið í allsherjarinnköllun fyrr en 14. febrúar. „Graflaxinn greindist með 600 frumur á hvert gramm, en önnur af birkireyktu vörum greindist með 10 frumur á gramm. Þannig að við lögðum

●● Þetta eru sjaldgæfir sjúkdómar sem betur fer. Við sjáum þetta koma í hrinum. Kannski koma ekki upp nein tilfelli í nokkur ár, svo koma ár eins og 2017 þar sem sjö einstaklingar sýktust.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.



langmesta áherslu á innköllun á graflaxinum, en engu að síður fórum við fram á að allar vörur yrðu innkallaðar. Fyrirtækið óskaði eftir fresti til að kanna betur vörurnar þar sem listería greindist í minni mæli.“ Starfsstöð Ópals sjávarfangs var hreinsuð og ný sýni tekin í kjölfarið. 19. febrúar samþykkti MAST dreifingu á vörum fyrirtækisins.

Þórólfur segir að mögulega sé einhver aukning á listeríusmitum þegar lítið er til lengri tíma. „Bæði með fjölgun einstaklinga með ónæmisbælandi sjúkdóma, einnig notkun á ónæmisbælandi lyfjum. Fólk gæti líka verið að borða meira hrámeti, til dæmis sushi eða hrátt kjöt.“

Lítið sé hægt að gera þegar kemur að því að vernda eldra fólk sem er með ónæmisbælingu fyrir utan að vara það við hætgunni, þeir einstaklingar séu þó einnig í hattu þegar komi að öðrum sýkingum. Þórólfur bendir á að sýklar séu úti um allt. „Án sýkla værum við ekki lifandi, en það eru vissulega sýklar sem eru óæskilegir og valda svona alvarlegum sýkingum. Við megum samt ekki deyja úr sýklahræðslu.“

arib@frettabladid.is

## Ísland líklega dýrast fyrir ferðamenn

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ísland er um þessar mundir dýrasta land Evrópu og að öllum líkindum einn dýrasti áfangastaður heims fyrir ferðamenn. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu Greiningar Íslandsbanka.

Verðlag á Íslandi var 84 prósentum hærra en að meðaltali í aðildarríkjum ESB árið 2017. Ferðamaðurinn greiðir því næstum tvöfalt hærra verð hér en að meðaltali innan ESB.

Verðlag á algengum vörum og þjónustu sem ferðamenn sækjast eftir hefur hækkað langt umfram verðlag í Evrópu undanfarinn áratug og má sem dæmi nefna að verð áfengra drykkja er í dag hátt í þrefalt hærra en að meðaltali í ESB.

Á árinu 2010 var verðlag í Norgei og í Danmörku á sömu vörum og þjónustuflokkum hærra en á Íslandi og var Ísland í þriðja sæti, á pari við Sviss sem var í fjórða sæti yfir Evrópuþjóðir með hæsta verðlagið fyrir ferðamenn. Þá var verðlag hér á landi um þriðjung herra (32 prósent) en að meðaltali í aðildarríkjum ESB. Munur á verðlagi hér og að meðaltali hjá aðildarríkjum ESB hefur því hækkað um 52 prósentustig frá árinu 2010. Krónan styrktist á sama tímabili um 26 prósent og má því gróflega áætla að gengisáhrif skýri um helming áður greindrar hækkingar. – smj

## Hætt að skilja hvernig Miðflokksmenn hugsa

**STJÓRNSÝSLA** Bárá Halldórsdóttir, sem tók upp ósæmlegt samtal þingmanna Miðflokksins á Klaustrubar sem frægt er orðið, segist löngu hætta að skilja hvað þeim gangi til og hvernig þeir hugsa.

RÚV greindi frá því í gær að lögmaður þingmannanna fjögurra hefði lagt fram kröfu um að fá upplýsingar frá fjármálaframtækjum um greiðslur inn á reikning Bárú á tímabilinu 15. nóvember til 15. desember síðastliðinn. Líklega vilja þeir með þeim upplýsingum reyna að færa sönnur á eigin kenningu um að Bárú hafi verið gerð út af einhverjum ónefndum aðila og þegið greiðslu fyrir.

Í samtali við Fréttablaðið.is í gær segist Bárá hafa verið beðin um upplýsingarnar fyrir nokkrum vikum en að hópurinn hafi lagt fram kröfu aftur á fimmtudag. Hún furðar sig á því að Persónuvernd skuli fara með málið.

„Mér skilst að það þurfi lögregluúrskurð til að fá þessi gögn og ég held að Persónuvernd ætti ekki að vera að sjá um þetta mál. Þetta er eins og að biðja bakara um fisk.“

Aðspurð segist Bárá ekkert hafa að fela. Hún segir þingmenn Mið-

●● Spurning hvort ég fái ekki að sjá þeirra gögn og þá fái þau að sjá mín gögn

Bárú Halldórsdóttir, öryrki og upp-ljóstrari

flokksins biðja um upplýsingar handahófskennt.

„Ég er hætta að skilja hvernig þetta fólk hugsar,“ segir Bárú.

„Spurning hvort ég fái ekki að sjá þeirra gögn og þá fái þau að sjá mín gögn,“ segir Bárú og slær á létta strengi.

Klausturmálið svokallaða hefur verið til umfjöllunar hjá Persónuvernd frá því um miðjan desember, en þá krafðist lögmaðurinn, Reimar Snæfells Pétursson, þess að rannsað yrði hver hefði staðið að hljóðupptökunni á barnum Klaustrur. – ilk



Mig langar til að vinna við að sauma en ekki stunda vændi

HULDA SÓLEY JÓNSDÓTTIR\*

GEFUM ÞEIM SÉNS!

Hringdu í 907 2003 og gefðu 2500 kr. eða upphæð að eigin vali á [framlag.is](http://framlag.is)



Hjálparstarf Kirkjunnar

actalliance

★ Stúlkan á myndinni tekur þátt í verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Kampala í Uganda. Nafnið er ekki hennar rétta nafn en textinn lýsir raunveruleikanum sem hún og fjöldi annarra ungmenna býr þar við.

# Meira svona alla daga

Tilboð gilda út 28. apríl



Fyrir sælkera borgara  
Stokes Relish

**649** kr/stk



## Smash Style

2 x 100 g

**450** kr/pk  
Verð áður 529

2 x 120 g

**509** kr/pk  
Verð áður 599

2 x 140 g

**594** kr/pk  
Verð áður 699

2 x 250 g

**1.104** kr/pk  
Verð áður 1.299

**15%**  
afsláttur



Hagkaups spicy majo

**349** kr/stk



Frosnar nautalundir

**3.999** kr/kg



**20%**  
afsláttur

Kjúklingaskankar

**1.279** kr/kg  
Verð áður 1.599 kr/kg



**15%**  
afsláttur

Kjúklingabringur

**2.124** kr/kg  
Verð áður 2.499 kr/kg



Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni

**HAGKAUP**

Meira svona  
alla daga



Mynd sem Landhelgisgæslan náði af brottkastinu úr lofti. MYND/LHG

## Skipverjar staðnir að brottkasti

**VEIDAR** Skipstjórar þriggja fiskibáta eiga yfir höfði sér kærur vegna meints brottkasts. Unnið er að rannsókn málsins en undanfarna daga hefur áhöfnin á TF-SIF, flugvél Landhelgisgæslunnar, staðið skipverja þriggja fiskibáta að meintu ólöglegu brottkasti.

Fram kemur í tilkynningu frá Landhelgisgæslunni að við reglubundið eftirlit á Íslandsmiðum hafi náðst bæði myndir og myndskæði þar sem má sjá hið meinta brottkast.

» Landhelgisgæslan segist líta málið alvarlegum augum, enda sé brottkast með öllu ólíðandi.

Landhelgisgæslan og Fiskistofa hafa tekið þessi mál til sérstakrar skoðunar að undanförunu vegna gruns um að tiltekin skip stundi ólöglegt brottkast. Landhelgisgæslan sinnir reglulega löggæslu á hafi úr lofti með flugvélinni Sif sem hefur öflugan myndavélabúnað sem gerir áhöfninni um borð færi á að sinna eftirliti með fiskveiðum úr töluverðri hæð.

Myndskeiðin og myndirnar voru tekin í apríl. Í tilkynningu Landhelgisgæslunnar segir að þar sé málið lítið alvarlegum augum, enda sé brottkast með öllu ólíðandi: „Þar sem um er að ræða grófa aðför að sameiginlegri auðlind okkar Íslendinga,“ segir að lokum. – la

# Skoða þurfi áhrif á Finnafjörð

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, segir mikilvægt að skoða vel alla þætti er snúa að umhverfi og náttúru í tengslum við hugmyndir um uppbyggingu hafnar í Finnafirði.

**UMHVERFISMÁL** „Það sem ég held að sé langsamlega mikilvægast í þessu máli og algjört grundvallaratriði er að skoða umhverfisáhrifin gaumgæfilega. Það er eins með þetta og öll önnur stór framkvæmdaverkefni að það þarf að skoða vel allt sem snýr að umhverfi og náttúru,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, um hugmyndir um uppbyggingu stórskipahafnar í Finnafirði.

Fréttablaðið greindi frá því fyrr í vikunni að ráðherrann vildi ekki tjá sig um málið. Guðmundur leggur áherslu á að hann hafi einfaldlega ekki haft tæk á því að koma í viðtal þegar eftir því var leitað skömmu fyrir páska. Aldrei hafi staðið til af sinni hálfu að neita að tjá sig.

Að mati ráðherrans þarf að skoða áhrif hugsanlegra framkvæmda á alla þætti málsins.

„Þar erum við að tala um áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og mengunarhættu auk áhrifa á dýralíf, gróður, landslag, ferðaþjónustu og samfélagið. Það er auðvitað eitt hvað sem þarf að gera ef undirbúningur verkefnisins heldur áfram,“ segir Guðmundur.

Í starfi sínu sem framkvæmdastjóri Landverndar gagnrýndi Guðmundur árið 2012 áform um uppbyggingu hafnar í Finnafirði, meðal annars á þeim forsendum að hluti svæðis á náttúruvinnjaskrá lenti innan framkvæmdasvæðisins.

„Það sem hins vegar hefur komið fram núna er að það séu ekki lengur hugmyndir um að vera inni á því svæði. Umhverfisstofnun benti á það sama og Landvernd á sínum tíma. Þannig má kannski segja að ef til vill, þó ég viti það ekki, hafi það aðhald sem þá var veitt haft þau áhrif. Það er jákvætt.“

Guðmundur segir vinnu í gangi milli ráðuneyta þar sem ákveðnir undirbúningsþættir eru skoðaðir. Hann býst við niðurstöðum úr þeirri vinnu á þessu ári.

Eftirmaður Guðmundar í starfi framkvæmdastjóra Landverndar, Auður Önnu Magnúsdóttir, hefur í fjölmiðlum lýst yfir áhyggjum af hugmyndunum. Verði af framkvæmdum muni þær hafa mikil og varanleg umhverfisáhrif. Hún hefur



Guðmundur Ingi segir að það verði alltaf skiptar skoðanir á náttúruvernd og stórum framkvæmdum. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

sérstakar áhyggjur af olíuslysum.

Guðmundur segist taka undir með Landvernd að það sé nauðsynlegt að skoða þessa þætti alla vel og vega þá og meta. Staðsetning hafnar í Finnafirði muni hins vegar ekki ráða því hvort siglingar á norðurslóðum hefjist heldur muni loftslagsbreytingar ráða því.

„Vissulega mun auknum siglingum fylgja mengunarhætta. Það er bara augljóst mál og að því þarf að hyggja. Við megum ekki gleyma því að Ísland gæti vegna staðsetningar sinnar orðið mikilvægt þegar kemur að aðgerðum ef slys verða. Hvort sem um er að ræða slys á fólki eða umhverfisslys. Sigli skipin hins vegar hér að landi þá eykst hættan

á því að slys verði nær landi og inni í okkar lögsögu.“

Ráðherrann segist auðvitað vonast til þess að í framtíðinni munum við fara að sjá umhverfisvænni skip sem ekki brenni jarðefnaeldsneyti. „Þó svo það sé kannski svölitið inn í framtíðina þá er gríðarlega mikilvægt að það verði unnið að tæknibreytingum á því sviði.“

Aðspurður hvort hann skynji togstreitu milli hagsmuna náttúruverndar annars vegar og atvinnu- og byggðasjónarmiða hins vegar segir Guðmundur að það verði alltaf skiptar skoðanir á náttúruvernd og stórum framkvæmdum.

„Það sem ég hef reynt að leggja áherslu á er að draga fram jákvæð

**Vissulega mun auknum siglingum fylgja mengunarhætta. Það er bara augljóst mál og að því þarf að hyggja.**

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra

áhrif náttúruverndar, bæði á náttúruna sjálfa en líka efnahagslega. Ég lét til dæmis gera rannsókn á efnahagslegum áhrifum friðlýstra svæða á Íslandi. Hún sýndi það að fyrir hverja krónu sem ríkið leggur til þessara svæða koma að meðaltali 23 krónur til baka.“

Það megi heldur ekki gleyma því að náttúruvernd sé líka ákveðin byggðaaðgerð. „Ég er allavega þeirrar skoðunar að við eigum að reyna að halda landinu okkar í byggð. Ekki bara vegna þess að ég er bóndasonur af Vesturlandi, heldur líka vegna þess að í því felast mikil verðmæti.“

Það sé oft á tíðum hlutverk þess fólks sem byggir þessi svæði að taka þátt í náttúruverndinni. „Ég get nefnt sem dæmi Jökulsárgljúfur sem ég heimsótti í fyrra. Þar sagði þjóðgarðsvörðurinn mér að það væru um fimmtán landverðir að vinna þar um sumarið og þeir væru nær allir úr sveitinni.“

Þá sé ráðuneytið í samstarfi við landshlutasambönd sveitarfélaga um rannsóknir á efnahagslegum áhrifum fyrir einstaka byggðir ef ráðist yrði í nýjar friðlýsingar í nágrenni þeirra. Mikill vöxtur í ferðaþjónustu hafi skilað sér í meiri áhuga og skilningi á mikilvægi náttúruverndar fyrir atvinnulífið.

„Samkvæmt könnunum nefna yfir 80 prósent þeirra sem koma til landsins náttúruna sem meginástæðu Íslandsferðar. Það segir okkur líka að við þurfum að halda vel á þessum málum.“

sighvatur@frettabladid.is

# Á AÐ GRILLA Í KVÖLD?

Sjáðu öll grillin og aukahlutina á [elko.is](http://elko.is)

**ELKO**



# Fögnum <sup>sumri!</sup>

27. apríl



## Mitsubishi opnar dyrnar fyrir sumrinu 2019!

Við fögnum með öllu því sem prýða má gott sumar. **Tilboð** verður á fjölhæfum ferðabílum og **350.000 króna aukahlutapakki** fylgir.

Við sýnum útivistar- og ferðavörur og veiðihugafólk getur kynnt sér íslenskar veiðivörur. Við förum í leiki og öll börn fá sumargjöf.

### Dagskrá laugardaginn 27. apríl

- 12.00 Hátíðin **Fögnum sumri 2019** hefst.
- 12.30 **Gunnar Helgason** rithöfundur og veiðimaður les úr nýjustu bók sinni Barist í Barcelona.
- 13.00 **Sumarleikir** fyrir káta krakka, stýrt af Gunnari Helgasyni, standa yfir til kl. 15.30. Getraun og verðlaun.
- 13.30 **Eggert Skúlason** kynnir veiðipættina Sporðaköst og aftur kl. 15.00.
- 14.00 **Bakkkeppni** hefst og stendur yfir til 15.30. **Vargurinn** ríður á vaðið.
- 14.30 Gunnar Helgason les úr Barist í Barcelona.
- 15.30 Verðlaunaafhending í Bakkkeppni.
- 16.00 Dagskrá lýkur.

**Við tökum fagnandi á móti þér í Mitsubishi-salnum Laugavegi 170!**



# Trump hvetur fólk til bólusetninga

Forseti Bandaríkjanna hafði áður sagt MMR-bóluefnið tengt einhverfu. Hugmyndin um að bóluefni gegn mislingum geti valdið einhverfu er afar lífseig en alröng. Mislingatílfelli í Bandaríkjunum ekki verið fleiri á þessari öld. Hlutfall bólusettra lækkar.

**BANDARÍKIN** Bólusetningar eru afar mikilvægar og því ættu Bandaríkjamenn að láta bólusetja sig við mislingum. Þetta sagði Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, þegar blaðamenn spurðu hann um mislingafaraldur vestanhafs á lóð Hvíta hússins í gær.

Trump hefur áður tjáð sig um bólusetningar og þá á óvísindalegri nótum. Í kappdræmum Repúblikana fyrir forsetakosningarnar 2016 sagði forsetinn að hann væri hlynntur smærri skömmtum bóluefnis yfir lengri tíma. „Einhverfa er orðin faraldur. Fyrir 25 eða 35 árum, þú getur kíkt á tölfræðina, ekki nærri því. Þetta er orðið stjórnláust. Ég er algjörlega hlynntur bólusetningum en ég vil smærri skammta yfir lengri tíma,“ sagði Trump þá.

Forsetinn hafði einnig tengt bólusetningar við einhverfu árin 2012 og 2014. Í tísti árið 2014 sagði hann: „Heilbrigt, ungt barn fer til læknis sem dælir í það úr risavaxinni sprautu með mörgum bóluefnum. Barninu líður ekki vel og það breytist, EINHVERFA. Mörg slík tilfelli!“

Mýtan um að bólusetningar valdi einhverfu er lífseig. Hún á rætur sínar að rekja til rannsóknna breska fyrrverandi læknisins Andrews Wakefield. Sá var sviptur læknisréttindum sínum fyrir að birta falsaðar niðurstöður í grein þar sem hann sagði tengsl milli MMR-bóluefnisins, við mislingum,



Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, var öllu visindalegri í málflutningi sínum um bólusetningar í gær en hann hefur áður verið. NORDICPHOTOS/AFP

**Heilbrigt, ungt barn fer til læknis sem dælir í það úr risavaxinni sprautu með mörgum bóluefnum. Barninu líður ekki vel og það breytist, EINHVERFA.**

Donald Trump árið 2014.

hettusótt og rauðum hundum, og einhverfu.

Árið 2010 komst gerðardómur læknisfræðiráðs Bretlands (GMC) að þeirri niðurstöðu að Wakefield hefði í fjórgang sýnt óheildarleika við rannsóknina. Læknisfræðitímariði Lancet dró í kjölfarið til baka grein Wakefields, birta árið 1998, og Richard Horton ritstjóri sagði tímaritið hafa verið blekk.

Síðan Wakefield birti sínar röngu niðurstöður hafa fleiri rannsóknir verið gerðar á tengslum MMR-bóluefnis og einhverfu. Dönsk rannsókn frá því í mars síðastliðnum á 657.461 barni, fæddum á milli 1999 og 2010 í Danmörku, leiddi til að mynda í ljós að MMR-bóluefni eykur ekki líkur á einhverfu.

Ítrekað hefur verið greint frá erfðri stöðu vegna mislinga í Bandaríkjunum undanfarna mánuði. Í Rockland-sýslu í New York var

óbólusettum börnum um skeið gert að forðast almenningsrými vegna faraldurs og í New York-borg voru íbúar í Williamsburg skyldaðir til að láta bólusetja sig svo fátt eitt sé nefnt.

Bandaríska smitsjúkdómavarnastofnunin CDC greindi frá því á mánudag að 626 mislingatílfelli hefðu nú verið staðfest í 22 ríkjum Bandaríkjanna. Raunveruleg tala er líklega hærra enda ekki öll tilfelli tilkynnt og nær talan ekki nema til 19. apríl síðastliðins. Á miðvikudag greindi CDC svo frá því að talan stæði nú í 695 og hefur fjöldinn ekki verið meiri frá árinu 2000.

Hlutfall bólusettra hefur lækkað í Bandaríkjunum undanfarið ár. Rétt rúm níutíu prósent ungbarna eru bólusett en til þess að hjarðónæmi myndist gegn sjúkdómi þarf hlutfall bólusettra að vera 95 prósent. Í ýmsum hverfum New York-borgar getur hlutfall bólusettra farið alveg niður í sextíu prósent.

Mislingar eru um þessar mundir vandamál víðar en í Bandaríkjunum. Í Farsóttufréttum sem birtust í vikunni kom fram að mislingatílvik hefðu ítrekað komið upp um borð í flugvélum sem hafa haft viðkomu hér á landi frá árinu 2016. Greint var frá því enn fremur að óbólusettur, fullorðinn karlmaður hefði komið til landsins með flugi í febrúar og smitað sex einstaklinga. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)



**Landsvirkjun**

Landsvirkjun auglýsir eftir samstarfsaðilum að verkefninu **Margar hendur vinna létt verk** sumarið 2019.

Landsvirkjun hefur um áratugaskeið starfrækt sumarvinnuflokka ungs fólks. Hóparnir sinna uppbyggingu og fegrun starfsstöðva Landsvirkjunar og vinna jafnframt að ýmsum samstarfsverkefnum víða um land. Samvinna sumarvinnuflokka Landsvirkjunar og félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana hefur skilað sér í auknum umhverfisgæðum og betri aðstöðu til útivistar og ferðamennsku.

Í boði er vinnuframlag sumarvinnuflokka og flokksstjórn yfir þeim. Verkefnið lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.

Óskað er eftir að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni. Umsóknarform með nánari upplýsingum er að finna á vef Landsvirkjunar, [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is).

Fyrirspurnir sendist á netfangið [lettverk@landsvirkjun.is](mailto:lettverk@landsvirkjun.is).

Umsóknarfrestur er til og með 19. maí 2019. Umsóknarform er að finna á [landsvirkjun.is](http://landsvirkjun.is).



Gríðarlegt tjón varð er Iðai skall á Mósambík nú í mars. NORDICPHOTOS/AFP

## Annar manndrápsstormur skellur á Mósambík

**MÓSAMBÍK** Að minnsta kosti einn er látinn eftir að hitabeltislægðin Kenneth gekk á land í Mósambík á fimmtudag. Frá þessu greindu stjórnvöld í Afríkuríkinu í gær.

Þetta er annar mannskæði stormurinn sem hrellir Mósambík á einungis sex vikum en rúmlega þúsund fórust þegar Iðai reid yfir Mósambík og nágrennalönd í síðasta mánuði.

Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum hefur rúmlega þrjátíu þúsund manns verið gert að yfirgefa heimili sín vegna Kenneths. Talið er að sjötíu þúsund séu í bráðri hættu vegna stormsins.

Meðalvindhraði Kenneths var

77,8 metrar á sekúndu þegar stormurinn gekk á land. Hann olli því gríðarlegu tjóni í norðurhluta ríkisins. Hús hrundu, tré rifnuðu upp með rótum og víða varð rafmagnslost. Sjávarflóð vegna Kenneths hafa einnig valdið töluverðu tjóni.

Mark Lowcock, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna á sviði mannréttindamála, sagði að þörf væri á öðru stórfelldu mannúðarárætti í Mósambík vegna stormsins.

„Þetta er í fyrsta skipti sem tvær hitabeltislægðir ganga á land í Mósambík með svo stuttu millibili,“ sagði hann. – þea

## Hyggst ekki segja af sér

**SRI LANKA** Ranil Wickremesinghe, forsætisráðherra Sri Lanka, hefur ekki í huga að segja af sér. Þetta sagði hann við BBC í gær. Ítarlega hefur verið fjallað um það undanfarna daga að srilanska leyniþjónustan fékk upplýsingar um að hryðjuverkaárásir gætu verið yfirvofandi. Upplýsingarnar komust ekki til stjórnsvalda og svo fór að um 250 fórust í árasum á páskadag.

Nú þegar hefur varnarmálaráðherra sagt af sér vegna málsins. Srilanskir stjórnálmenn hafa sagt að ef upplýsingarnar hefðu komist

á réttan stað hefði mögulega verið hægt að koma í veg fyrir árásirnar eða takmarka skaðann.

„Ef við hefðum haft einhverja hugmynd en ekki gert neitt í málinu þá hefði ég sagt af mér tafarlaust. En hvað á maður að gera þegar maður fær ekki neinar upplýsingar?“ spurði Wickremesinghe í viðtalinu.

Maithripala Sirisena forseti greindi frá því í gær að Zahran Hashim, öfgafullur predikari og meintur höfuðpaur árasanna, hafi látist er hann gerði árás á Shangri-La hótelið í Colombo. – þea



## TÆKNI

## Samsung þjarmar að iFixit vegna Galaxy Fold

Suðurkóreski tæknirísinn Samsung skipaði tækniviðgerðafyrirtækinu iFixit að fjarlægja myndband af YouTube-rás sinni þar sem sjá mátti Samsung Galaxy Fold, hinn væntanlega samanbrjótanlega snjallsíma Samsung, tekinn í sundur.

„Við fengum Galaxy Fold í gegnum samstarfsaðila. Samsung fór

fram á það við samstarfsaðilann að iFixit fjarlægði myndbandið. Við erum ekki skyldug til þess að gera það en í virðingarskyni höfum við ákveðið að fjarlægja myndbandið þar til við getum keypt Galaxy Fold er hann fer í almenna sölu.“ sagði í tilkynningu iFixit.

Samsung svaraði ekki fyrirspurn

tæknimiðilsins The Verge um málið. Það liggur hins vegar fyrir að Samsung hefur átt í nokkru basli með þennan síma að undanfögnu.

Fyrr í vikunni var greint frá því að Samsung hefði innkallað alla Galaxy Fold frá gagnrýnendum og tæknibloggurum til þess að skoða frekar alvarlegan galla. Gagnrýn-

endur og blogggarar höfðu margir hverjir lent í því að innri skjár símans skemmdist við minnsta eða jafnvel ekkert sjáanlegt áreiti. Þá hefur Samsung einnig frestað því að síminn verði settur í sölu vegna vandans. Talið er að gallann megi rekja til núnings sem myndast við hjarir símans. – þea



Fallegur en brothættur Samsung Galaxy Fold. NORDICPHOTOS/AFP



Frá E3 ráðstefnunni. NORDICPHOTOS/AFP

## Væntingunum verið stillt í hóf

Risavaxna tölvuleikjaráðstefnan E3 nálgast óðfluga og getgátur og vangaveltur um hvað stóru fyrirtækin ætli að kynna fara eins og eldur í sinu um veraldarvefinn. Þessar vangaveltur hafa að miklu leyti verið um næstu kynslóð leikjatölva eða þá uppfærslur á hinni tiltölulega nýju Nintendo Switch.

Langt er síðan núverandi kynslóð leikjatölva kom á markað. Playstation 4 frá Sony kom á markað í nóvember 2013 og Xbox One frá Microsoft í sama mánuði. Nintendo Wii U kom á markað ári fyrr en seldist ekki sem skyldi. Nintendo dreif sig í að gefa út sína næstu leikjatölvu, Nintendo Switch, sem hefur selst einkar vel frá því hún kom á markað í mars 2017.

Orðrómur um að Nintendo ætli að kynna ódýrari útgáfu af Switch á næstunni, jafnvel á E3, virðist ekki á rökum reistur. Í samtali með hluthöfum í vikunni blés Nintendo á þennan orðróm. Þá er vert að nefna að Sony tilkynnti í fyrra að fyrirtækið ætlaði ekki að halda stærðarinnar blaðamannafund á E3 líkt og venjulega. – þea

## Zuckerberg óttast alræðisríki

Forstjóri Facebook óttast kröfur um að persónuleg gögn verði vistuð í gagnaverum í hverju landi fyrir sig. Vill ekki að alræðisríki geti stolið upplýsingum um þegna sína. Ætlar að hundsá allar slíkar kröfur.

Mark Zuckerberg, stofnandi og forstjóri Facebook, varar við því að ríki heims geri kröfu um að stafræn gögn um ríkisborgara verði vistuð í hverju landi fyrir sig. Það gæti leitt til þess að alræðisríki steli upplýsingum um þegna sína og nýti í annarlegum tilgangi. Þetta sagði Zuckerberg í um níutíu mínútna viðtali við sagnfræðinginn Yuval Noah Harari sem birtist í gær.

Kæmi til þess að krafa sem þessi yrði gerð sagði Zuckerberg að Facebook myndi einfaldlega neita að hlýða. Fyrirtækið myndi ekki setja upp gagnaver í alræðisríkjum og þannig stefna viðskiptavinum sínum í hættu. Slík lög eru nú þegar til staðar í Rússlandi og Kína.

„Ef ég væri í ríkisstjórn gæti ég sent herinn á svæðið og tekið þau gögn sem ég vildi. Tekið þau til þess að stunda eftirlit eða gera árásir. Mér finnst það hljóma eins og afar slæm framtíð. En við erum ekki á þeirri vegferð. Sem aðili sem er að byggja upp vefþjónustu, eða bara sem almennur borgari, vil ég ekki sjá þessa þróun,“ sagði Zuckerberg og bætti við:

„Ef ríkisstjórn getur nálgast persónuleg gögn þín getur hún komist að því hver þú ert, læst þig inni, meitt þig og fjölskyldu þína



Zuckerberg óttast ekki afleiðingarnar. NORDICPHOTOS/AFP

og valdið þér alvarlegum líkamlegum skaða.“

Zuckerberg sagði aukin heldur í samtali með hluthöfum fyrr í vikunni að Facebook gerði sér fullkomlega grein fyrir því að starfsemi fyrirtækisins í alræðisríkjum gæti verið bönnuð ef það hlýddi ekki kröfum sem þessum.

Viðtalið við Harari sagði Zucker-

berg að væri liður í átaki hans fyrir árið 2019 þar sem hann ætlaði að ræða oft og ítarlegar um framtíð veraldarvefsins og stafræns samfélags á opinberum vettvangi. Leiða má líkur að því að Zuckerberg hafi tekið þessa ákvörðun eftir þá álitshnekki sem hann og Facebook og hafa beðið undanfarin misseri. Facebook hefur gengið í gegnum

●● Ef ríkisstjórn getur nálgast persónuleg gögn þín getur hún komist að því hver þú ert, læst þig inni, meitt þig og fjölskyldu þína.

Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook

erfiða og alvarlega röð hneykslismála sem snúa mörg hver að öryggi stafrænna, persónulegra gagna. Til dæmis má nefna Cambridge Analytica-hneykslið, þar sem ráðgjafarfyrirtæki nýtti gögn Facebook-notenda í pólitískum tilgangi, öryggisgalla sem ollu því að hakkarar komust yfir milljónir lykilorða og gerðu persónulegar ljósmyndir óvart aðgengilegar öllum, deilingu persónulegra gagna með öðrum stórfyrirtækjum og notkun ófgamanna á samfélagsmiðlum fyrirtækisins sem auðvelduðu þeim að beita ofbeldi. Þá er ótalin þáttur Facebook í afskiptum Rússa af bandarísku forsetakosningunum en gríðarlegur fjöldi falsfrétta komst í mikla dreifingu á samfélagsmiðlinum. thorgnir@frettabladid.is



## Dugnaðarforkurinn Sprinter frá Mercedes-Benz.

Hörkuduglegur og traustur Sprinter vill komast í krefjandi verkefni. Getur hafið störf strax. Hagstætt rekstrarleiguverð í boði.

Sprinter sendibíll

Verð frá 6.200.000 kr. með vsk.

Rekstrarleiga frá 147.300 kr. með vsk. á mánuði

mercedes-benz.is/vans

Mercedes-Benz

Vans. Born to run.



#mínbarátta

# Baráttan heldur áfram

## 1. MAÍ ER BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐSINS

Árleg áminning um mátt samstöðunnar og nauðsyn áframhaldandi baráttu fyrir réttlæti og mannsæmandi lífskjörum fyrir alla.

## HÁTÍÐARDAGSKRÁ Á KLAMBRATÚNI

### Kl. 11.30 – Upphitun fyrir kröfugöngu

- Jónsi, Ípróttaálfurinn og Solla stírða hefja skemmtun og stjórna upphitun fyrir fjölskylduhlaupið
- Fjölskylduhlaup VR – allir fá verðlaunapening
- Kröfuskiptagerð
- Grillvagninn grillar pylsur og bulsur
- Sýning frá Sirkus Íslands
- Jói P og Króli
- Marserað að Hlemmi með Jónsa og Lúðrasveit verkalýðsins

### Kl. 13.30

- Kröfuganga leggur af stað frá Hlemmi

### Kl. 14.00

- Baráttufundur á Ingólfstorgi

Verkalýðskaffi í anddyri Laugardals-hallar að baráttufundi loknum.



# TRAUSTIR BÍLAR O

## HJÁ BRIMBORG



### VOLVO V60 CROSS COUNTRY AWD

2.0 dísil, 190 hö, sjálfskiptur, AWD

Veghæð 21 cm, veglínuskynjari, Borgaröruggi sem nemur m.a. gangandi og hjólandi vegfarendur, Webasto vélarhitari, 9" skjár í miðjustokki, Volvo On Call samskiptakerfi, regnskynjari, brekkubremsa, Clean Zone loftræstikerfi, LED dagljós, Volvo „High Performance“ hjómtækni, langbogar ofl.



### FORD FOCUS

1.0 bensín, 100 hö, beinskiptur, FWD

Staðalbúnaður Ford Focus er á pari við margan lúxusbílinn. Árekstrarvari að framan, nemur einnig gangandi og hjólandi vegfarendur, veglínuskynjari, umferðaskiltalesari, 16" Trend Edition álfelgur, brekkuaðstoð, LED dagljós með birtuskynjara, hraðatakmarkari, SYNC3 raddstýrt samskiptakerfi með neyðarhringingu í 112, Apple CarPlay og Android Auto, 6,5" snertiskjár, My Key (forritanlegur lykkill með takmörk á hámarkshraða, hjóðstyrk hjómtækja ofl.), Easy fuel eldsneytisfylling án loks. Einnig fáanlegur sjálfskiptur og station



Verð frá:  
6.990.000 kr.



Verð frá:  
3.190.000 kr.

NOKKRAR UMSAGNIR ÚR DAGLEGUM ÞJÓNUSTUKÖNNUNUM BRIMBORGAR Í MARS OG APRÍL 2019:

**„Frábærir bílar, góð þjónusta. Peugeot alla leið!“**

Friðrik Ómar Hjörleifsson

**„Góð reynsla, ánægjulegt.“**

Bragi Snæþór Kristinsson

**„Mjög ánægður með alla þjónustu. Hjálpssemi, fagmennska og sanngirni.“**

Tryggvi Rafn Tómasson

**„Ég hef ekkert nema gott af sölumönnum og öðrum þjónustustarfsmönnum verkstæðis Brimborgar að segja, allt frá því að ég eignaðist minn fyrsta Volvo árið 2007. Þeir hafa verið einstaklega liðlegir, traustir og skilningsríkir á vandræði mín og bílaparfir, beint mér nákvæmlega á þá bíla sem hafa hentað mér hverju sinni og sýnt mikla sanngirni í öllum sínum viðskiptum.“**

Gísli Sigurðsson

**„Hann nafni minn Haraldsson er frábær í viðmóti.“**

Eiríkur Björn Barðason

**„Í fyrsta skipti að prófa Volvo og náði strax áhuga mínum. Búin að vera á sömu góðu jeppategundinni í 10 ár en nú er ég tilbúin í að skipta yfir í Volvo!“**

Guðbjörg Sigríður Finnsdóttir

**„Frábær þjónusta frá fyrstu fyrirspurn til þess að ég fór á nýjum bíl frá ykkur.“**

Davíð Jóhannsson

**„Mjög góð þjónusta, sem endaði með kaupum á nýjum bíl og afhendingu á miklum hraða. Menn tilbúnir að taka til hendinni fyrir landsbyggðarfólk.“**

Haukur Guðjónsson

**„Ég vil þakka Magnúsi fyrir að aðstoða mig við kaupin! Þetta kom mér skemmtilega á óvart því ég var alls ekki í bíla hugleiðinga skiptum. Magnús var einstaklega vinsamlegur. Takk fyrir mig. Ég er mjög ánægð með bílinn.“**

Jóhanna Stefánsdóttir

**„Frábær þjónusta í alla staði.“**

Hilda Allansdóttir

**„Lipurð, starfsfólk reynir sitt allra besta til að verða að liði. Fékk bíl yfir helgi, 10 stjórnur.“**

Marteinn A Marteinsson



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 8  
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

brimborg.is

# OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Framúrskarandi þjónusta er óaðskiljanlegur hluti af öruggum stað. Í Brimborg bjóðum við yfir 500 gerðir ríkulega búinna bíla á frábæru verði og við leggjum okkur öll fram um að tryggja öllum viðskiptavinum

okkar framúrskarandi þjónustu. Við erum stolt af því að viðskiptavinir okkar hafa gefið okkur framúrskarandi einkunn og sent okkur mikinn fjölda lofsamlegra ummæla. Takk fyrir að leyfa okkur að birta þau.



## MAZDA CX-5 Vision SUV

2.0 bensín, 165 hö, sjálfskiptur, FWD

SkyActiv spartækni, snjallhæmlunarkerfi, blindpunktsaðvörðun, háþrúð i-Activsense árekstrarvarnartækni og brekkuaðstoð gerir það að verkum að Mazda CX-5 er búinn öllu því besta frá Mazda. Auk þess er Mazda CX-5 með veglínuskynjara með hjálparátaki, ökumannsvaka og hraðastilli. Einnig fáanlegur fjórhjóladrifinn.



## PEUGEOT 5008 ALLURE SUV

1.2 bensín, 130 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn, 7 sæta

Sjö sæta, rúmgóður bíll með hárrí sätisstöðu. Staðalbúnaðurinn er ríkulegur eins og t.d. 18" ólfelgur, i-Cockpit mælaborð, ökumannsvaki, veglínuskynjun, hraðastillir, nálægðarskynjarar að framan og aftan, þráðlaus símahleðsla, Apple CarPlay og Android Auto og 8" margmiðlunarskjár.



## CITROËN C5 AIRCROSS FEEL SUV

1.5 dísil, 130 hö, sjálfskiptur, FWD

Kraftmikil vél, 8 þrepa sjálfskipting og öflug Grip Control spólvörn, 23 cm veghæð, breið sæti með hárrí sätisstöðu og Progressive Hydraulic Cushions fjöðrunarkerfið gera þennan nýja jeppa að tímamótabíl frá Citroën. Ríkulegur staðalbúnaður og 20 aðstoðarkerfi tryggja öryggi í akstri. Citroën C5 Aircross er með stærsta farangursrýmið í sínum flokki.



Verð frá:  
5.380.000 kr.



Verð frá:  
5.140.000 kr.



Verð frá:  
4.640.000 kr.

„Takk fyrir góða þjónustu hjá sölumönnum Mazda.“

Sverrir Thoroddsen

„Fagmannlegur, vinalegur og hreinskilinn sölumaður. Mjög ánægður í alla staði.“

Freyr Sigurðarson

„Frábær þjónusta og sérstaklega þægilegt viðmót. Pétur [söluráðgjafi] á hrós skilið.“

Sigrún Þorleifsdóttir

„Þjónustan hjá Brimborg er til fyrirmyndar. Ég hef ávallt fengið fyrirtaks þjónustu. Takk fyrir mig.“

Jón Kristinn Haraldsson

„Snögg og góð þjónusta!“

Gunnar Freyr Einarsson

„Pétur Mar er alveg sérstaklega þjónustulipur og gott að eiga samskipti við. Ef ég á eftir að kaupa fleiri bíla verður það örugglega Volvo. Það er alveg topp þjónusta hjá Brimborg.“

Kristján Sigurður Finnsson

„Mjög góð þjónusta! Ekkert bull, menn eru hreinskilnir og fá sko punkta fyrir það!“

Garðar Axel Torfason

„Einstök þjónusta.“

Einar Þór Einarsson

„Fékk frábæra þjónustu hjá honum Agli Sverrissyni, flottur sölumaður, mæli hiklaust með honum.“

Bernókus Alfreðsson

„Virkelega ánægður með sölumanninn sem seldi mér bílinn og bílinn sjálfan. Á eftir að eiga viðskipti við ykkur aftur.“

Arnar Guðnason

Birt með góðfúslegu leyfi

OPIÐ Í DAG  
KL. 12-16

- Komdu og upplifðu góða þjónustu hjá Brimborg í dag!

## Sviðsljósffíklar



Kristin Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

Hávarar umræður eiga sér stað um Þriðja orkupakkann. Margir góðkunningjar íslenskrar þjóðmálaumræðu hafa látið til sín taka; Guðni Ágústsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Davíð Oddsson og fleiri.

Síðast heyrðist enn einu sinni frá Styrmi Gunnarsyni, fyrrum ritstjóra Morgunblaðsins en hann er í samtökum Orkan okkar sem leggst gegn Þriðja orkupakkanum. Styrmir sagði baráttu samtakanna snúast um „föðurlandsást“ og „þjóðerniskenn“.

Raunar gekk hann enn lengra og sagði sömu kenndir grundvöll Brexit-hreyfingarinnar um útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Óvíst er hvort Styrmir hafi lagst í djúpa greiningu á Brexit-ferlinu, en samlíkingin er í besta falli óheppileg. Hreyfingin um Brexit snerist öðru fremur um metorðagírni einstaklinga innan Íhaldsflokksins, sérstaklega Boris Johnson og Michaels Gove, og svo Theresu May sem taldi það þjóna eigin hagsmunum að fara huldu höfði í baráttunni.

Morguninn eftir kjördag viðurkenndu forvígismenn Brexit að þeirra helstu fullyrðingar hefðu verið samhengislausar lygar. Það losna engar 350 milljónir sterlingspunda í viku hverri við útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Hvað þá að slíkum fjármunum sé hægt að veita í heilbrigðiskerfið.

Eftirmál Brexit hafa einkum snúist um að vinda ofan af niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Amennt er viðurkennt að sársaukalausast sé að breyta sem minnstu í sambandi Bretlands við Evrópusambandið. Það hefði því betur verið heima setið en af stað farið. Merkilegt er ef gamli ritstjórinn ætlar að gera Brexit-klúðrið að rómantískri fyrirmynd fyrir íslenskra andstæðinga Þriðja orkupakkans.

Kannski missti Styrmir út úr sér kjarna málsins. Er það ætluð Orkunna okkar að heyja baráttu í anda Brexit? Á að þjaga sannleikann og búa til hliðstæðan veruleika þar sem vegið er að sjálfstæði þjóðarinnar? Ýmislegt bendir til þess, en að baki fylkingunni standa annars vegar landsþekktir popúlistar og hins vegar gamlar kempur sem eygja síðasta möguleikann á að kreista lokageislana úr sviðsljósinu.

Flestir ef ekki allir málmetandi stjórnálamenn og sérfræðingar sem hafa tjáð sig telja að í tilskipuninni felist hvorki framsal á fullveldi né yfirráðum yfir orkuauðlindum – treystum eigin dómgreind og sérfræðinga en ekki þekktra hestahvislara.

Ef baráttu andstæðinga orkupakkans snýst um að Ísland dragi sig út úr alþjóðasamstarfi með uppsögn EES-samningsins er best að það sé sagt. Þá er hægt að eiga opna og hreinskiptna umræðu, enda er það svo í samningsbundnu samstarfi að ekki verður bæði sleppt og haldið. Ísland, líkt og Bretland, er eyja og enn einangraðri í alþjóðlegu tilliti. Stærstur hluti lífsgæða okkar er tilkominn vegna samskipta við aðrar þjóðir. Ekkert eitt hefur skipt meira máli í því en EES.

Fólk ætti að horfa í kringum sig og átta sig á því að öll okkar tilvera byggist á óhindruðum milliríkjasamskiptum. Hvort sem það er billykillinn í vasanum eða kaffið í krúsinni. Íhugum það áður en við trúum orði frá gömlu sviðsljósffíklunum.

Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Okkar eigin Trump

Í vikunni birtist frétt í Fréttablaðinu undir fyrirsögninni „Ílengist í dómsmálum“. Fjallaði hún um að nýr dómsmálaráðherra yrði líklega ekki skipaður fyrr en eftir að Alþingi fer í sumarfrí. Fréttin lét lítið yfir sér. Hún fangaði hins vegar eitt stærsta mein stjórn mála samtímans.

Dómsmálaráðuneytið tilkynnti nýverið að íslensk stjórnvöld ætluðu að vísa Landsréttarmálinu svokallaða til yfirdeildar Mannréttindadómstóls Evrópu en í mars komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ólöglega hefði verið staðið að skipan dómara við Landsrétt. Í kjölfarið steig Sigríður Andersen til hliðar sem dómsmálaráðherra og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir tók við embættinu tímabundið sem hún sinnir samhlíða starfi sínu sem ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar.

Í fyrirnefndri frétt kom fram að samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sé líklegasta ástæðan fyrir tófa varanlegri skipun dómsmálaráðherra sú að verið sé að reyna að „halda ró“ innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins, „en þeir þingmenn sem hafa áhuga á embættinu séu líklegri til að vera samstarfsfúsir meðan embættinu er óráðstafað“. Þar að auki er Sigríður Á. Andersen „sögð mjög áfram um að setjast aftur í stól dómsmálaráðherra“.

## Óvissuástand

Landsréttarmálið veikti tiltrú almennings á dómkerfinu. Áfrýjunin til yfirdeildar Mannréttindadómstólsins framlengir réttaróvissu í landinu. Til hvaða ráðstafana hyggjast stjórnvöld gripa?

Að því er virðist: Ekki nokkurra. Ingibjörg Þorsteinsdóttir, formaður Dómarafélagsins, lýsti nýverið yfir áhyggjum af „því óvissuástandi sem uppi er varðandi Landsrétt“ og sagðist „sakna þess að sjá ekki frekari ákvarðanir um það hvað gera skuli nú þegar og til næstu framtíðar“.

Daginn sem Sigríður Andersen steig til hliðar sem dómsmálaráðherra veitti Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, fjölmiðlum viðtal. Hann sagði dóm Mannréttindadómstólsins hafa komið sér „í opna skjöldu“ og eins og aðrir

virtist hann lítið vita hvað gerðist næst en margir hlutir yrðu bara „að koma í ljós“. Eitt var hann þó alveg með á hreinu: Annaðhvort yrði fenginn „ráðherra úr ríkisstjórninni til að gegna embætti“ dómsmálaráðherra eða „það kæmi einhver úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins í stól dómsmálaráðherra“.

## Óskammfeilnir popúlistar

„Það er ekkert sem stjórn mála-elítan gerði ekki, lygi ekki til um, til að viðhalda yfirburðum sínum og völdum á kostnað okkar hinna,“ sagði Donald Trump í kosninga-baráttu sinni.

Óskammfeilnir popúlistar ná nú undirtökum víða um heim – Trump í Bandaríkjunum; Brexit-liðar í Bretlandi. Vegferð þeirra til valda er víðast hvar sú sama. Þeir nýta sér sívaxandi tortryggni í garð stjórn mála-fólks til að grafa undan hefðbundnum stjórn málu, opinberum stofnunum og lýðræðislegum leikreglum. Nálgin er ekki úr lausu lofti gripin. Ósjaldan virðist stjórn mála-mönnum meira annt um eigin hag en hag þeirra sem þeim var falið að gæta.

Landsréttur brennur og það er enginn að slökkva eldinn. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins stara á dómsmálaráðuneytið eins og hýenur sem horfa sultaraugum á hræ. Þótt formaður Sjálfstæðisflokksins hafi ekki hugmynd um hvað er að gerast veit hann samt alltaf eitt: Það þarf ekki fagmanni í verkið heldur flokksjalk. Forsætisráðherra yppir öxlum eins og pólitískar útbýtingar séu Mónópólí – leikreglurnar standa í bæklingnum og maður fylgir þeim bara. Við Íslendingar höfum ekki enn eignast okkar eigin Trump. Það má þó vel vera að hann sé nú þegar kominn fram á sjónarsviðið; að hann biði á lengdar, í felum fyrir allra augum, svona eins og „Hvar er Valli?“ (nei, ég er ekki að tala um Loga Má Einarsson þótt hann sé gjarnan í röndótttri peysu).

Þangað til Trump okkar Íslendinga kys að láta til skarar skríða undirbýr Sjálfstæðisflokkurinn jarðveginn fyrir málflutning hans og leikur hlutverk stjórn mála-elítunnar sem er tilbúin til að gera allt til að „viðhalda yfirburðum sínum og völdum á kostnað okkar hinna“.


AÐALFUNDUR  
Hallgrímssafnaðar

Sunnudaginn 5. maí kl. 12.30 er boðað til aðalsafnaðarfundar Hallgrímssafnaðar í Suðursal Hallgrímskirkju.

## Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstórf  
Kosning í aðal- og varastjórn  
Kosning í kjörnefnd  
Önnur mál

Sóknarnefnd Hallgrímskirkju







# ALLT FYRIR SVEFNHERBERGIÐ

NORTH  
BEDS  
SCANDINAVIAN SLEEPING

WWW.ILVA.IS/NORTHBEDS

20%  
AF NORTH BEDS OG  
FRÍ HEIMSENDING Á  
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU  
18. - 29. APRÍL

### LYSEFJORD N°5859

120x200 cm 99.900 kr. Nú 79.920 kr.  
160x200 cm 129.900 kr. Nú 103.920 kr.  
180x200 cm 139.900 kr. Nú 111.920 kr.

25  
ÁRA  
ÁBYRGÐ

ACTIVE SONE  
SYSTEM



DESIGNED  
IN NORWAY  
PRODUCED IN EUROPE



20%  
AF ÖLLUM  
RÚMFÖTUM

Söodahl

SÖDAHL Tuberosus pea, rúmföt. 140x200/60x63 cm. 14.995 kr. Nú 11.996 kr.

20%  
AF ÖLLUM  
KOMMÓÐUM &  
NÁTTBORÐUM

TIMAN náttborð. 1 skúffa + 1 hurð. 47x40x71 cm. 29.900 kr. Nú 23.920 kr.

20%  
AF ÖLLUM SÆNGUM  
OG KODDUM

DREAM ANYLETT sæng. 135x200 cm. Dúntrefjar. 100gr. 7.995 kr. Nú 6.396 kr.  
DREAM koddur. 60x63 cm. 3 hölf. Viscos. 3.995 kr. Nú 3.196 kr.

APRÍL TILBOÐ  
WWW.ILVA.IS

SESSA hornsófi. Grátt áklæði. L327 x D210 cm. 199.900 kr. Nú 129.900 kr.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 [www.ilva.is](http://www.ilva.is)  
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND



INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

LA Z BOY® | *Live life Comfortably.*

# LA-Z-BOY

## HELGARTILBOÐ Í HÖLLINNI



### LEVI

La-z-boy hægindastóll.  
Grátt eða svart áklæði.  
Stærð: 85 x 92 x 106 cm

**89.993 kr.** ~~119.990 kr.~~



LA Z BOY

### LEVI

La-Z-Boy stóll.  
Svart leður.  
Stærð: 85 x 92 x 105 cm

**127.493 kr.** ~~169.990 kr.~~



LA Z BOY

### RIALTO

La-Z-Boy stóll.  
Grátt áklæði.  
Stærð: 80 x 90 x 105 cm

**82.493 kr.** ~~109.990 kr.~~



LA Z BOY

### ETHAN

La-Z-Boy stóll.  
Brúnt leður.  
Stærð: 81 x 103 x 109 cm

**164.993 kr.** ~~219.990 kr.~~



### FRIDAY

Fjölskyldusófi, hægri eða vinstri tunga.  
Dökkgrátt áklæði.  
Stærð: 330 x 230/170 x 90 cm

**223.992 kr.**  
~~279.990 kr.~~



**VENICE** 3ja sæta sófi. Blátt sléttflauel.  
Stærð: 216 x 85 x 77 x cm

**111.993 kr.**  
~~159.990 kr.~~



### ANDREA

Hornsófi. Hægri eða vinstri tunga.  
Svart leður. Bonded á hliðum.  
Stærð: 242 x 197 x 88 cm

**319.992 kr.**  
~~399.990 kr.~~



### NATUZZI EDITIONS C019

Vandaður 3ja sæta sófi.  
Grátt hágæða leður.  
Stærð: 236 x 81 x 81 cm

**389.993 kr.**  
~~519.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

[www.husgagnahollin.is](http://www.husgagnahollin.is)  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 29. apríl eða á meðan birgðir endast.

# HELGARTILBOÐ Í HÖLLINNI



## MICHIGAN

Borðstofuborð  
úr hvíttaðri  
eða olúborinni  
gegnheilli eik  
og olúborinni  
hnotu.

Olúborin eða hvítolúborin eik  
**305.999 kr. -359.999 kr.**



MICHIGAN borðstofuborðið  
er 101 cm breitt, 205 cm langt og hæðin er 74 cm. Það er  
stækkanlegt í 361 cm með þremur stækkunum sem fylgja. Einnig er hægt að fá við-  
bótarstækkanir og með þeim hægt að stækka borðið í 511 cm sem þá rúma sæti 20 manns.

## BELINA

Borðstofuborð,  
viður/hvitt.

Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**79.990 kr. -99.990 kr.**



## DIALMA BROWN

Borðstofustóll.

Úr mótuðu svörtu beiki.

**22.094 kr. -33.990 kr.**



## CAZAR

Hægindastóll.

Svart PU-leður og svartir viðarfætur

**26.243 kr. -34.990 kr.**



## ALEXA

Svart eða brúnt vandað leður.  
Fætur úr burstuðu stáli.

**23.992 kr. -29.990 kr.**



## MICHELLE

Borðstofustóll. Svart eða koníaks-  
brúnt PU-leður og svartir fætur.

**14.392 kr. -17.990 kr.**



VEFVERSLUN  
[www.husgagnahollin.is](http://www.husgagnahollin.is)  
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN



HÚSGAGNA  
HÖLLIN

**Íslandsmótið hófst að Hlíðarenda**

Pepsi max-deild karla hófst í gærkvöldi með leik Vals og Víkings á Origo-vellinum að Hlíðarenda. Umferðinni lýkur svo með fimm leikjum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ **+PLÚS** Fleiri xxxxxxxxxxxxxxxx er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

**Gengið frammar væntingum**

Endurhæfingarferli Ásdísar Hjalmsdóttur hefur gengið eins og í sögu og er hún á réttri leið fyrir fyrsta mót ársins í næsta mánuði. Ásdís er hægt og bitandi að auka hraðann á æfingunum stefnir á HM í haust.

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Spjótkastarinn Ásdís Hjalmsdóttir er óðum að nálgaast fyrri styrk þessa dagana eftir baráttu við erfið bakmeiðsli. Það kom í ljós að neðst í mjóbakinu var sprunga vegna álags og þurfti hún því að taka sér hvíld frá æfingum með spjótíð síðasta haust. Aðspurð sagðist hún ekki finna fyrir þessum meiðslum í dag þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hennar.

„Það er erfitt að segja hvort þetta sé búið að ná sér að fullu en ég finn ekki til í bakinu þar sem álagsbrotið var. Ég er þínu viðkvæm fyrir því að vöðvar í bakinu stífni en þá er líkaminn fljótur að láta mig vita. Álagsbrotið hefur ekki verið til ama, ég hef verið að kasta á fullu og ég hef ekki fundið fyrir þessu.“

Hún tók undir að það væri léttir að vandræðin væru vonandi að baki.

„Það er virkilega góð tilfinning, þetta er búið að ganga betur en ég vonaðist til. Þegar maður er að glíma við svona meiðsli er alltaf von á bakslagi en það hefur ekki gerst ennþá.“

Ásdís er þessa dagana að æfa í Svíþjóð og undirbúa sig fyrir fyrsta mót ársins í maí.

„Aðstæðurnar hérna eru til fyrirmyndar og veðrið er frábært,“ sagði hún hlæjandi en hún fór einnig til Suður-Afríku fyrr í vetur til að halda undirbúningnum áfram.

„Það gekk svakalega vel að kasta í Suður-Afríku. Þar kastaði ég í fyrsta sinn með fullri atrennu aftur. Ég vissi það áður en ég fór að það væri þarna sem ég myndi komast að því



Ásdís kastar hér spjóttinu á Evrópumótinu í frjálsum sem fór fram í Berlin síðasta sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

hvort þetta væri í lagi eða ekki. Ég var aðeins byrjuð að kasta en við fórum út til að láta á þetta reyna og það gekk eins og í sögu. Auðvitað fór maður varlega í fyrstu en við erum að auka hraðann og taka eitt skref í einu. Æfingarnar í apríl hafa gengið mjög vel, þær hafa verið þungar en þegar nær dregur keppni verða þær léttari og snúast meira um gæði kastanna.“

Ásdís kvaðst vera spennt að byrja að keppa á ný.

„Fyrsta mótið er 22. maí í Nor-

egi. Ég er á leiðinni til Portúgals í æfingabúðir og stoppa stutt á Íslandi á leiðinni á mótið,“ sagði Ásdís sem jataði því að hún væri með annað augað á HM í haust.

„Það er auðvitað markmiðið. Fyrst og fremst vil ég bara geta keppt aftur og ekki fundið til í bakinu en árangurslega séð langar mann auðvitað á HM. Ef ég næ fullri heilsu get ég kastað langt og ég var að ná því í Suður-Afríku þannig að auðvitað er ég bjartsýn.“

Ásdís hefur keppt á síðustu

þrennum Ólympíuleikum

„Það er búið að gefa út lágmarkin og maður er með þau á bak við eyrað en það er verið að breyta kerfinu. Það var sett mjög strangt lágmark, 64 metrar sem einhverjar 10-15 stelpur ná. Svo koma 22 keppendur inn af styrkleikalista en auðvitað ef gengur vel væri það draumur að ná 64 metrum í ár. Bæta Íslandsmetið og vera búin að ná lágmarkinu í staðinn fyrir að vera í stressi næsta sumar.“

kristinnpall@frettabladid.is

**Nýjast**

Enska úrvalsdeildin



**Liverpool - Huddersfield 5-0**

1-0 Naby Keita (1.), 2-0 Sadio Mané (23.), 3-0 Mohamed Salah (45.), 4-0 Sadio Mané (66.), 5-0 Mohamed Salah (83.)

**Heimir komst áfram í bikarnum**

**FÓTBOLTI** Al Arabi frá Katar sem leikur undir stjórn Heimis Hallgrímsson komst áfram í katörsku bikarkeppninni í knattspyrnu karla með 3-1 sigri gegn Umm Salal í Emír-bikarnum í gær.

Emír-bikarinn er keppni í Katar þar sem liðin úr efstu tveimur deildunum etja kappi. Þessi sigur þýðir það að Al Arabi er komið í átta liða úrslit keppninnar.

Wilfried Bony, sem lék áður með Swansea og Manchester City, kom lærisveinum Heimis á bragðið í leiknum. - hó

**Munaði einu höggi hjá Valdís**

**GOLF** Kylfingurinn Valdís Þóra Jónsdóttir úr GL var einu höggi frá því að ná niðurskurði á Lalla Meryem-móttinu á LET-mótaröðinni í golfi. Skagarmærin kom í hús á 77 höggum í gær, fjórum höggum yfir pari vallarins og samtals á sjö höggum yfir pari í Marokkó.

Valdís fékk þrjá fugla í gær. Þrjá skolla og tvo skramba sem reyndust henni dýrkeyptir.

Það mátti litlu muna að Valdís kæmist áfram því niðurskurðarlinan miðaðist við sex högg yfir pari. - kpt



Valskonur eru einum sigri frá því að vinna þrefalt í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Tímabilið í húfi hjá Keflavík**

**KÖRFUBOLTI** Valskonur geta í kvöld tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri þegar Valur tekur á móti Keflavík í þriðja leik liðanna í úrslitakeppni Domino's-deildar kvenna. Valskonur leiða einvígið 2-0 en vinna þarf þrjá leiki til að tryggja sér titilinn. Með því yrði Valur handhafi þriggja stærstu titlanna á Íslandi og um leið Íslandsmeistari í fyrsta sinn í sögu félagsins. Allt annað en sigur þýðir að tímabilinu er lokið hjá Keflavík.

Þetta verður áttunda viðureign liðanna á þessu tímabili og hefur Valsliðið unnið síðustu sex leikina eftir komu Helenu Sverrisdóttur í lið Vals. Keflavík komst nálægt því að jafna metin þegar liðin mættust í síðasta leik í Keflavík en með öflugum varnarleik náði Valsliðið að sigla sigrinum heim og steig stórt skref í átt að titlinum.

Leikurinn hefst klukkan sex í Valsheimilinu. - kpt



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Boltinn rúllaði af stað

Valur og Víkingur spyrntu knattspyrnusumrinu af stað þegar liðin léku upphafsleik Pepsi Max-deildar karla í knattspyrnu á Hlíðarenda í gær.



# Við semjum

Í tilefni af tímamótasamningum verður kaffiilmur í loftinu hjá Hyundai í apríl og sölumenn okkar búa sig undir ánægjulega samningalotu. Við bjóðum ykkur velkomin í kaffi og reynsluakstur og að skoða tilboð á nýjum bílum sem bætt geta lífsgæðin í sumar.

Afsláttur allt að  
**550.000 kr.**

## Hyundai i10 Comfort

Bensín, beinskíptur, framhjóladrifinn  
**TILBOÐSVERÐ: 1.940.000 kr.**  
Verð áður: 2.090.000 kr.

**AFSLÁTTUR  
150.000 kr.**



## Hyundai i20 Classic

Bensín, beinskíptur, framhjóladrifinn  
**TILBOÐSVERÐ: 2.090.000 kr.**  
Verð áður: 2.290.000 kr.

**AFSLÁTTUR  
200.000 kr.**



## Hyundai KONA Comfort

Bensín, sjálfskíptur, framhjóladrifinn  
**TILBOÐSVERÐ: 3.840.000 kr.**  
Verð áður: 4.190.000 kr.

**AFSLÁTTUR  
350.000 kr.**



## Hyundai Tucson Classic

Dísil, sjálfskíptur, fjórhjóladrifinn  
**TILBOÐSVERÐ: 4.540.000 kr.**  
Verð áður: 4.990.000 kr.

**4X4  
FJÓRHJÓLA  
DRIFINN**

**AFSLÁTTUR  
450.000 kr.**



## Hyundai Santa Fe Comfort

Dísil, sjálfskíptur, fjórhjóladrifinn  
**TILBOÐSVERÐ: 7.240.000 kr.**  
Verð áður: 7.790.000 kr.

**4X4  
FJÓRHJÓLA  
DRIFINN**

**AFSLÁTTUR  
550.000 kr.**



Verið velkomin í kaffi og  
reynsluakstur í dag frá 12–16.

 **HYUNDAI**

**5** **ÁBYRGÐ**  
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



Stína Ágústsdóttir kemur reglulega til Íslands til þess að syngja.



Erik Söderlin gítarleikari sem hefur heillað Svía upp úr skónum.



Herbie Hancock stýrir djasstónleikum í Ástralíu á þriðjudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Allt getur gerst

Alþjóðlegi djassdagurinn verður haldinn hátíðlegur þriðjudaginn 30. apríl. Einn vinsælasti gítarleikari Svíþjóðar, Erik Söderlin, og **Stína Ágústsdóttir** söngkona munu þá leika uppáhalds sígildu djasslögin sín.

Söngkonan Stína Ágústsdóttir býr og starfar í Stokkhólmi en kemur reglulega til Íslands og heldur tónleika. Hún er væntanleg til landsins ásamt einum vinsælasta gítarleikara Svíþjóðar, Erik Söderlin.

Tílefnid er alþjóðlegi djassdagurinn sem er þann 30. apríl. Það er Unesco, Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, sem stendur fyrir deginum. Honum er ætlað að efla vitund um það hlutverk sem djass getur leikið sem afl í þágu friðar og samvinnu á milli þjóða. Enda hefur djass verið ríkur hluti af sögu baráttu minnihlutahópa gegn kúgun og kynþáttafordómum.

„Djassinn er svo magnadur, því maður veit ekki endilega hvað gerist. Það er alltaf möguleiki á tófrum,“ segir Stína. „Það er ekki ákveðin útkoma þegar maður spilar lag. Það er öðruvísi að spila pródúserað popplag. Þegar þú spilar djass, þá getur allt gerst.“

Stína var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2017 fyrir plötu sína Jazz á íslensku og er að vinna að eigin lögum. Hún segist spennnt fyrir samstarfinu með Erik. „Hann spilar svo fallega að það er erfitt að hætta. Ég gleymi mér bara. Hann var að gefa út plötu, þar sem hann spilar lög Pauls McCartney, sem er virkilega falleg, einhver myndi halda að það væri klisja. En það er það alls ekki og hann hefur fengið frábæra dóma fyrir plötuna,“ segir Stína.

Hún hefur samið texta við tvö lög Eriks af þarsíðustu plötu hans. „En



Nina Simone (1933-2003) Myndin er tekin árið 1969. NORDICPHOTOS/GETTY



**DJASS ER EKKI AÐEINS TÓNLIST, HELDUR LEIÐ TIL AÐ LIFA, LEIÐ TIL AÐ VERA, LEIÐ TIL AÐ HUGSA.**

Nina Simone

Þess utan þá spilum við aðallega klassísk djasslög, það er í anda þessa dags,“ segir hún. Þau Stína og Erik hafa fengið Valdimar Kolbein Sigurjónsson bassaleikara og Matthías M.D. Hemstock trommuleikara með sér í lið. Tónleikarnir verða haldnir á Múlanum, djassklúbbi í Björtuloftum í Hörpu.

Á alþjóðlega djassdeginum klukkan 3 getur fólk hitað upp fyrir tónleikana með því að horfa á tónleika á vef Unesco og á Youtube, sem verða haldnir í tónleikahöllinni Hamer Hall í Melbourne, Ástralíu. Þeim verður stýrt af James Beasley, göðgerðarsendiherra UNESCO, djassgoðsögninni Herbie Hancock og trompetleikaranum James Morrison. Á tónleikunum koma fram þekktir djasstónlistarmenn hvaðanæva úr heiminum, Chico Pinheiro frá Brasilíu, Tarek Yamani frá Libanon, Eijiro Nakagawa frá Japan og Kurt Elling frá Bandaríkjunum, svo fáeinir séu nefndir.

kristjanabjorg@frettabladid.is

home&you®

Fjölbreyttar og fallegar vörur fyrir heimilið



6.990 kr.



1.990 kr.



12.990 kr.



2.490 kr.



4.290 kr.



4.490 kr.



3.590 kr.



4.590 kr.



2.990 kr.



1.290 kr.



3.990 kr.



24.990 kr.



3.590 kr.



3.990 kr.



5.990 kr.



4.490 kr.

home&you býður einstakt úrval af heimilsvörum fyrir stofuna, svefnherbergið, barnaherbergið, eldhúsið, borðstofuna og baðherbergið. home&you rekur yfir 150 verslanir í 10 löndum og er verslunin að Skeifunni 11b fyrsta home&you verslunin á Norðurlöndunum. Við tökum vel á móti ykkur.

There's no place like home&you

Skeifan 11b • 105 Reykjavík • ☎ 566-7700 • f home&youiceland • 📷 homeandyou\_iceland

home  
&you





#### **Ferðastyrkur Vildarbarna afhentur á sumardaginn fyrsta**

Tuttugu og átta börnum og fjölskyldum þeirra, samtals rúmlega eitt hundrað manns, var á sumardaginn fyrsta afhentur ferðastyrkur úr sjóðnum Vildarbörn Icelandair. Alls hafa 677 fjölskyldur notið stuðnings sjóðsins frá stofnun hans fyrir 16 árum og var úthlutunin í dag sú 32. í röðinni.

Sjóðurinn er fjármagnaður með beinu fjárframlagi Icelandair, frjálsum framlögum félaga í Saga Club Icelandair, með söfnun myntar og sölu Vildarengilsins um borð í flugvélum Icelandair, söfnunarbaukum á Keflavíkflugvelli og söluskrifstofum Icelandair. Einnig koma til frjáls framlög og viðburðir. Í ár færðu hjónin Peggy Helgason og Sigurður Helgason sjóðnum sérstakt framlag, 20 milljónir króna, í því skyni að efla sjóðinn enn frekar.

Starfsemi Vildarbarna Icelandair byggir á hugmyndum og starfi Peggy Helgason, sem hefur um árabil unnið sem sjálfbóðaliði á barnaeildum sjúkrahúsa í Reykjavík. Vigdís Finnbogadóttir er verndari sjóðsins. Markmið sjóðsins er að gefa langveikum börnum, foreldrum þeirra og systkinum, tækifæri til þess að fara í draumaferð sem þau ættu annars ekki kost á.

Líkt og við úthlutun styrkjanna undanfarið afhentu Sambíóin börnunum bíómiða og Flugfreyjukór Icelandair skemmti viðstöddum með söng.



Kristjana Björg  
Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



Þetta er svo röng nálgun og hefur engin áhrif. Ég skil ekki þessa stemningu að skamma félagsmenn, mér finnst það fyrir neðan allar hellur. „segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, um dræma þátttöku í kosningu um lífskjarsamning sem var samþykktur af félögum Eflingar á dögum með yfirgnæfandi meirihluta.

Hún á heima í snotru húsi í Smáíbúðahverfinu í Fossvogi, útidyráhurðin er máluð í eldraudum lit. Hún segist heppin að hafa getað fest kaup á húsinu á sínum tíma og hefur aldrei upplifað á eigin skinni að vera föst á leigumarkaði.

#### Dauðhreinsuð stéttaskipting

„Ég er fædd í Reykjavík, fyrstu árin bjuggum við á Flókagötu í Reykjavík. Svo fluttum við í Breiðholtið þegar ég var á fimmta ári, í verkamannabústað í Stífluselinu. Þar bjó ég þar til ég var á tólfta ári og þá fluttum við í Fossvoginn, í Kelduland sem voru líka verkamannabústaðir. Stéttaskiptingin var teiknuð upp í Fossvogi, efst voru blokkir, svo raðhús og svo einbýlishúsin neðst í dalnum, ótrúlega myndin og dauðhreinsuð röðun. En hverfið var skemmtilegt og þarna blandaðist allt saman,“ segir Sólveig.

Sólveig er dóttir útvarpsþulanna Jóns Múla Árnasonar heitins og Ragnheiðar Ástu Pétursdóttur. „Ég er eina barn þeirra saman. Pabbi var orðinn 54 ára og mamma var 34 ára. Þau áttu hvort um sig þrjú börn, þannig að ég átti sex systkini.

Það eru 10 ár á milli mín og næstu systur minnar. Systkinin öll voru mikið heima, bræður mínir voru ungir komnir með sína fjölskyldu en voru mikið á heimilinu með konur sínar og börn. Mágkonur minar Önnu og Ellen upplifði ég til dæmis líka sem systur. Þetta var mjög stór fjölskylda og það var alltaf mikið af fólki í kringum mig. Ég á svo yndislegar minningar, sérstaklega af jóluumum. Og ég er næstum haldin þráhyggju gagnvart þeim í dag. Af því að þá var alltaf svo ótrúlega gaman og við vorum öll saman,“ segir Sólveig.

„Ég var auðvitað minnst og fékk mjög mikið að njóta þess. Ég komst upp með alls konar hluti og hegðun. Í ljósi þess að ég var yngst.

#### Erfið unglingsár

Ég var ábyggilega mjög skrítið barn en mjög stillt. Ég vildi bara mjög mikið vera með foreldrum mínum og vildi ekki fara í skóla. Mér fannst reyndar ágætt að fara í Ísaksskóla en þegar því lauk þá fannst mér það að þurfa að fara að gera hluti vera svo þvingandi.

Ég las mjög mikið og lærði það að barn með bók fær bókstaflega að vera í friði. Þegar ég var búin að læra að lesa fyrir sjálfa mig þá var ég ávallt með bók í hönd og komst með þeirri nálgun hjá því að taka eðlilegan þátt í því sem önnur börn gerðu og uppleiddi var frjálstlegt,“ segir Sólveig en þegar hún komst á unglingsaldur fór það að taka ekki virkan þátt að há henni.

„Ég varð mjög erfiður unglundur. Þá var þetta mikla frelsi sem ég hafði notið að valda mér vandræðum. Ég hefði þurft fastara utanumhald en ég var bara orðin svo von því að hafa þetta frelsi og vankantarnir fóru að koma í ljós.

Ég var í mjög miklum mótþróa og leiða og þó að ég ætti stóran og góðan vinkvennahóp í Réttó þá mætti ég illa í skóla. Ég var heima „veik“. Það var ekki geta þá í skólakerfinu til að horfa fram hjá göllum og fókusera á styrkleikana.

Þó að margt sé breytt í dag þá hugsa ég til þeirra fjölmörgu krakka sem ná ekki að ljúka námi. Það er alltaf ástæða fyrir því og hún er ekki sú að þau séu bara svo léleg. Ég var að komast á fullorðinsaldur



„Í eðli sínu eru allir samningar lífskjarsamningar. Við erum að semja um kjör fólks sem hefur áhrif á líf þess. Það er partur af nýfrjálsbyggjunni að vera alltaf að skella einhverjum merkimiðum á allt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Allt þetta er leikrit

Sólveig Anna Jónsdóttir segir frá lífi sínu og átökunum í nýafstaðinni kjarabaráttu. „Ég hef unun af því þegar stéttaátökin er afhjúpuð,“ segir hún um harða gagnrýni á störf sín.



ÚTGJÖLDIN VORU EKKI TRYLLINGSLEGA HÁ, ÞETTA ER STAÐA SEM ENGINN GÆTI VERIÐ Í Í DAG. NEMA BÖRN MJÖG AUÐUGS FÓLKS.



ÉG VAR HEIMA „VEIK“. ÞAÐ VAR EKKI GETA ÞÁ Í SKÓLAKERFINU TIL AÐ HORFA FRAM HJÁ GÖLL- UNUM OG FÓKUSERA Á STYRKLEIKANA.

þegar ég gat fyrst orðað það hvað það var sem var að trufla mig. Þessi orð voru bara ekki í boði þegar ég var unglundur. En eru það í dag og það skiptir miklu máli að geta setið með börnunum sínum og rætt um tilfinningar við þau.“

#### Þokunni létti innra með mér

Sólveig flakkaði á milli framhaldsskóla en gafst svo upp á náminu níttján ára gömul og eignaðist frumburð sinn 21 árs. „Námið var bara orðið of stórt verkefni til að takast á við.

Ég var enn þá ótrúlega ung og egósentrísk. Mamma mín var með mér þegar ég átti son minn. Ég blóttaði mikið í fæðingunni og móðir mín sem er mjög kurteis kona baðst í sífelli afsökunar. Svo þegar sonur minn var loks kominn í heiminn ætlaði mamma bara að fara heim og mér fannst það skrítið. Að hún ætlaði bara að skilja mig eftir, sem segir mikið um tilætlanarsemina í mér. Svo vildi ég bara fá að fara að sofa. Sem betur fer horfði ljósmóðirin á mig eins og það væri eitthvað að mér og sagði nei, nei, það gerir þú ekki, og rétti mér drenginn.

Þá gerðist eitthvað. Það létti einhverri þoku innra með mér þarna með hann í fanginu og eftir þetta þá sleppti ég honum ekki frá mér. Þetta var mjög merkileg stund að upplifa og ég er ekki að segja það að eftir að þessi stund átti sér stað hafi ég orðið ný og betri manneskja. En þetta var samt sannarlega algjört upphaf að því að fullorðnast og læra að axla ábyrgð. Ég fylltist af geigvænlegri ábyrgðarkennd. Þetta var fyrsta verkefnið sem ég horfðist í augu við og axlaði algjöra ábyrgð á,“ segir Sólveig.

#### Giftist æskuástinni

Sólveig er gift Magnúsi Sveini Helgasyni sagnfræðingi. Þau hafa þekkt frá unglingsárum. „Fljótlega eftir að Nonni minn fæddist þá byrjuðum við Maggi saman. Við höfðum verið unglingsakærustupar en áttum í stormasömu og dramatísku sambandi,“ segir Sólveig og segir Magga hafa tekið Nonna eins og eigin syni. Þau bjuggu hjá foreldrum Sólveigar og nutu stuðnings þeirra. „Ég og mamma sinntum syni mínum samhliða og hún og hann eru enn þá mjög nái. Mig langaði bara strax aftur til að eignast barn og það liðu þrjú ár þar til ég eignaðist dóttur mína, Möggu.“

Þau fluttu eftir fáein ár í litla íbúð í Þingholtsstræti. „Maðurinn minn hafði frá unglingsárum verið að safna. Hann keypti litla íbúð í Þingholtsstræti og þar bjuggum við til ársins 2000 þegar við fluttum til Bandaríkjana þar sem Maggi lærði sögu.

Lífið á Íslandi áður en við fluttum út var bara gott. Ég var auðvitað ómenntuð en vann skrifstofuvinnu og Maggi var í skóla. Útgjöldin voru ekki tryllingslega há, þetta er staða sem enginn gæti verið í í dag. Nema börn mjög auðugs fólks.“

#### Menningarsjokk í Bandaríkjunum

Það voru mikil viðbrigði fyrir fjölskylduna að flytja út og Sólveig segist hafa fengið menningarsjokk. „Ég var 25 ára með tvö litil börn og hafði aldrei áður komið til Banda-



# Innheimta opinberra gjalda á höfuðborgarsvæðinu færirst til ríkisskattstjóra 1. maí 2019

Þann 1. maí næstkomandi færirst innheimta opinberra gjalda á höfuðborgarsvæðinu frá tollstjóra til embættis ríkisskattstjóra. Sameiginleg afgreiðsla innheimtu og tollstjóra verður áfram í Tollhúsinu Tryggvagötu 19.



Opnunartími afgreiðslunnar á Tryggvagötu verður **mánudaga til fimmtudaga kl. 09:00 – 15:30** og **föstudaga kl. 09:00 – 14:00**.



Nýtt beint símanúmer vegna innheimtu verður **442-1950**, önnur símanúmer verða óbreytt.



Nýtt tölvupóstfang vegna innheimtu verður **innheimta@rsk.is**

Allar nánari upplýsingar, m.a. um bankareikninga og netföng, má nálgast á vef ríkisskattstjóra **rsk.is**

Nánari upplýsingar um afgreiðslu tollamála má nálgast á vef tollstjóra **tollur.is**



TOLLSTJÓRI



RÍKISSKATTSTJÓRI



# HELDU

LAUGARDAGUR 27. APRIL 2019

Helgin



Diddú bregður á leik í Salnum á morgun og opnar sig um líf sitt á hinu klassíska sviði.

→4



## Blephadex gegn augnháramítlum

Milljónir manna þjást af kláða, óþægindum og brunatilfinningu í augum sem oft má rekja til vanstarfsemi í fitukirtlum. →2



### Ánægðari augu allan daginn

Nýtt!

Gel fyrir náttina og eftir þörfum á daginn



### Náttúruleg vörn gegn augnþurrki

Thealoz eru einstakir augndropar sem viðhalda raka og verja augun fyrir þurrki á náttúrulegan hátt.

- Trehalósi kemur á jafnvægi og verndar frumur hornhimnu
- Hýaluronsýra smyr og gefur langvarandi raka
- Karbómer fær gelið til að halda virkni enn lengur
- Sérstaklega milt fyrir augun
- Mælt með fyrir augnlinsur
- Án rotvarnarefna

provision  
www.provision.is



Thealoz



Thealoz Duo



Nýtt! Thealoz Duo Gel




**D**emodex-mítlar eða augnháramítlar geta valdið slíkri vanstarfsemi en þeir eru oft vangreind ástæða hvarmabólgu og þar með augnþurrks.

Augnháramítlar (Demodex) eru örsmáar áttfætlur sem finnast í augnhárasekkjum eða alldjúpt í fitukirtlum. Mítlarnir eru hálfgegnsærir og pinnalaga og ósýnilegir berum augum en má greina með að minnsta kosti 25x stækkun í raufarlampa. Þeir eru almennt taldir vera saklausar samlifslifverur húðarinnar en við mikinn fjölda þeirra geta þeir orsakað hvarmabólgu og ýmsa húðsjúkdóma.

#### Algeng einkenni um augnháramítla:

- Kláði og augnþurrkur
- Sviði og vanlíðan á augnsvæði
- Roði í augum
- Roði á augnlokum
- Hróður á hvörmum
- Aðskotahlutartilfinning
- Næmni fyrir ljósi

Blephadex™ blautklútar eru sérhannaðir til að hreinsa augnsvæðið og vinna gegn augnháramítlum. Blephadex™ er með einkaleyfi fyrir sérstakri formúlu af tea tree- og virgin kókosolíu sem hefur þann eiginleika að hreinsa augnhár,




Hér má sjá augnhár með sýkingu.

augnlok og andlit án skaðlegra efna eða brennandi tilfinningar. Klútana má nota daglega til að róa, sótthreinsa og gefa augnsvæðinu raka. Þeir eru náttúruleg vara og lausir við rotvarnarefni.

Með því að nota Blephadex™ blautklúta sem part af daglegu hreinlæti augna má vinna á einkennum sem tengjast augnþurrki og hvarmabólgu (blepharitis), vanstarfsemi í fitukirtlum augna (MGD), augnháramítlum (Demodex) og rósaroða (rosacea).

Notkun Blephadex™ einu sinni á dag þýðir að þú færð sömu meðferð heima og er notuð á læknaðstofum um allan heim. Ítarlegar rannsóknir staðfesta gæði og árangur formúlunnar sem þýðir að þú færð það sem stendur



Augnháramítill er ekki hægt að sjá með berum augum. Þetta eru agnarsmáar áttfætlur sem finnast í augnhárasekkjum eða fitukirtlum og geta orsakað ýms óþægindi í augum. Hér er einn stækkaður 1.500 sinnum.



á pakkanum, þar á meðal aðeins hreinustu olíur úr tea tree og kókosunnar í þessa einstöku formúlu.

- Inniheldur tea tree- og kókosolíu
- Örvar starfsemi í fitukirtlum
- Róar og eykur raka á augnsvæði
- Náttúrulegt án rotvarnarefna
- Læknar mæla með vörinni

Tea tree-olía er bakteríudrepandi og eyðir örverum og sveppum. Hún er einnig eina náttúrulega efnið sem drepur augnháramítlinn (demodex).

Kókosólía er bólgueyðandi, bakteríudrepandi og eyðir örverum og sveppum auk þess að vera einstaklega rakagefandi og veita róandi tilfinningu.

**Blephadex blautklútar eru náttúruleg vara sem inniheldur tea tree- og kókosolíu.**

## Þægileg lausn við óþægindum í augum

Sérhönnuð augnhvíla sem er lögð yfir augnsvæðið til að virkja vanstarfsemi í fitukirtlum og sporna við hvarmabólgu, þurrum augum, vogrís, augnhvarmablöðrum og rósroða í hvörmum eða augnlokum. Fæst bæði einnota og margnota.

**M**ed því að leggja heita augnhvílu yfir lokuð augu má létt á margs konar óþægindum. Hitinn helst nægilega lengi til að örva starfsemi í fitukirtlum þannig að þeir framleiði nægar olíur til að smyrja tárafilmuna og veita langvarandi létti.

Augnhvílan er einföld, skilvirk og þægileg lausn fyrir fólk í meðferð gegn ýmsum óþægindum í augum.

#### Til meðferðar á eftirfarandi:

- Vanstarfsemi í fitukirtlum
- Hvarmabólgu
- Augnþurrki
- Stírum
- Bólgu í augnlokum
- Þurrki vegna notkunar snertilinsa
- Þurrki vegna augnaðgerða
- Vogrís
- Rósroða



Margnota augnhvílu.

#### Léttir einkenni vegna:

- Preyting í augum
- Roði í augum
- Óskýrrar sjónar
- Brunartilfinningar
- Aðskotahlutartilfinningar
- Augnþurrks
- Ertingar í augum

Fæst í apótekum og Eyesland gleraugnaverslunum.



Einnota augnhvíla getur komið að góðum notum við óþægindum í augum.

# Fyrir liði, vöðva, heila og húð

Astaxanthin frá Algalif er 100% náttúrulegt hágæða bætiefni, framleitt á sjálfbæran hátt við kjöraðstæður með hreinu íslensku vatni sem tryggir að gæðin skila sér að fullu til neytenda.

**A**staxanthin er afar öflugt andoxunarefni sem er gott fyrir húðina og virkar vel á mörg kerfi líkamans. Náttúrulegasta og hreinasta uppspretta astaxanthins, sem er náttúrulegt karótínóíð, finnst í smáþörungum sem kallast *Haematococcus pluvialis* en þeir framleiða þetta sem varnarefni gegn erfiðum aðstæðum í umhverfinu. Astaxanthin er einnig að finna í dýrum og plöntum sem hafa einkennandi rauðan (bleikan) lit eins og til dæmis í laxi og ljósátu (krill). Astaxanthin getur veitt vörn gegn útfjólubláum geislum og því gríðarlega gott fyrir húðina og það getur einnig stuðlað að heilbrigði augna, heila, hjarta, liða og vöðva.

## Aukinn árangur í íþróttum

Astaxanthin er eitt af öflugustu andoxunarefnunum sem fyrirfinnst í náttúrunni. Það berst gegn ferli oxunar og sindurefna sem herja á frumur líkamans með tímanum og hjálpar það því til dæmis við að lækna skemmda frumuvefi. Astaxanthin getur dregið úr myndun mjólkursýru í vöðvum og þreytu, bætt þol og styrk og stuðlað að skjótu jafnvægi í líkamanum eftir æfingar. Það er því mjög gott fyrir íþróttafólk sem vill ná sem bestum árangri. Mikið af astaxanthin er til dæmis í vöðvum laxins og vilja sumir meina að það gefi laxinum þá orku sem hann þarf til að synda gegn straumnum. Húð, vöðvar, liðbönd, sínar, augu, innri líffæri, hjarta- og æðakerfi ásamt taugakerfi eru öll móttækileg fyrir astaxanthin, sem gerir það einstaklega virkt meðal andoxunarefna.

## Minni bruni, meiri brúnka?

Ysta lag yfirhúðar ver undirliggjandi lög hennar gagnvart ýmsum efnum, örverum og vatni. Dýpra í yfirhúðinni eru lifandi frumur sem skipta sér stöðugt til að endurnýja ysta lagið og er æviskeið hverrar frumu á bilinu 20-50 dagar. Í yfirhúðinni eru einnig frumur sem framleiða brúna litarefnið melanín þegar sólin skín á húðina en hlutverk þessa litarefnis er að verja kjarna (erfðaefni) húðfrumanna gagnvart útfjólubláum geislum sólarinnar. Bætiefnið astaxanthin



Húð, vöðvar, liðbönd, sínar, augu, innri líffæri, hjarta- og æðakerfi ásamt taugakerfi eru öll móttækileg fyrir astaxanthin, sem gerir það einstaklega virkt meðal andoxunarefna.



getur dregið úr þeim skaða sem útfjólubláir geislar sólarinnar geta valdið húðinni (sólbruni) og ólíkt sólkremum sem borin eru á húðina blokkar Astaxanthin ekki þá geisla sem breytast í D-vítamín í húðinni. Það ver húðina einfaldlega gegn skemmdum og því gott fyrir alla en það hefur reynst þeim sem hafa mjög ljósa húð sérstaklega vel. Bæði ver það húðina betur gegn sólbruna og svo taka margir meiri lit en áður og/eda halda honum betur – sem flestum þykir góður bónus.

## Hreint íslenskt astaxanthin

Algalif er íslenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á þessum *Haematococcus pluvialis* örþörungum og vinnur úr þeim hágæða astaxanthin. Ræktun og framleiðsla fer fram í einangruðum ræktunarkerfum þar sem allir mengunarvaldar eru útilokaðir og eingöngu hreint íslenskt vatn er notað við framleiðsluna. Endurnýtanleg orka er notuð við



**“Astaxanthin getur dregið úr þeim skaða sem útfjólubláur geislar sólarinnar geta valdið húðinni en ólíkt sólarvörnum blokkar það ekki þá geisla sem líkaminn okkar nýtir til D-vítamínframleiðslu.**

Hrönn Hjálmarsdóttir

framleiðsluna og flokkast hún sem sjálfbær iðnaður.

## Dagleg inntaka

Astaxanthin er 550 sinnum öflugra andoxunarefni en E-vítamín og 6.000 sinnum áhrifaríkara en C-vítamín. Það tekur Astaxanthin 12-19 klukkustundir að hámarkast í blóði þínu og eftir það brotnar það niður á 3-6 klukkustundum. Þess vegna þarf að taka það inn daglega. Til þess að verja húðina gegn sólargeislum, áður en haldið er í gott sólarfrí er gott að hefja inntöku nokkrum vikum áður. Astaxanthin getur einnig verið gott fyrir augun/sjónhinnuna og dregið úr þreytu og álagi á augum og stuðlað að skýrari sjón. Það dregur einnig úr bólgu almennt og nýtist vel gegn nánast hvaða bólguástandi sem er, hvort sem það er í liðum eða annars staðar.

Fæst í apótekum, heilsuhúsum og heilsuhillum valinna verslana.

## Betri svefn

Melissa Dream er vísindalega samsett náttúrulyf, hannað til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni

Þessi blanda inniheldur ekki efni sem hafa sljógvandi áhrif.



„Ég bæði sef fastar og sofna fyrr. Ég ligg ekki andvaka á koddanum og vakna endurnærð og úthvíld. Ég sef alla nóttina og er ekki sífellt að vakna upp eins og áður. Ég mæli hiklaust með Melissa Dream fyrir alla“

Elsa M. Víðis



Valið besta bætiefni við streitu hjá National Nutrition í Kanada





# Óvissuferð með Diddú

Sigrún Hjálmtýsdóttir verður gestur Gunnars Guðbjörnssonar söngvara í Salnum í síðdegiskaffi á morgun. Diddú ætlar að bregða á leik með áhorfendum, segja sögur og bresta í klassískan söng.

Elín  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Diddú er landsmönnum að góðu kunn fyrir skemmtilegan frásagnarmáta jafnt og sönginn, hvort sem hann er á dægurlagasviðinu eða því klassíska. Á tónleikunum með Gunnari og Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara fer hún yfir klassískan söngferil frá upphafi, lífið og listina. „Ég hef sungið í hinum klassíska heimi í þrjátíu ár svo það er af nógu að taka,“ segir hún. „Þetta er orðinn langur tími þótt maður spyrji sig hvert hann hafi farið. Það er eins og gerst hafi í gær,“ bætir hún við í glaðlegum tón. „Ég er enn að syngja það sama og ég gerði í upphafi svo segja má að maður endist ágætlega í þessu starfi.“

Eftir að Diddú lauk söngnámi við Guildhall School of Music and Drama í London hélt hún til Ítalíu í framhaldsnám. Ítalía hefur alltaf átt sterk ítök í henni síðan enda eignaðist hún marga góða vini þar sem hún heldur góðu sambandi við og er því margt að segja frá. „Við Gunnar ætlum að vera með söng og spjall. Hann mun kryfja mína klassísku hlið til mergjar. Ég mun opna mig og segja sögur af klassískum ferli mínum en ég á auðvitað aðra hlið sem ég hef gert skil áður með Jóni Ólafssyni. Það eru margar skemmtilegar hliðar á mínu klassíska lífi,“ segir Diddú. „Síðan mun ég örugglega bresta í



Diddú syngur og spjallar í Salnum á morgun og sýnir sína klassísku hlið í lífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

söng í miðju viðtali en þetta mun leiða hvað annað áfram.“

Diddú segist hafa æft lögin með Önnu Guðnýju sem flutt verða en viðtalið verður algjörlega óvænt uppákoma. „Maður kemst ekki hjá að gefa af sér á persónulegan hátt því klassíkin er samofin sálu manns og hjarta. Það eru svo ótrúlega margar sögur sem hægt er að segja.“

Þegar Diddú er spurð hvernig

henni hafi líðið þegar hún kom fyrst til Ítalíu og var að stiga sín fyrstu skref í ítölsku, svarar hún að það hafi verið skemmtileg upplifun. „Á þeim tímabili var mér orðið mál að læra ítalska óperuskólann og saug allt í mig. Það gerðist ótrúlega margt á stuttum tíma og ég var fljót að komast inn í málið. Ég hafði lært framburð í skólanum í London en tungumálið marineradist inn í mig fljótt enda

var ég mjög móttækileg. Núna finnst mér ég vera að koma heim þegar ég kem til Ítalíu. Þangað fer ég árlega. Í sumar förum við hjónin til Feneyja og ætlum að breyta til. Við bjuggum lengi í Veróna og í nálægð við Gardavatnið en nú langar okkur að prófa að vera í Feneyjum sem er dásamlegur staður. Feneyjar hafa alltaf verið í miklu uppahaldi hjá okkur og þegar dæturnar voru litlar förum

„ Mig langar að minnst foreldra minna, flytja lög sem þau sungu en einnig verð ég með klassískt popp.

við oft í sunnudagsbílur þangað með þær. Þarna getur maður notið allra lystisemdanna, bæði lystar og listar.“

Diddú segir að áhorfendur í Salnum á morgun fái að heyra Abba-lög í klassískri útfærslu jafnt sem ariur. „Mig langar að minnst foreldra minna sem sungu bæði, flytja lög sem þau sungu en einnig verð ég með klassískt popp. Þetta verður óvissuferð þar sem farið verður yfir sviðið,“ segir hún. „Mér finnst mjög gaman að blanda lögum saman og hef alltaf gert það. Mörg dægurlög eru klassísk í eðli sínu og henta vel með síðdegiskaffinu,“ segir Diddú en tónleikarnir hefjast kl. 16 í Salnum í Kópavogi á morgun.

Til gamans má geta þess að Diddú hefur hljóðritað fjóra geisladiska við undirleik Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands, en alls hefur hún sungið inn á tæplega 100 hljómplötur. Hún hefur sungið með heimsfrægum söngvurum á borð við José Carreras og Plácido Domingo. Diddú hefur sungið víða um heim og má þarf nefna Frakkland, Rússland, Bandaríkin og Ítalíu svo nokkur dæmi séu tekin. Hún getur því sagt frá mörgu skemmtilegu sem á daga hennar hefur drifið.

## Andlegur og líkamlegur rússíbani

Andrean Sigurgeirsson er á hraðri uppleið. Hann er dansari hjá Íslenska dansflokknum, dansar með Hatara í Eurovision og frumsýnir eigið dansverk í Tjarnarbiói á morgun.

Þórdís Lilja  
Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



Ég á ekki langt að sækja dansgenin því hún amma mín, Klara Sigurgeirsdóttir, var landskunnur samkvæmisdansari í gamla daga og kenndi samkvæmisdans í áraradír í Hafnarfirði. Sem lítill drengur var ég síðansandi svo pabbi spurði mig um sex ára aldurinn hvort ég vildi ekki fara í dansskóla. Ég svaraði því neitandi, því dans þótti alltof stelpulegur, en öll mín uppvartarar þráði ég dansinn. Ég hafði líka mikinn áhuga á bardagalist og æfði taekwondo í átta ár en fannst ég kominn á endastöð þar þegar ég var átján ára þótt ég væri bæði afbragðs bardagamaður

og í keppnisliðinu,“ segir Andrean Sigurgeirsson, dansari og danshöfundur í Íslenska dansflokknum.

„Andartakið þegar það rann upp fyrir mér að ég yrði að prófa dansinn var þegar við pabbi sátum saman yfir sjónvarpsþættinum So you think you can dance? Þar var stígninn samtímadans sem mér þótti gjörsamlega geggjáður. Aftur hvatti pabbi mig til að prófa og ég ákvað að slá til. Ég hringdi í snarhasti í Listdansskólann og sagðist vilja mæta strax í tíma, þrátt fyrir að hálf ár væri liðið frá inntöku-prófum. Vantaði hvort ed er ekki alltaf stráka? spurði ég, sem er því miður veruleikinn í ballett-senunni hér heima, og úr varð að ég fékk inngöngu eftir fyrsta balletttímamann, þá nýorðinn full-orðinn maður, 18 ára gamall,“ segir Andrean.

**Dansar með Hatara í Ísrael**

Andrean er 27 ára og hálf-indónesískur. Nafnið Andrean ber hann einn á Íslandi, ásamt tveggja ára systursyni sínum.

„Mamma vildi upphaflega skíra mig Andrea en pabba hugnaðist það ekki vegna þess að það er kvenmannsnafn á Íslandi. Því bættu þau n-i aftan við Andrea og úr varð Andrean. Lengi vel héldu þau að nafnið væri heimasmiðað og einstakt á heimsvísu en með tilkomu samfélagsmiðla höfum við komist að raun um að Andrean er alengt karlmannsnafn í Indónesíu,“ útskýrir Andrean brosmildur og spenntur fyrir komandi dögum.

Hann er á leið til Ísraels með Hatara til að dansa svarteygður í



Andrean er enn að klípa sig til að vakna af draumi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„ Ungt fólk fæðist inn í heim samfélagsmiðla og mannfólkið fylgir tækninni blindandi án þess að vita hver áhrifin verða.

leðurólum í Eurovision.

„Það verður stærsta sviðið og mesti áhorfendafjöldi sem ég hef dansað fyrir hingað til. Ég býst við tilfinningalegum og líkamlegum rússíbana og reikna með að horfa agndofa til baka þegar ég lit yfir farinn veg í framtíðinni. Þetta mun opna margar dyr og nýja heima og víkka út sjóndeildarhringinn, enda er allt eftir áætlun,“ segir

Andrean sem eftir BA-gráðu frá Listaháskóla Íslands bauðst föst staða dansara við Íslenska dansflokkinn (ÍD) árið 2017.

„Dansflokkurinn var alltaf stóri draumurinn minn en ég reiknaði aldrei með að hann rættist. Að ganga til liðs við ÍD er eitt af stærstu skrefum lífs míns, mikill heiður og stórt stökk. Ég er enn að klípa mig til að vakna upp af draumnum,“ segir Andrean og hlær.

**Tilvistarkreppa sjálfsmýnda**

Alþjóðlegi dansdagurinn er á mánudaginn, 29. apríl. Af því til efni frumsýnir dansflokkurinn FWD Youth Company verkið Mass Confusion eftir Andrean í Tjarnarbiói annað kvöld, sunnudaginn 28. apríl, klukkan 20 og er um aðeins eina sýningu að ræða.

„Í verkinu velti ég upp spurningu sem ég hef mikið velt fyrir mér og snýst um sjálfsmýnd okkar í samfélaginu eins og það tikkar í dag. Ungt fólk fæðist í samfélagsmiðlaheim þar sem er dagleg tilvistarkreppa að finna út hver maður er. Sú spurning verður æ flóknari og því þurfum við öll að spyrja okkur hvort raunmynd okkar sé sú sanna eða sú sem við birtum á samfélagsmiðlum; já, hvora þeirra tengjum við meira við?“ spyr Andrean í Mass Confusion.

„Mannfólkið tekur allri þessari tækni gagnrýnislaust og fylgir henni blindandi án þess að vita hver áhrifin verða. Því er spurning hver stjórnar hverjum. Stjórnunum við tækninni, eða stjórnar hún okkur? Vegna þessa er líkamleg tenging og snering líka orðin afmörkuð. Eigum við að láta það viðgangast eða spyrna við fótum?“ veltir Andrean fyrir sér í yfirþyrmandi ringulreið samfélagsins.

Hann segir FWD Youth Company stórkostlegan stökkpall fyrir unga dansara sem hafa lokið dansnámi en vilja enn halda fast í dansinn.

„Það er soun á hæfileikum ungra dansara að þeir hafi ekki tækifæri til að dansa því að í ríkisrekna dansflokknum eru aðeins átta dansarar. Íslendingar eru ótrúlega hæfileikaríkir á danssviðinu, og má líka þeim við íslenska landsliðið í knattspyrnu út á við. Þeir eru þekktir og virtir í alþjóðadansheiminum og í gegnum þá streymir mikill kraftur, sköpun og orka.“

# Mótorhjól

LAUGARDAGUR 27. APRÍL 2019

Kynningar: Sniglar, Chapter Iceland



Rósant og Ingvar Örn við hjólin sín. Þeir eru báðir í Sniglunum og bera samtökunum vel söguna. „Við þurfum að passa upp á hagsmuni mótorhjólafólks,“ segir Ingvar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fjögur dekk hreyfa líkamann en tvö dekk hreyfa andann

Þeir Rósant Guðmundsson og Ingvar Örn Ingvarsson hafa verið á mótorhjóli lengi. Þeir eru í Bifhjólasamtökum lýðveldisins, Sniglunum, sem eru hagsmunasamtök einstaklinga og vinna fyrir félagsmenn sína. Fram undan er 1. maí aksturinn sem þeir segja vera vissan hápunkt. ➔2



Frá 1.maí akstrinun sem þeir félagar segja vera upphafspunktur fyrir komandi sumar. „Svona verða samfélög til og svona komum við góðum hlutum til leiðar,“ segir Ingvar FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

#### Framhald af forsiðu →

Þetta er upphafið og viss hápunktur. Þetta er reyndar ekki mikill akstur en það er eitthvað ótrúlega sérstakt með svona mikilli samstöðu þegar 500 hjól eða fleiri mæta á einn og sama staðinn bara til þess eins að mótorhjóra nokkra kílómetra. Svona verða samfélög til og svona komum við góðum hlutum til leiðar, með samstöðu sem gefur slagkraft,“ segir Ingvar Örn Ingvarsson um 1. maí akstur Sniglanna sem markar upphaf mótorhjólavertíðarinnar. Rósant Guðmundsson tekur í sama streng. „Það er frábært að hefja sumarið með stæl og finna kraft og samstöðu bifhjólafélks eftir vetrarlangan dvála.“

Þeir félagar hafa verið lengi með mótorhjóladelluna. Rósant byrjaði fyrir um áratug en hafði fram að því látið sig dreyma um það frá 15 ára aldri. Ingvar byrjaði árið 2007 en hafði þá verið með prófið í þó nokkurn tíma. „Ég bjó í Danmörku á þeim tíma og það hentaði frábærliga að eignast fyrsta mótorhjólið þar og ég á það hjól ennþá og sé ekki fyrir mér að ég skilji við það nokkurn tímann. Það lá alltaf fyrir mér að fara á mótorhjóli – ég var nýfarinn að stíga í lappirnar þegar ég byrjaði að sveifla þeim yfir tveggja hjóla fáka og imyndaði mér að setja í gang.“

Hjólið hans Ingvars er BMW R100RS og augljóst að hann talar um það hjól af virðingu. „Þetta er sigilt hjól, þekkt í mótorhjóla-sögunni sem hjól nýrra víðmiða 1977 – hannað af Hans Muth sem átti mörg fræg hjól. Þetta er fyrsta fjöldaframleidda hjólið með kápu og var alla tíð eins konar „gentlemans racer“ þótt það sjáist nú ekki á því í dag – það þótti merkilegt að það gat náð 200 km/klst. og hægt var að túra á því allan daginn

án þreytumerkja. Þetta er líka mótorhjólið sem var svo vinsælt að þegar hætt var að framleiða þau 1984 var því mótmælt staðfastlega þangað til BMW hóf framleiðslu á þeim aftur 1987 enda féllu K-hjólin ekki í kramið hjá þeim sem vildu hinn skothelda loftkælda boxer-mótor.“ Þar fyrir utan á hann tvö hjól með félaga sínum, Gísla Jenssyni. Ducati SuperSport 2004 og Yamaha Virago 535 sem þeir fengu að gjöf frá velunnara og eru að breyta og verður vonandi klárt í sumar.

Rósant á tvö hjól. Yamaha XS 650 frá árinu 1975 og Triumph Speed Triple árgærd 2003. „Bæði hjólin er frábær hvort með sinn karakterinn. Yammann nota ég upp á töfvaraskapinn, hljóminn í mótornum og þegar maður vill fara í sparifötin. Einnig finnst konunni minni betra að sitja aftan á því. Triumphinn nota ég mest og aksturseiginleikarnir eru eins og hugur manns, kraftmikið og einfaldlega trúflað hjól.“

Báðir tala um frelsið þegar þeir eru spurðir um hvað það sé sem dragi þá að malbikinu á mótorhjóli. „Sagt er að fjögur dekk hreyfi líkamann en tvö dekk hreyfi andann,“ segir Rósant og heldur áfram: „Það eru orð að sönnu. Tíminn stendur í stað á mótorhjóli, stundum finnur maður sig úti í buskanum og stundum, í honum, finnur maður sjálfan sig. Fullkomin núvitundaráfing.“ Ingvar bætir við að allir séu á sínum eigin forsendum þótt forsendurnar séu sameiginlegar. „Maður er einn með sjálfum sér á hjólinu en samt mjög oft með félögunum. Það er ilmurinn úr loftinu, loftmótstaðan og þyngdarkraftarnir sem yta manni í ökuflæðið sem mér finnst skemmtilegast. Það er að finna hvernig einbeitingin og valdið yfir hjólinu og umhverfinu sameinast á einum stað og stund. Yndislegt. Ég er reyndar hrifinn af mölinni líka –



#### „Að finna hvernig einbeitingin og valdið yfir hjólinu og umhverfinu sameinast á einum stað og stund.“

enda stendur það til bóta. Ég á mér draum um að túra um hálendið og jafnvel út fyrir landsteinana á ferðahjóli.“

Aðspurðir hvort þetta sé ekki lífsstíll að vera mótorhjólatöfvari frekar en áhugamál segir Ingvar: „Þetta er lífsstíll fyrir mér en líka áhugamál. Lífsstíllinn felst í því að maður tekur á sig ákveðin óþægindi til þess að fá eitthvað gott á móti. Það hefur reyndar komið á óvart hvað það er hentugt að vera

á mótorhjóli í umferðarteptri borg eins og Reykjavík. Maður er fljótari á milli staða og aldrei í vandræðum með stæði. Það sparar helling. Þetta er því góður lífsstíll og við sjáum líka fjölgun í Sniglum á meðal folks sem vill leita annarra leiða til að komast um borgina en að ferðast með „búri“ eins og sumir kalla það.“ Rósant bætir því við að þetta sé lífsstíll sem yfirtaki flest áhugamál.

Hjólamenning á Íslandi er fjölbreytt enda er hér hópur folks á öllum aldri, af öllum kynjum, úr öllum áttum, sem á það sameiginlegt að elska það að þeysast saman eða eitt síns liðs um á mótorhjóli. „Margir hópar eru víðs vegar um landið þar sem fólk kemur saman og sameinast um þennan lífsstíl. Sniglarnir eru svo hagsmunasamtök allra bifhjólamanna, límið sem tengir alla saman, hópa og einstaklinga,“ segir Rósant. Ingvar

segir að málefni Snigla hafi skilað miklum árangri og fjölgun meðlima var sú mesta af öllum samtökum FEMA, sem eru samtök áhugamanna um mótorhjóli í Evrópu. „Sá hópur er yngra fólk, með óvenjulegri mótorhjóli, konur og karlar, sem bætist við í flóru reyndari folks. Það er mikil samstaða hjá hjólafélki og það er til marks um góða menningu. Það ekur enginn mótorhjólamaður fram hjá einhverjum í vandræðum,“ bendir hann á.

Ingvar bendir á að rannsóknir í Bandaríkjunum hafi sýnt fram á að konur fái meira út úr hjólmennskunni en karlar og hann myndi vilja sjá miklu fleiri konur í Sniglum. „Við bjóðum konur velkomnar á opin hús hjá okkur á miðvikudagskvöldum í Skeljanesi kl. 20.00 til að fræðast meira – eða tékka á okkur á Facebook eða vefnum sniglar.is,“ segir Ingvar.

Rósant og Ingvar komnir í leðrið fyrir utan hús Sniglanna. Ingvar segir það hreinsa hugann að keyra mótorhjóli enda þýði ekkert að hugsa um annað en aksturinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

# Mótorhjólafólk!


## Komið með Sniglunum í hópakstur 1. maí

Bífhjólasmötök Lýðveldisins, Sniglar, halda árlegan hópakstur 1. maí í Reykjavík til að hleypa af stað góðu hjólasumri hjá félögum sínum og kynna samtökin fyrir áhugafólki um mótorhjól.

Við söfnumst saman kl. 11:00 neðst á Laugavegi en svæðið verður lokað fyrir almennri umferð. Kl. 12:30 er ekið af stað eftir merktri leið og endað um kl. 13:00 á bílastæðinu hjá Bauhaus fyrir framan Garðaland.

### Skemmtiatriði, veitingar og endalaust af mótorhjólum

Á planinu hjá Bauhaus verður hægt að kaupa veitingar, skoða mótorhjól, horfa á skemmtiatriði, hlýða á hljómsveitina Skarfana og mótorhjólaumboð munu mæta og kynna vörur sínar.



Sniglar minna á að öll miðvikudagskvöld í sumar er opið í félagsheimili Snigla í Skerjafirði frá kl. 20:00 en þar er hægt að skrá sig í Bífhjólasmötök Lýðveldisins. Fylgist með öðrum viðburðum Sniglanna á Facebooksíðunni:

**Bífhjólasmötök Lýðveldisins, Sniglar.**

### Athugið!

Við biðjum bílstjóra og aðra vegfarendur um að sýna tillitssemi þann stutta tíma sem hópaksturinn tekur og virða lokanir.



- Sameinuð náum við árangri -

Skráðu þig í Bífhjólasmötök Lýðveldisins Sniglar, á [www.sniglar.is](http://www.sniglar.is) núna!



Allt fyrir hús, heimili og garða

## EXIDE RAFGEYMAR LÉTTIR OG ÖRUGGIR

- til að allt verði í toppstandi í túrnum

Exide lithium rafgeymar fyrir mótorhjól eru léttir, endingargóðir og sterkbyggðir. Snöggir í endurhleðslu og þola vel að standa ónotaðir.



Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða [pontun@olis.is](mailto:pontun@olis.is).





Ásgeir dyttar að keppnishjól sínu á milli strembinna daga í Marokkorallinu.



Að lokinn keppni er við hæfi að fagna. Ásgeir þreyttur en ánægður.

Ásgeir Örn Rúnarsson og Sigurjón Andrésón héldu til Marokkó í Norður-Afríku í byrjun þessa mánaðar til að taka þátt í næststærsta ralli sem haldið er í heiminum ár hvert. Morocco Desert Challenge er rall þar sem eknir eru þrjú þúsund kílómetrar í Sahara-eyðimörkinni á átta dögum. Ásgeir, sem keppti á sérútbúnu mótörhjól, kláraði keppnina og endaði í sjötta sæti í sínum flokki sem kallaður er Malle Moto. „Við sem skráum okkur í Malle Moto-flokkinn megum ekki þiggja neina utan- aðkomandi aðstoð og þurfum að sinna öllu viðhaldi sjálfir. Við máttum taka með okkur tvo kassa, annan fyrir persónulega muni og hinn fyrir verkfæri og varahluti. Og þegar við komum í mark að kvöldi þurfum við vinna við hjólið sjálfir og undirbúa næsta dag en í þessu ralli eru átta dagleiðir og eknir samtals þrjú þúsund kílómetrar.“

#### Upplýsingar á Facebook

Hlutverk Sigurjóns í ferðinni var fyrst og fremst að styðja vin sinn í hans þátttöku en einnig að flytja þeim sem fylgdust með heima, fréttir af gangi mála. „Ég var þarna bæði til að upplifa og styðja Ásgeir en einnig til að segja frá okkar reynslu og reyna að deila henni á samfélagsmiðlum. Við settum í loftið Facebook-síðu sem kallast Mótörhjólalally – Ásgeir Örn Rúnarsson og þar settum við inn myndbönd, myndir og upplýsingar oft á dag. Við fengum mikil og góð viðbrögð að heiman og það var geysilega skemmtilegt að finna viðbrögðin. Fólk hefur gaman af

# Kláruðu átta daga eyðimerkurrali

Íslendingarnir Ásgeir Örn Rúnarsson og Sigurjón Andrésón kepptu á mótörhjól í byrjun þessa mánaðar í Morocco Desert Challenge-rallinu. Þar voru eknir 3.000 kílómetrar í Sahara-eyðimörkinni á 8 dögum.

því að sjá annað fólk glíma við framandi og erfiðar aðstæður,“ segir Sigurjón.

#### Ágætt netsamband í Sahara

En hvernig gekk að koma skilaboðum og myndböndum inn á samfélagsmiðla þar sem rallið var oft á tíðum á afskekktum stöðum í eyðimörkinni?

„Það er svo magnað að það mátti oftast ná í gott netsamband í kringum þéttbýliskjarna þarna suður frá. Við þurftum náttúrulega að fá okkur ný simakort og fylla vel á þau fyrir ferðina en oftast þurfti ekki að aka alltof langt til að komast í sæmilegt samband.“

#### Aðstoðarmaðurinn ók 3.500 kílómetra í eyðimörkinni

„Ég tók bilaleigubíl og ók á milli rásmarks og endamarks dag hvern.

Ég reyndi að koma við á áhuga-verðum stöðum og hitta fólk og upplifa. Stundum ók ég bara beint af augum í eyðimörkinni og tók myndir af því sem fyrir bar en aðra daga elti ég rallið og tók ljósmyndir af því þegar ökutækin fóru hjá.“

#### Risastór adrenalínsirkus

Að sögn Sigurjón var ferðin öll og þátttaka þeirra félaga mögnuð upplifun. „Þetta var stærra og kraftmeira en ég átti von á. Þetta er 1.300 manna sirkus með 280 keppnistækjum og alls 555 ökutækjum, þegar ökutæki aðstoðarfólks eru talin með. Lestinni fylgdu meðal annars þrjár þylur, alls konar sjúkra- og dráttarbílar, sjónvarpsútsendingatrukkur með öllu tilheyrandi, 15 ljósmyndarar, 12 kvikmyndatökumenn og 10 blaðamenn,“ segir Sigurjón og heldur

áfram. „Á hverjum degi eftir að keppnistækin höfðu verið ræst var þessi 1.300 manna tjaldborg með aðstöðu liðanna, eldhúsi, veitinga- svæði og bar, sturtu- og salernisaðstöðu rifin niður og flutt 300 kílómetra og komið upp samdægurs á öðru opnu svæði í eyðimörkinni. Það var ótrúlegt að fá að vera hluti af þessu, þetta voru sannkallaðar adrenalínúðir, keyrðar á ljósavélum og það voru tæki í þenslu og prufuakstri alla nóttina. Við sváfum í tjöldum sem við tókum með okkur út en gáfum að lokinni keppni enda vorum við alveg búnir að fá nóg því að sofa í tjaldi.“

Að hjóla í fullum herklæðum í 40 stiga hita

Ásgeir, sem kláraði rallið, lenti í 6. sæti í Malle Moto-flokknum og 49. sæti í flokki allra mótörhjóra af 72 hjólum sem hófu keppni. „Ég

er mjög sáttur við árangurinn. Hjólið reyndist ótrúlega vel og allur undirbúningur var eins og best verður á kosíð miðað við mitt fyrsta eyðimerkurrali. Aðstæður voru hins vegar afar erfiðar, hitinn óvenju hár fyrir árstíma og sandrókið mikið. Það er erfið að hjóla í sandöldum sem ég hef enga reynslu af með 1.200 hestafla trukk á hælunum, það er ógnvekjandi reynsla sem ég þarf að öðlast meiri reynslu í ef ég færi í svona aftur. En hitinn var þó erfiðastur. Við hjóluðum í miklum hlífðar- klæðnaði og með mikinn búnað og vatnsbirgðir á okkur og í sjálfu sér er það eitt erfiðt, þó að ekki bætist við 40 stiga hiti. Ég var til að mynda algjörlega sigraður eftir fjórða daginn og þurfti að hjóla svokallaða þjónustuleið fimmta daginn og fyrir það fékk ég tima- refsingu,“ sagði Ásgeir.

#### Ferðalagið kynnt fljótlega

Þeir félagar eru sammála um að ferðin hafi verið dýrmæt reynsla. „Fyrir mig var þetta ekki bara gamall draumur að rætast heldur einstök upplifun. Það er eitthvað svo gefandi við það að takast á við svona stórt verkefni og sigrast á manni sjálfum,“ segir Ásgeir. „Svo vonast ég líka til að geta deilt reynslu til þeirra sem vilja upplifa svona sjálfir.“ Sigurjón hefur svipaða sögu að segja. „Ég vissi ekki alveg hvað ég var að fara út í en upplifunin var betri og sterkari en ég átti von á. Það hafði áhrif á mig að sjá hvernig fólk dregur fram lífið í eyðimörkinni og það var sérstakt að fara til Vestur-Sahara og finna hvernig ástandið og spennan er á því hernumda svæði.“



REYKJAVÍK  
MOTOR CENTER  
Íslenska mótörhjólalabúðin

Flatahraun 31 • 220 Hafnarfirði • 510-9090



## VIÐ LEITUM AÐ GÓÐU FÓLKI

Kubbur óskar eftir **meiraprófs-  
bílstjórum** og **verkafólki** til starfa  
við sorphirðu í Hafnarfirði.

Atvinnuumsóknir sendist á [kubbur@kubbur.is](mailto:kubbur@kubbur.is)  
Nánari upplýsingar um störf í síma 456-4166

Kubbur ehf. er endurvinnslufyrirtæki með starfssemi  
á Ísafirði, í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Bolungarvík  
og Ölfusi.



Hagstofa Íslands er miðstöð  
opinberra hagskýrslugerðar  
á Íslandi. Hlutverk hennar  
er að vinna hlutlægar hag-  
skýrslur, hafa forystu um  
samhæfingu hagtalna,  
stunda rannsóknir og stuðla  
þannig að upplýstri umræðu  
og faglegum ákvörðunum.



Hagstofa Íslands

Borgartúni 21a · 105 Reykjavík  
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099  
www.hagstofa.is

## Hagstofa Íslands

### Þjóðhagseikningar - Fagstjóri þróunar og umbóta

Hagstofa Íslands leitar að framúrskarandi einstaklingi til að leiða tæknilegar umbætur og nýsköpun við gerð þjóðhagseikninga. Starfið heyrir undir deild þjóðhagseikninga og opinberra fjármála en þar vinnur fjölbreyttur hópur sérfræðinga að gerð talnaefnis um landsframleiðslu og afkomu hins opinbera.

Í starfinu felst að leiða áframhaldandi uppbyggingu tæknilegra innviða þjóðhagseikninga og að hafa forystu um hönnun og þróun nýrra afurða á því sviði. Starfið krefst mikillar tæknilegrar kunnáttu og færni.

Viðfangsefni eru fjölbreytt og krefjandi og fela í sér mikil samskipti og samstarf við hagsmunaaðila og innlendar og erlendar stofnanir.

#### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun í hagfræði, tölfraði, verkfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á gagnagrunnsforritun
- Reynsla af greiningum og hugbúnaðargerð með t.d. R eða Python
- Færni til að vinna að umbótum og verkefnastjórn
- Færni í samskiptum og geta til að miðla niðurstöðum innan teymis og út á við
- Færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Þekking á þjóðhagseikningum og fjármálum hins opinbera er kostur
- Leiðtogaþærni, drifkraftur og frumkvæði
- Reynsla af alþjóðasamstarfi kostur

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 13. maí 2019 og skulu umsóknir berast til:

Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 5281000.



## Ert þú að leita að okkur?

Vegna aukinna verkefna leitum við að frábæru fólki til að starfa með okkur. Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum sem eru mjög skipulagðir, sýna frumkvæði í starfi og eiga auðvelt með að vinna með öðrum.

#### Vélaverkfræðingur

Hönnunarvinna á sviði jarðvarma og aðstoð við stjórnun verkefna á Orkusviði.

##### Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf í vélaverkfræði
- Reynsla í hönnun pípukerfa og vélbúnaðar
- Reynsla af notkun hönnunar- og teikniforrita
- Reynsla í verkefnastjórnun æskileg

#### Eftirlit með byggingaframkvæmdum

Umsjón og eftirlit með byggingaframkvæmdum á Byggingasviði.

##### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í byggingarverkfræði, byggingartæknifræði eða byggingafræði
- Meira en 3ja ára starfsreynsla af umsjón og eftirliti með byggingaframkvæmdum
- Iðnmenntun og byggingarstjóraréttindi eru kostur
- Reynsla af notkun teikniforrita, t.d. AutoCad og Revit er kostur

#### Eftirlit með samgöngu- og veitufamkvæmdum

Umsjón og eftirlit með samgöngu- og veitufamkvæmdum á Samgöngu- og umhverfis-sviði.

##### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í byggingarverkfræði, byggingartæknifræði, jarðverkfræði eða jarðfræði
- Meira en 3ja ára starfsreynsla af umsjón og eftirliti með samgöngu- og veitufamkvæmdum.
- Iðnmenntun og byggingarstjóraréttindi eru kostur
- Reynsla af notkun teikniforrita, t.d. AutoCad og Civil 3D er kostur

#### Nánari upplýsingar veitir

Elín Greta Stefánsdóttir mannauðsstjóri, [egs@verkis.is](mailto:egs@verkis.is)

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfirmatæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa yfir 300 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um á ráðningarvef Verkís ([umsokn.verkis.is](http://umsokn.verkis.is)) fyrir 6. maí n.k.



Ofanleiti 2 | [verkis@verkis.is](mailto:verkis@verkis.is) | 422 8000



# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Kennarar	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Reykjanesbær	201904/905
Dýralæknir fisksjúkdómaeftirlits	Matvælastofnun	Hafnarfjörður	201904/904
Upplýsingafræðingur	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201904/903
Starfsmenn í stoðþjónustu	Samkeppniseftirlitið	Reykjavík	201904/902
Verkefnastjóri þróunarmála	Fjölmenningssetur	Ísafjörður	201904/901
Lögfræðingur	Gæða-/eftirlitsstofnun félagsþjónustu	Reykjavík	201904/900
Framhaldsskólakennarar	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Vestm.eyjar	201904/899
Aðjúnt í þroskaþjálfarafræði	Háskóli Íslands, Menntavísindasvið	Reykjavík	201904/898
Nýdoktor	HÍ - Rannsóknamiðst. um sjónskynjun	Reykjavík	201904/897
Fagstjóri þróunar og umbóta	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201904/896
Verkefnisstjóri	Háskóli Íslands, Miðstöð framh.náms	Reykjavík	201904/895
Lektor í hjúkrunarfræði	Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201904/894
Hjúkrunardeildarstjóri	Landspítali, almenn göngudeild	Reykjavík	201904/893
Hjúkrunarnemi	Landspítali, barna-/unglingageðdeild	Reykjavík	201904/892
Yfirlöggluþjónn	Lögglustjóri á Austurlandi	Eskifjörður	201904/891
Lektor í lífeðlisfræði	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201904/890
Skrifstofumaður	Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	Reykjanesbær	201904/889
Hjúkrunarfr., næturvaktir/sumararfl.	Landspítali, Kleppur	Reykjavík	201904/888
Sérfræðilæknir	Landspítali, hjartalækningar	Reykjavík	201904/887
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, dag-/göngudeild Hjartagátt	Reykjavík	201904/886
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, barna-/unglingageðdeild	Reykjavík	201904/885
Háskólamentaður starfsmaður	Landspítali, erfða-/sameindalæknisfr.	Reykjavík	201904/884

S. Gunnbjörnsson ehf  
heildverslun

## Snyrtivörueildssala leitar eftir samvisskusömu og áreiðanlegu starfsfólki.

Við leitum að sölumanni. Kynningar, lagervinna og afgreiðsla og útkeysla eru einnig hluti af þessu starfi.

Viðkomandi þarf helst að vera eldri en 25 ára, snyrtilegur með ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Vinnutími er að mestu frá 09-17, en er stundum teygjanlegur.

**JE vélaverkstæði** leitar að framtíðarstarfsmanni með reynslu, járníðnaðarmanni eða vélvirkja sem getur unnið sjálfstætt, talar íslensku, hefur ríka þjónustulund og er samvisskusamur.

Helstu verkefni eru almennar vélavíðgerðir og járnsmíði auk viðhalds á bátum og skipum.

JE vélaverkstæði er rótgróid fyrirtæki á Siglufirði, þar starfa sjö starfsmenn við smíðar og víðgerðir og fjórir við trefja-plastvíðgerðir. Stór hluti verkefna eru tengd sjávarútveginum og hjá nýsköpunarfyrirtækunum Genis og Primex.

Fyrirspurnir og/eða umsóknir ásamt ferilskrá má senda á netfangið starfsumsokn.je@outlook.com Öllum verður svarað.

**JE -VÉLAVERKSTÆÐI EHF**



Veðurstofa  
Íslands



## SÉRFRÆÐINGUR KERFISSTJÓRNUN/SÉRKERFI

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í kerfisstjórnun til að sinna viðhaldi og rekstri á sérhæfðum miðlægum kerfum Veðurstofunnar og taka þátt í hönnun og þróun á þeim. Viðkomandi mun starfa á Upplýsingatæknisviði Veðurstofu Íslands.

### ▶ HLUTVERK

Hlutverk sérfræðings í kerfisstjórnun er meðal annars að reka sérhæfð miðlæg kerfi Veðurstofunnar. Í því felst þjónusta, viðhald, eftirlit og ráðgjöf. Viðkomandi sérhæfir sig í ákveðnum kerfum, en hefur rekstrarlega þekkingu á öllum kerfum upplýsingatækni.

### ▶ HÆFNISKRÖFUR

- ▶ Menntun á sviði kerfisstjórnunar og/eða reynsla á sviði kerfisstjórnunar
- ▶ Þekking og/eða reynsla á rekstri vefþjóna, netþjóna og sýndarvéla í 24/7 umhverfi
- ▶ Þekking og reynsla á Linux starfsstöðvum og notendabjónum
- ▶ Kunnátta í Windows umhverfi er kostur
- ▶ Frumkvæði og lausnamiðuð nálgun á verkefni
- ▶ Færni í mannlegum samskiptum og að miðla upplýsingum
- ▶ Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð

### ▶ FREKARI UPPLÝSINGAR

Nánari upplýsingar um störfni veita Gunnar Bachmann Hreinsson, framkvæmdastjóri Upplýsingatæknisviðs (gbh@vedur.is) og Borgar Ævar Axelsson, mannauðsstjóri (borgar@vedur.is), í síma 522 6000.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfni á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is).

Umsóknarfrestur er til og með 13. maí nk.

Gildi Veðurstofunnar eru þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum. Um er að ræða fullt starf og taka laun mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélagas.

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 140 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðisvið. Auk þess starfa um 70 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, jörð, snjó, jökulum og hafi. Starfsemin fer fram á fimm sviðum: Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði, Úrvinnslu- og rannsóknasviði og Upplýsingatæknisviði.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á [www.vedur.is](http://www.vedur.is)



FLÓAHREPPUR



Krakkaborg

**Ekki missa af þessu tækifæri !!!**

## Okkur vantar leikskólakennara í 100% stöðu og þroskaþjálfara í 80-100% stöðu

Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli og að jafnaði dvelja þar um 40-45 nemendur frá níu mánaða – sex ára. Húsnæði leikskólans er nýlegt og aðstaða og aðbúnaður mjög góður. Hér er góður starfsmannahópur, hátt hlutfall fagmenntaðra og reynslumikilla starfsmanna, yndislegir nemendur og jákvæðir foreldrar. Umhverfi leikskólans býður upp á óendanlega möguleika. Þeir sem vilja vera virkur hluti liðsheildar, jákvæðir og skapandi ættu ekki að hika. Við erum falin perla í aðeins 10 mínútna akstri frá Selfossi. Áhugasamir velkomnir í heimsókn!

### Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun
- Þroskaþjálfamenntun
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði og jákvæðni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Ef ekki fæst leikskólakennari eða þroskaþjálfari til starfa eru aðrar umsóknir teknar til skoðunar. Laun eru samkvæmt kjarasamningum.

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Hólm Þorkeldsdóttir leikskólastjóri í síma 480-0151/863-7037 eða Björg Kvaran aðstoðarleikskólastjóri í síma 480-0151/845-1019

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netföngin [guggaholm@floahreppur.is](mailto:guggaholm@floahreppur.is) eða [bjorgk@floahreppur.is](mailto:bjorgk@floahreppur.is)

Umsóknarfrestur er til 17.maí 2019.

Þú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG  
FERSK STÖRF  
Í HVERRI VIKU





## Verkefnastjóri Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna 2020

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin (EFA) verða veitt í Hörpu í desember 2020. Verkefnið er viðamikilið samstarfsverkefni ríkis og borgar og er hátíðin haldin í nánu samstarfi og samráði við Evrópsku kvikmyndaakademíuna.

Verkefnastjóri Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna heldur utan um alla þræði verkefnisins í samráði við stjórn verkefnisins og Evrópsku kvikmyndaakademíuna. Ráðgert er að í aðdraganda hátíðarinnar fari fram fjölmargir hliðarviðburðir tengdir evrópskum kvikmyndum og kvikmyndagerð. Markmiðið er einnig að markaðssetja Ísland og Reykjavík sem áfangastað fyrir ferðamenn og tökustað fyrir kvikmyndir, kynna íslenska kvikmyndagerð og menningu og síðast en ekki síst að beina athyglinni að Hörpu sem glæsilegu viðburðahúsi á heims-mælikvarða.

Um fullt starf er að ræða frá 1. ágúst 2019 út janúar 2021 en möguleiki á því að byrja í hálfu starfi fyrir.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Verkefnastjóri hefur heildarumsjón með undirbúningi Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna árið 2020. Verkefnastjóri vinnur samkvæmt fyrirbyggjandi verkefna- og fjárhagsáætlun og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð gagnvart stjórn verkefnisins.
- Verkefnastjóri leiðir saman samstarfsaðila, heldur utan um samningagerð, aflar styrkja og gætir að því að mynd verkefnisins sé í samræmi við þær áherslur sem fram hafa verið settar um markmið og tilgang verkefnisins.

### Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af því að skipuleggja og stýra viðamiklum verkefnum eða viðburðum.
- Þekking og reynsla af menningarstarfi og markaðs- og kynningarmálum.
- Reynsla af alþjóðlegu samstarfi.
- Góð reynsla af rekstri og samninga- og áætlanagerð.
- Leiðtogaþæfileikar, frumkvæði og skipulagsfærni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að vinna undir álagi og geta til að sinna mörgum verkefnum í einu.
- Góð íslenskukunnátta er kostur og hæfni til þess að tjá sig á ensku í ræðu og riti skilyrði.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. maí.** Umsóknir skulu sendar í gegnum vef Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Umsóknnum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjendur gera grein fyrir hæfni sinni í starfið.

### Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arna Schram sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar í tölvupósti [arna.schram@reykjavik.is](mailto:arna.schram@reykjavik.is) eða Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar, í tölvupósti [laufey@kvikmyndamidstod.is](mailto:laufey@kvikmyndamidstod.is).

## VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?



### VERKEFNASTJÓRI Á AKUREYRARFLUGVELLI

Isavia óskar eftir að ráða kraftmikinn og áhugasaman verkefnastjóra til að taka þátt í uppbyggingu og þróun Akureyrarflugvallar. Helstu verkefni eru skipulagning þjálfunar, utanumhald björgunar- og slökkviþjónustu, aðstoð við daglegan rekstur, öryggis- og gæðamál, áætlanagerð og önnur tilfallandi verkefni. Um er að ræða spennandi starf í fjölbreytilegu og alþjóðlegu umhverfi.

Nánari upplýsingar veitir Hjördís Þórhallsdóttir umdæmisstjóri, [hjordis.thorhallsdottir@isavia.is](mailto:hjordis.thorhallsdottir@isavia.is)

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun er kostur
- Reynsla og/eða menntun í verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Reynsla af björgunar- og slökkvistörfum er kostur
- Þekking á öryggis- og gæðastjórnunarkerfum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á [isavia.is](http://isavia.is).



Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvæðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.



ISAVIA



## Starfsmenn í stoðþjónustu



Samkeppniseftirlitið leitar að tveimur hæfum einstaklingum í nýtt stoðþjónustuteymi. Markmið eftirlitsins er að byggja upp teymi fólks sem mun vinna að fjölbreyttum verkefnum við vinnslu rannsókna, miðlun upplýsinga og kynningarefnis, ásamt því að sinna ýmis konar þjónustu við aðra starfsmenn. Leitað er eftir jákvæðum, opnum og lausnamiðuðum einstaklingum sem eiga auðvelt með að vinna í teymi auk þess að geta unnið sjálfstætt. Í starfinu reynir á yfirsýn, nákvæm og öguð vinnubrögð, frumkvæði og samstarfshæfileika.

**Leitað er að hæfum einstaklingum sem búa e.a. yfir reynslu sem nýtist til að sinna einhverju af eftirtöldum verkefnum:**

1. Þátttöku í gagnaöflun við rannsókn mála, samskiptum við hagsmunaaðila, frágangi ákvarðana og annarri aðstoð við sérfræðinga við meðferð mála.
2. Miðlun upplýsinga, kynningarefnis og fréttu á heimasíðu og samfélagsmiðlum, samskiptum við fréttamiðla og haghafa og öðrum verkefnum sem varða gagnsæi og upplýsingastefnu Samkeppniseftirlitsins.
3. Þátttöku í mótun og viðhaldi á upplýsingatækni Samkeppniseftirlitsins og aðstoð við notendur.

Við mat á umsækjendum mun Samkeppniseftirlitið fyrst og fremst horfa til hæfileika og reynslu til þátttöku í einhverjum framangreindra verkefna.

Nánari upplýsingar veitir Karítas Jónsdóttir, rekstrarstjóri, (karitas@samkeppni.is) í síma 585-0700.

**Umsóknarfrestur er til og með 13. maí nk.**

Æskilegt að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn óskast fyllt út á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is) og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til þess að ráða á grundvelli auglýsingarinnar næstu sex mánuði eftir birtingu hennar.

Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Samkeppniseftirlitið er í miklum samskiptum við atvinnufyrirtæki, tekur við kvörtunum og ábendingum. Þá reiðir Samkeppniseftirlitið sig á upplýsingagjöf frá fyrirtækjum og er þess vegna í samskiptum við fjölda fyrirtækja og stofnana á þeim mörkuðum sem rannsóknir líta að. Stofnunin hefur eftirlit með samkeppnislögum og hefur það að markmiði að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri.

## Óskum eftir duglegum verkamanni,

þarf að geta unnið sjálfstætt.

Góð laun og vinnubíll.

Sendið inn umsókn á [sabor@simnet.is](mailto:sabor@simnet.is)



## Félagsráðgjafi

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir stöðu félagsráðgjafa lausa til umsóknar. Um er að ræða 100% starf.

Umsækjandi hafi starfsréttindi félagsráðgjafa MA


Verkefni félagsráðgjafa taka til almennrar félags- og skólaþjónustu, barnaverndar og stuðningsþjónustu sveitarfélaga.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Skrifleg umsókn er tilgreini menntun, starfsferil, 1-2 umsagnaraðila ásamt prófskírteinum, starfsleyfi og sakavottorði berist undirrituðum sem jafnframt veitir frekari upplýsingar.

**Umsóknarfrestur er til 24. maí 2019**

Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður  
Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær  
[sveinn@fssf.is](mailto:sveinn@fssf.is); s. 430 7800, 861 7802



## BIFVÉLAVIRKI Á GLÆSILEGASTA VERKSTÆÐI LANDSINS

Brimborg hefur opnað glæsilegasta vörubifreiða- og rútuverkstæði landsins undir nafninu Veltir að Hádegismóum 8 í Árbæ. Um er að ræða glænýja og vel tækjum búna þjónustumiðstöð fyrir Volvo atvinnutæki en rík áhersla er lögð á fagmennsku og góða umgengni í frábærri starfsmannaaðstöðu og framúrskarandi vinnuumhverfi.

**Komdu í hóp 40 frábærra fagmanna hjá Velti.**

### STUTT STARFSLÝSING

- Vinna við bilanagreiningu og viðgerðir á vörubílum og rútum
- Þátttaka í þjálfun og símenntun

### HÆFNISKRÖFUR

- Réttindi í bifvélaþjónun/vélvirkjun eða mikil reynsla í faginu
- Gilt bílpróf, meirapróf æskilegt
- Góð þjónustulund og vilji til að vera virkur hluti af góðri liðsheild

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um á [veltir.is](http://veltir.is)

Þú færð allar upplýsingar hjá Jóhanni Rúnari, þjónustustjóra, í síma 510 9102. **Hringdu núna!**

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

# VELTIR

Veltir|Volvo atvinnutækjasvið Brimborgar veitir forstöðu umboðum fyrir Volvo og Renault vörubifreiðar á Íslandi ásamt hóperðabifreiðum frá Volvo Bus, vinnuvélum frá Volvo og Volvo Penta bátavélum, rafstöðvum og ljósavélum. Veltir veitir framúrskarandi viðgerðar- og varahlutabjónustu fyrir Volvo atvinnutæki ásamt því að veita með hraðþjónustudeildinni Veltir Xpress smur-, dekkja- og vagnþjónustu.



**Auðarskóli**  
Ábyrgð-Ánægja-Árangur

## Auðarskóli óskar eftir að ráða í eftirfarandi stöður skólaárið 2019-2020

### Kennarar í Auðarskóla

Við Auðarskóla er laus 100% staða umsjónarkennara á unglíngastigi og 100% staða umsjónarkennara á yngsta stigi fyrir skólaárið 2019-2020.

Umsjónarkennsla á unglíngastigi, meðal kennslugreina eru:

- Íslenska
- Samfélagsfræði
- Erlend tunugmál
- Val

### Umsjónarkennsla á yngsta stigi, meðal kennslugreina eru:

- Stærðfræði
- Íslenska
- Náttúrufræði
- Samfélagsfræði
- Enska

### Mikilvægt er að umsækjendur búi að:

- Færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Einnig þurfa umsækjendur að vera tilbúnir að vinna eftir stefnu Auðarskóla í teymiskennslu.

**Umsóknarfrestur er til 1.maí 2019.**

Umsækjendur þurfa að hafa leyfisbréf til þess að kenna í grunnskóla. Umsóknir um starfið berist á netfangið [keli@audarskoli.is](mailto:keli@audarskoli.is). Í umsókninni þurfa að vera ferilskrá og ábendingar um meðmælendur. Upplýsingar um starfið veitir Þorkell aðstoðarskólalastjóri í síma 4304757.

## Málmblasturskennari 75% Píanókennari / meðleikari 100% Söngkennari - stundakennsla

Tónlistarskóli Árnésinga óskar eftir að ráða til starfa málmblasturskennara í 75% starf, píanókennara / meðleikara í 100% starf og söngkennara í stundakennslu frá hausti 2019.

Kennt er samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tónlistarkennaramenntun (Tónlenn. III skv. kjarasamn. FT/FÍH)
- Reynsla af tónlistarkennslu æskileg
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Samviskusamur, skapandi og skipulagður.

Upplýsingar gefa Helga Sighvatsdóttir skólustjóri í síma 861-9687 eða Jóhann Stefánsson aðstoðarskólustjóri í síma 864-1235.

**Umsóknarfrestur er til 11. maí 2019.**

Senda má fyrirspurnir og umsóknir í tölvupósti til helga@tonar.is og joi@tonar.is.

*Tónlistarskóli Árnésinga er einn af stærstu tónlistarskólum landsins með starfsemi á 11 kennslustöðum í Árnessýslu. Fjöldi nemenda er um 600 og starfa um 30 kennarar við skólann.*

## Sérfræðingar hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar

**Biskup Íslands auglýsir eftir tveimur starfsmönnum til starfa sem fagaðilar - handleiðarar hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.**

Fjölskylduþjónustan, sem starfar á vegum Þjóðkirkjunnar, veitir sérhæfða þjónustu í fjölskyldumálum á grundvelli kristinna lífs-gilda. Fjölskylduþjónustan starfar á grundvelli starfsreglna kirkjubings um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar nr. 951/2009, með síðari breytingum.

### Helstu verkefni:

- Stuðningur við fjölskyldur sem þess óska með viðtölum, ráðgjöf og fræðslu.
- Styðja og efla presta og djákna í samskiptum við fjölskyldur, svo sem í viðtölum, í sáttumleitunum, fræðslustarfi og ráðgjöf.
- Handleiðsla presta, djákna og annarra starfsmanna kirkjunnar.
- Fræðslu- og kynningarstarf.
- Önnur skyld verkefni.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun, þ.e. félagsráðgjöf, guðfræði eða sálfræði.
- Viðbótarmenntun í fjölskyldumeðferðarfræðum og handleiðslu.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og samvinnu.
- Almenn tölvuþekking.
- Reynsla og/eða þekking af kirkjulegu starfi er æskileg.
- Góð íslenskukunnátta, enskukunnátta og kunnátta í einu norðurlandamáli er æskileg, sem og geta til að tjá sig í ræðu og riti.

Launakjör taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags. Við ráðningu í starfið er tekið mið af jafnréttisáætlun Þjóðkirkjunnar.

Nánari upplýsingar um starfið er að fá hjá forstöðumanni Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Benedikt Jóhannssyni, s. 528 4300 eða hjá skrifstofustjóra Biskupsstofu, Guðmundi Þór Guðmundssyni, í síma 528 4000.

**Ráðið er í störf frá 1. september 2019. Umsóknarfrestur er til miðnættis 14. maí 2019.**

Sótt er um starfið rafrænt á vef kirkjunnar [www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is) undir laus störf, þar sem leggja skal fram tilskilin fylgigögn á rafrænu formi þ. á m. heimild til öflunar upplýsinga úr sakaskrá um tiltekna brotaflokk.

## Alþjóðlegur regluvörður

Össur er ört vaxandi fyrirtæki með starfsemi víða um heim. Þar sem laga- og reglugerðarumhverfi Össurar er bæði strangara og flóknara en áður, leggur fyrirtækið nú meiri áherslu á regluvörslu í víðum skilningi með það að markmiði að gera hana öflugri og skilvirkari. Við leitum að einstaklingi til að leiða alþjóðlega regluvörslu Össurar, t.a.m. varnir gegn spillingu, mútum og peningabætti, fylgni við alþjóðlegar viðskiptahindranir og samkeppnislög o.s.frv.

### STARFSSVIÐ

- Mótun og innleiðing á stefnu Össurar í alþjóðlegri regluvörslu
- Umsjón með daglegum verkefnum alþjóðlegrar regluvörslu, þ.m.t. ráðgjöf til starfsmanna
- Mótun / endurskoðun reglna og ferla innan fyrirtækisins er varða alþjóðlega regluvörslu
- Endurskoðun forma og samninga fyrirtækisins með tilliti til alþjóðlegrar regluvörslu
- Mótun / endurskoðun efnis vegna þjálfunar starfsmanna á viðeigandi sviðum
- Eftirlit með breytingum í laga- og reglugerðarumhverfi Össurar á viðeigandi sviðum
- Eftirlit með regluþyngni

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun og alþjóðleg reynsla sem nýttist í starfi
- Reynsla af sambærilegum störfum mikill kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun kostur
- Mjög góð samskiptahæfni og sannfæringarkraftur
- Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti
- Frumkvæði, seigla og sjálfstæð vinnubrögð
- Praktísk nálgun við úrlausn mála

## Sérfræðingur í gæðakerfum

**Hlaupabretti, aðeins 99.000,-**

Óflug græja með 3 hp mótör. Max hraði 16 km/klst. Breytilegur halli allt að 15°. Hátalarar, mp3, 12 prógröm. Hámarksþyngd notanda 130 kg.

Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902. Bíldshöfða 16, bakhús.

**PREKTÆKI**

**EYJALIND Varahlutir í VOLVO**

- Vinnuvélar

- Vörubílar

- Rútur



[Vertu vinur okkar á Facebook](https://www.facebook.com/eyjalind)

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - [www.eyjalind.is](http://www.eyjalind.is)

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

**Bilvogur eh/f**

Bifreiðaverkstæði

Auðbrekka 17

200 Kópavogi

Láttu okkur gera bílinn kláran í sumaraksturinn.

Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.

Sími 564 1180 • [bilvogurmot@simnet.is](mailto:bilvogurmot@simnet.is) • [www.bilvogur.is](http://www.bilvogur.is)

**Snyrti & nuddstofan Smart**

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!

Kíkjið á facebook síðu okkar: [facebook.com/snyrti](https://www.facebook.com/snyrti) og [nuddstofan smart](https://www.facebook.com/nuddstofan-smart)

**Verið hjartanlega velkomín.**



Tímabantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • [helgasig2@gmail.com](mailto:helgasig2@gmail.com) og á [Facebook.com/snyrti](https://www.facebook.com/snyrti) og [nuddstofan smart](https://www.facebook.com/nuddstofan-smart)

Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is) [gudruninga@frettabladid.is](mailto:gudruninga@frettabladid.is)



**plettac**  
distribution

**FRÁBÆR ÞJÓNUSTA - GÓÐ VERÐ  
SALA OG LEIGA**

Plettac vinnupallar  
- Protekt fallvarnarbúnaður  
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni

**VINNUPALLAR EHF**  
s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com



**Þú ert ráðin/n!**  
Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

[www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)

**FAST** Ráðningar



**GLEÐILEGT  
SUMAR**

**15% afsláttur af  
sumarviftum frá SOGO  
til 1. maí.**

LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMÍÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

**íshúsið**  
S: 566 6000 • Smíðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

**viftur.is**

GLAMOUR

# Komið í allar helstu verslanir

# GLAMOUR

Ísland  
Sumar 2019

28 stóna  
**TREND**  
**BIBLIA**  
*Allt um sumartískuna*

*Fullnægingarvandi  
kvenna*

**HVAR ERU  
KONURNAR?**

*Engin kona er forstjóri  
fyrirtækis sem skráð er  
í Kauphöll Íslands*

# STEINUNN

Fatahönnuðurinn sem hætti hjá Gucci *til að fara*  
*í eigin rekstur* REDIR NYJA LIFSSYN sem fjölfatlaður  
einkasonurinn veitti. fatahönnun á Íslandi og gagnrýnina  
sem hún fékk þegar hún hélt starfsferlinum gangandi  
með litio veikt barn.



*Íslenskt tískutímarit*



Bakgrunnur Mazen og Roskva er afar ólíkur en þau eiga það sameiginlegt að trúa því að í bókmenntum felist svar við því hvað það er að vera manneskja. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kristjana Björg  
Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



Roskva Koritzinsky er nýlent á Íslandi og hingað komin til að taka þátt í Bókmenntahátíð. Hún er 29 ára gömul og gaf út sína fyrstu bók árið 2013. Það var smásagnasafnið Her inne et sted sem fékk góða dóma og viðurkenningar. Fyrsta skáldsaga hennar, Flammen og mörket, kom út árið 2015 og svo kom annað smásagnasafn árið 2017; Jeg har ennå ikke sett verden. Hún var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2018.

Mazen Maarouf þekktja Íslendingar. Hann er palestínkur að uppruna og fæddur í Beirút. Hann er fertugur og hefur síðustu ár helgað sig skáldskap og þýðingum. Hann kom hingað til lands árið 2011 eftir að Reykjavíkurborg gerðist aðili að ICORN og varð þannig skjólborg fyrir rithöfundar sem hafa þurft að yfirgefa heimalönd sín vegna ofsókna. Mazen hefur birt ljóð og smásögur og fyrir smásagnasafn sitt, Brandarar handa byssumönnum, var hann tilnefndur til hinna virtu alþjóðlegu Man Booker verðlauna. Þá hlaut hann Al-Multaqa verðlaunin sem eru veitt fyrir smásögur á arabísku.

Roskva, hefur þú komið áður hingað?

Roskva: Ég hef aldrei komið áður til Íslands, ég bara var að lenda og keyrði beint hingað. Ég hef ekki séð mikið enn en á dagskránni er að fara í sund, mér skilst í Vesturbæjarlaug.

Mazen, hvernig var það þegar þú komst hingað?

Mazen: Ég kom fyrst hingað árið 2011. Það var einn skrytnasti dagur í lífi mínu. Það var snarbrjáláður stormur og flugvélin lenti um 20 mínútum á undan áætlan. Vindurinn hreinlega fleygði vélinni áfram. Ég var að koma frá Beirút í gegnum París og var brugðið. Mín var beðið á flugvælinum og mér sagt að svona væri þetta nú ekki alveg alltaf. En ég komst fljótt að því að Ísland er að öllu leyti ólíkt landinu sem ég kem frá. Andstæðurnar eru miklar, í menningu, pólitík og veðri, og ég vissi strax að hér yrði allt öðruvísi líf í boði fyrir mig.

# Skelfileg velgengni

Rithöfundarnir **Mazen Maarouf**, sem er palestínkur að uppruna en Íslenskur ríkisborgari, og **Roskva Koritzinsky**, ungur rithöfundur frá Noregi, settust á rökstóla og ræddu óttann sem fylgir því að ganga vel, nánd, tilgang bókmennta og uppgang smásögunnar.



## MIG LANGAÐI AUÐVITAÐ

### AÐ ÖSKRA OG HOPPA

### EN ÉG BÝ Í GÖMLU HÚSI

### OG VILDI EKKI VEKJA

### NÁGRANNANA. ÉG FAGN-

### ADI Í ALGJÖRRI ÞÖGN.

Mazen

Roskva, sögum þínum hefur verið lýst sem ljóðrænum og myrkum. Hvað finnst þér sjálfri um þá lýsingu?

Roskva: Ég verð alltaf mjög hissa þegar einhver lýsir sögunum mínum sem drungalegum eða myrkum. Í þunglyndi hefur þú ekkert að segja, þar eru engin orð. En smásögur mínar finnst mér vera frekar eins og ljóð og ég set mikla orku í þær. Ég sjálf er líka full lífsorku þegar ég skrifa.

Fólk segir sögur mínar einnig fjalla um mannleg samskipti, til dæmis foreldra og barna, vina eða hjóna. Meginþemað er líklega þessi tálsýn um að það að hafa einhvern nálægt þér geri þig hamingjusaman og tryggir þér öruggan stað í veröldinni. Stundum er fólk meira einsamalt, meira hrætt og lokað af í samböndum sínum en ef það væri einsamalt.

Mazen, sögur þínar í Brand-

arar handa byssumönnum eru ansi magnaðar. Ég upplifði þær sem tilfinningar úr bernsku þinni sem svo seinna urðu að sögum? Það er eitt-hvað falið í þeim, er það ekki?

Mazen: Jú, það má segja það. Tilfinningar verða að sögum. Og hver saga inniheldur eitthvert atriði sem ég upplifði sjálfur sem barn. Það er áhugavert að segja frá því að á meðan ég bjó í Líbanon trufluðu þessi atriði mig ekki mikið. Það var ekki fyrir en ég kom til Íslands sem ég vaknaði á kraftmikinn máta og fann að það var áriðandi að gera upp það sem gerðist. Ég vildi koma á sáttum með því að finna reynslu minni stað í skáldskap.

Getur þú nefnt dæmi um raunverulegt atriði sem átti sér stað og er að finna í sögum þínum?

Mazen: Já, í einni sögunni segir af dreng sem felur sig undan sprengjaregni í kvikmyndahúsi. Það þurftum við fjölskyldan einu sinni að gera.

Stríðið var algjörlega skelfilegt. Það verður aðskilnaður á milli fólks vegna trúar og uppruna og það ríkir ótti og vantraust á fólki. Þetta eru ómannúðlegar aðstæður og hryllilegar. En þrátt fyrir það kys engin manneskja að lifa bara í hryllingi og ótta. Við reynum alltaf að hafa gaman, segja brandara í fánlegum aðstæðum. Það endurspeglar að mínu mati lífið á einhvern hátt.

Þú varst tilnefndur til alþjóðlegu Man Booker verðlaunanna fyrir bókina. Hvernig varð þér við?

Mazen: Tilnefningin gladdi mig, sérstaklega vegna þess að ég var tilnefndur fyrir smásögur. Ég fékk skilaboð um miðja nótt á símann. Ég gat ekki sofið í þrjá tíma. Ég fylltist



## SVO KOM ÉG, ADEINS 28

### ÁRA GÖMUL OG TILNEFND.

### ÉG BEIÐ ÞVÍ ÓTTASLEGIN

### EFTIR FYRIRSÖGNINI:

### HVER ER ÞESSI FREKJU-

### DOLLA?

Roskva

skelfingu. Hvað á ég að gera? Mig langaði auðvitað að öskra og hoppa en ég bý í gömlu húsi og vildi ekki vekja nágrannana. Ég fagnaði í algjörrí þögn. Skelfdist líka. En svo gladdist ég á endanum.

Roskva, þú varst aðeins 28 ára gömul og tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, hvernig leið þér?

Roskva: Ég fékk fréttirnar þremur vikum áður, þannig að ég gat ekki rætt við aðra um líðan mína. Ég sagði reyndar mömmu og kærastanum mínum frá. Árið áður var tilnefndur rithöfundur sem var óþekktur í Noregi þrátt fyrir að hann hefði skrifað bækur í mörg ár. Fyrirsögnin í einu stærsta blaði Noregs var: Hann á ekki skilið þessa tilnefningu. Svo kom ég, aðeins 28 ára gömul og tilnefnd. Ég beið því óttaslegin eftir fyrirsögninni: Hver er þessi frekjudolla?

Það er svona ákveðið trend í

norskum fjölmiðlum að sýna hörku. Fjölmiðlar eru komnir með nóg af sannsögulegum og skáldævisögum þar sem er í raun og veru ekki hægt að hanka höfundinn á innihaldi bókarinnar. Ég var eiginlega hrædd um að það yrði öskrað á mig, en svo var þetta bara fint. Ég skrifa smásögur eins og Mazen og mér finnst mjög gott að smásagan er að fá meira vægi.

Mazen, þú hefur fylgst vel með baráttu hælisleitenda hér á landi, hvernig finnst þér staðan vera?

Mazen: Það er skömm að því hvernig er komið fram við þetta fólk. Ísland er stolt af því að vera land þar sem skoðanafrelsi ríkir, þar sem mannréttindi eru virt, kynfrelsi og kvenfrelsi en ég velti því fyrir mér hvort þetta sé allt á yfirborðinu. Þegar fólk yfirgefur heimaland sitt í neyð er það að yfirgefa stóran og ríkan menningarheim og það vill bara lifa góðu lífi. Ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með það hvernig lögregla kemur fram, ég er í sjokki yfir því.

Mér finnst þetta sérstaklega ömurlegt vegna þess að sjálfstæðisbarátta Íslendinga byggir á menningarverðmætum. Saga okkar er einstök en stjórnmálasagan virðist ætla að próast í aðra átt.

Það segir okkur líka margt um þessa krísu, frjálshygjan er að líða undir lok og nú lifum við á tímum engrar hugmyndafræði.

Já, það eru helst börnin sem berjast fyrir betri heimi?

Mazen: Já, það er rétt og það er mikilvæg barátta.

Roskva: Þegar ég segi fólki að ég sé frá Noregi þá hefur það þessa sömu draumsýn og þú segir frá. En hún er tálsýn og þetta gerist svo hratt. Það ríkir algjör óreiða, við höfum ekki lengur skýra hugmyndafræði, trú eða siðferðis-kompás til að fylgja. Mér finnst egóið í forgrunni og það er skelfileg tilhugsun.

Mazen: Þess vegna eru bókmenntir mikilvægar, þær færa saman fólk af mismunandi menningarheimum. Þær eru mikilvægari en pólitík. Við vitum ekki mikið um hvert annað, við vitum margt um heiminn en ekki um hvert annað sem manneskjur. Bókmenntir færa okkur vitneskju um það, hver við erum.

# ENN HOLLARI OLÍA

*það byrjar allt með fjórum fræjum*



**OMEGA 3 & 6  
+ D- & E-VÍTAMÍN  
NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN**

ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI





# Fulltrúi ungu kynslóðarinnar

Fréttablaðið rýnir í feril Petes Buttigieg, mannsins með sérstaka nafnið sem er óvænt orðinn einn af sigurstranglegri frambjóðendum í forkosningum Demókrata fyrir forsetakosningarnar 2020. Áhersla á persónutöfra.

Dórgnýr Einar Albertsson  
thorgnyr@frettabladid.is



Pete Buttigieg hefur skotist upp á stjórnuhimin bandarískra stjórnmála á síðustu vikum. Framboð hans til forseta í forkosningum Demókrata sem eitt sinn þótti einstaklega ólíklegt til að bera árangur er nú það fjórða sigurstranglegasta, samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem Real Clear Politics tekur saman.

Þessi borgarstjóri South Bend í Indiana, sem hefur litla aðra reynslu af stjórnmálum, yrði yngsti forseti Bandaríkjanna ef hann nær kjöri, þá 38 ára, og fyrsti opinberlega samkynhneigði forsetinn.

En þrátt fyrir að hafa verið tilförlulega óþekktur á meðal bandarísks almennings hefur Buttigieg verið orðaður við forsetaembættið í nokkur ár. Barack Obama, þá fráfandi forseti, sagði í viðtali við The New Yorker í nóvember 2016 að Buttigieg lofaði einstaklega góðu.

Sama ár birti The New York Times pistil frá pistlahöfundinum Frank Bruni um Buttigieg undir fyrirsögninni: „Fyrsti samkynhneigði forsetinn?“ Þar sagði Bruni að Buttigieg væri eins og einhver hefði mótað fullkominn forsetaframbjóðanda fyrir Demókrata á tilraunastöfu.

En hver er þessi óvænta vonarstjarna Demókrata og á hann raunverulega möguleika á því að vinna? Fréttablaðið rýnir hér í feril hans.

Áður en lengra er haldið ber þó að útskýra hvernig maður ber fram eftirnafn frambjóðandans. Buttigieg hefur sjálfur leikið sér með það í útgefnu efni og stýðst við útskýringuna „boot-edge-edge“. Nafnið kemur frá Möltu, þaðan sem faðir frambjóðandans fluttist til Bandaríkjanna, og þýðir hænsnabóndi.

## Persónan frammar stefnu

Segja má að sú kosningabaráttá sem Buttigieg hefur háð hingað til snúist um persónutöfra og persónuleika frambjóðandans frekar en einstök stefnumál. Ýmsir hafa náð ágætis árangri með þessari aðferð. Nú síðast Beto O'Rourke árið 2016 sem komst óvenju nálægt því að hrífa til sín öldungadeildarsæti í Repúblíkanaríkinu Texas af Ted Cruz. O'Rourke er nú í framboði og reynir að fanga stemninguna á ný en gengur, samkvæmt könnunum, verr en Buttigieg.

Samkvæmt greiningu sama miðils á skrifum og ræðum Buttigiegs allt frá því hann var í háskóla hefur borgarstjórinn, oft kallaður „Mayor Pete“ ef til vill sökum þess að margir eiga erfitt með að bera fram eftirnafnið, itrekað lagt áherslu á málfar og orðræðu frammar stefnu eða hugmyndafræði.

Samkvæmt greiningu tölfræðimiðilsins FiveThirtyEight höfðar Buttigieg einna helst til ungra kjósenda, þeirra af hinna svokölluðu þúsaldarkynslóð. Þeir eru um þriðjungur af þátttakendum í forkosningunum.

Buttigieg hefur nýtt aldur sinn óspart í kosningunum og má segja að hann sé sterk andstæða hinna sigurstranglegu en rúmlega sjötugu Joes Biden og Bernies Sanders. Borgarstjórinn reiðir sig á samfélagsmiðla í kosningabaráttunni og talar skýrt og skorinort um að þörf sé á nýrri sýn. „Erud þið reidubúin að stíga í burtu frá stjórnmálum forðarinnar?“ spurði hann fylgjendur sína á Twitter fyrir á árinu.



Borgarstjórinn Pete Buttigieg nýtur óvæntra vinsælda og er nú einn sá sigurstranglegasti í forkosningum Demókrata. NORDICPHOTOS/AFP



Buttigieg áritar bol stuðningsmanns í South Bend. NORDICPHOTOS/AFP

Einnig má nefna það þegar leikkonan Amy Poehler sagði í mars að Leslie Knope, persóna hennar í gamanþáttunum Parks and Recreation, gæti stutt Buttigieg í kosningabaráttunni. Þættirnir gerðust á skrifstofu almenningsgarðadeildar skáldaða bæjarins Pawnee í Indiana og svaraði Buttigieg því á Twitter: „Þið þangað til hún kemst að því að hún er að tala um manninn sem Almenningsgarðasamtök Indiana völdu kjörinn fulltrúa ársins 2018.“

Buttigieg hefur að auki verið lofaður fyrir herþjónustu sína og áhuga á klassískum bókmenntum. Þá hafa fjölmiðlar og stuðningsmenn einbeitt sér sérstaklega að tungumálakunnáttu borgarstjórans. Buttigieg talar góða norsku, arabísku, spænsku, maltnesku, frönsku, ítölsku, persneska málið dari og svo vitanlega ensku. Hefur til að mynda svarað spurningum norskra blaðamanna á norsku.

## Stefnan

Þrátt fyrir að Buttigieg geri út á persónutöfrana hafa allir frambjóðendur stefnumál. Að minnsta kosti næstum allir. Dan Glickman, landbúnaðarráðgjafi Bills Clinton, sagði í viðtali við The New York Times að Buttigieg mætti best lýsa sem höfsömum miðjumanni.

„Hann er einkar lunkinn við að tjá sína sýn, sem er framsækin en ekki um of,“ sagði Glickman.

Þegar litið er yfir vefsíðu framboðs Buttigiegs er engan lista yfir stefnumál að finna, líkt og má sjá á vefsíðum framboða til að mynda Bidens og Sanders. Áherslan er þess í stað lögð á að segja frá ævi frambjóðandans og þeirri sýn hans að þörf sé á nýjum sjónarmiðum í staðinn fyrir að horfa til fortíðar.

Buttigieg hefur þó vitanlega fjallað um stefnu sína í viðtölum og sýnt hana í verki sem borgarstjóri. Hann er fylgjandi réttinum til meðgöngurofs, vill sjá hertar aðgerðir í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og afnema dauðarefsingar.

Hann er andvígur áfornum Donalds Trump forseta í innflytjendamálu og banni hans við herþjónustu transfolks. Þá vill hann gera öllum kleift að fá opinberar sjúkratryggingar og gengur þar með ekki jafnlangt, að minnsta kosti ekki strax, og til að mynda Sanders sem vill að sjúkratryggingar verði alfarið á ábyrgð hins opinbera.

## Hinseginleikinn

Sú staðreynd að Buttigieg er samkynhneigður hefur vakið vonir hinsegin Bandaríkjanna, samkvæmt BuzzFeed News, um að

þeirra „Obama-stund“ sé loks komin. Er þar átt við að Buttigieg gæti orðið fyrsti hinsegin forsetinn rétt eins og Barack Obama varð fyrsti svartí forseti Bandaríkjanna árið 2009.

Í frétt miðilsins sagði að þótt framboð Buttigiegs snerist ekki um kynhneigð hans, rétt eins og framboð Obama snerist ekki um kynþátt, væri hún óaðskiljanlegur hluti persónu hans og þar með forsetaframboðs. Rufus Gifford, einn áhrifamesti hinsegin Demókratinn og fyrrverandi fjáröflunarstjóri Obama, sagði við BuzzFeed News að hann hefði nú þegar veitt framboði Buttigiegs hámarksstyrk.

Buttigieg gengur reyndar almennt vel að safna peningum. Þegar fjáröflunarskýrslur framboða voru birtar fyrir í mánuðinum kom fram að hann hefði safnað 7,1 milljón Bandaríkjadala. Einungis O'Rourke, Kamala Harris og Sanders höfðu safnað meiru.

Kynhneigð Buttigiegs og ummæli hans á CNN í vikunni um að hann væri kristinnar trúar féllu í grýttan jarðveg á meðal bandarískra íhaldsmanna. Predikarinn Franklin Graham, sem kom eftirminnilega hingað til lands og predikaði á Hátíð vonar í Laugardalshöll árið 2013, tjáði sig um ummælin á Twitter.

„Buttigieg borgarstjóri segist samkynhneigður, kristinn maður. Sem kristinn maður trúi ég því að Biblían skilgreini samkynhneigð með synd, eitthvað sem maður á að iðrast en ekki hreykja sér af. Biblían segir hjónaband vera á milli karls og konu, ekki tveggja karla eða tveggja kvenna,“ sagði Graham.

Ummælin vöktu mikla reiði meðal frjálslyndra Demókrata sem komu Buttigieg til varnar. Líklega komu ummælin sér vel fyrir Buttigieg í pólitísku samhengi enda lítill þolinmæði fyrir talsmáta eins og Grahams á meðal þátttakenda í forkosningum Demókrata.

## Sigurlikur

Vinsældir Buttigiegs og hagstæð fjölmiðlaumfjöllun er hins vegar til



## VINSÆLDIR BUTTIG-

## IEGS OG HAGSTÆÐ FJÖL-

## MÍDLAUMFJÖLLUN ER HINS

## VEGAR TIL EINSKIS EF

## STUÐNINGURINN ER EKKI

## TIL STAÐAR. SEM BETUR

## FER FYRIR BUTTIGIEG ER

## ÞAÐ EKKI TILFELLID.

einskis ef stuðningurinn er ekki til staðar. Sem betur fer fyrir Buttigieg er það ekki tilfellið lengur.

Samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem Real Clear Politics tekur saman mældist Buttigieg með 1,9 prósent á fyrsta degi aprílmánaðar. Síðan þá hefur hann hækkað flugið verulega og er nú í 7,5 prósentum. Til samanburðar mældist Biden með 29,3 prósent, Sanders með 23, Harris með 8,3 og Elizabeth Warren með 6,5 prósent.

Buttigieg nýtur enn meiri stuðnings í Iowa, fyrsta ríki forkosninganna. Þar stendur hann í 11,3 prósentum og er þriðji vinsælastur á eftir Biden með 23,7 prósent og Sanders með 19,7 prósent.


Staðan er svo aftur betri í öðru forkosningaríkinu, New Hampshire. Þar er Buttigieg með 13 prósent, Biden með 20,5 og Sanders með 23 prósent, aftur samkvæmt meðaltali Real Clear Politics.

Veðbankar eru einnig hrifnir af Buttigieg. Hann mældist þriðji líklegastur hjá PredictIt og fjórði hjá Election Betting Odds. Á síðarnefnda vefnum eru sigurlikur hans taldur 13,5 prósent. Voru 9,2 prósent þann 1. apríl en ekki nema örfáar kommur nokkrum dögum fyrir.

# FRÍSKANDI BRAGÐ!




FYRIR HREINAR OG  
FRÍSKAR TENNUR

 Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylytols sem  
aðalsætufrnis í tyggigúmmí

# Bak við tjöldin

Í kvöld mætir 100.000 gesturinn á sýninguna Elly í Borgarleikhúsinu. Sýningarnar verða 220 en þeim lýkur um miðjan júní og hefur verkið þá verið í sýningu í þrjú leikár.

Íris Dögg Einarsdóttir  
Ljósmyndir



Katrin Halldóra hefur slegið í gegn í hlutverki Elly.



Katla Margrét Þorgeirsdóttir og Björn Stefánsson bregða sér í nokkur hlutverk hvort og þurfa að skipta um gervi.



Björgvin Franz Gíslason fær á sig glæsilegt gervi í förðunarstólnum.



Katrin Halldóra með Ragga Bjarna baksviðs.

# Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

Álskóflur

frá 1.999

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

59.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



Steðjar í miklu úrvali



Sonax hreinsivörur á frábæru verði



Háprýstidæla 1200W 100Bör

9.999



Hjólattjakkur 2T m/tösku

3.795



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



Vice Multi angle

6.985



Öflugar háprýstidælur 165Bör 2100W

22.999



Háprýstidæla 1400W 105Bör

14.999



6T Búkkar 605mm Par

9.999



frá 1.495 Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



4.985

Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Ruslapokar 10,20,50stk

frá 395

Lunchbox útvarp ryk/regn/frostpolið

24.995



frá 395

Ruslatínur



frá 995

Skóflur



Strákústar


685



Hjólbörur 100kg

3.995

Laufahrifur



frá 999

Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Myndlistavörur í miklu úrvali



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



Fjölsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



14.999

Hjólsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# TÍMAMÓT



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

## Hólmfríður Bergey Gestsdóttir

andaðist á hjúkrunarheimilinu  
Sunnuhlíð í Kópavogi þann 18. apríl.  
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju  
fimmtudaginn 2. maí kl. 13.00.

Margrét Kristín Finnbogadóttir  
Einar Finnbogason  
Hafðís Finnbogadóttir  
Hörður Finnbogason  
Trausti Finnbogason

Björn Benediktsson  
Þórhildur Magnúsdóttir  
Jón Karl Kristjánsson  
Unnur Rut Rósinkransdóttir  
Cheyrl Cadete  
barnabörn og langömmubörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

## Ingunn Hlín Björgvinsdóttir

Safamýri 46, Reykjavík,  
lést fimmtudaginn 18. apríl  
á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.  
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju  
þriðjudaginn 30. apríl klukkan 13.00.

Björgvin S. Friðriksson  
Friðrik M. Friðriksson  
Guðný Hlín Friðriksdóttir  
Friðgerður M. Friðriksdóttir

Adda Björk Jónsdóttir  
Gunnrún Gunnarsdóttir  
Karl Ómar Guðbjörnsson  
Ófeigur Guðmundsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



## Ástkær eigenmaður minn, Ástráður Berthelsen

lést í Danmörku þann 3. apríl sl.  
Útförin fer fram frá Frikirkjunni í  
Hafnarfirði 2. maí kl. 15.

Sigrún Júlía Oddgeirsdóttir



*Víð erum til staðar  
þegar þú þarft á  
okkur að halda*

Lára Árnadóttir,  
umsjón útfara

## Útfararþjónusta & lögræðisþjónusta

Víð önnumst alla þætti undirbúnings og fram-  
kvæmd útfara ásamt vinnu víð dánarbússkiptin.  
Víð þjónum með virðingu og umhyggju að  
leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



Gunnar Rafnsson, Hilmar Oddsson, Kjartan Guðnason, Karl Roth, Kristín Jóhannsdóttir og Hróðmar I. Sigurbjörnsson.

## Þökkum fyrir hvern dag sem víð fáum að spila

Hljómsveitin Melchior hefur gengið í endurnýjun lífdaga og verður með útgáfutón-  
leika í Tjarnarbíói þriðjudaginn 30. apríl í tilefni nýrrar plötu sem heitir Hótel Borg.  
Efnið tengist Borginni og hönnun disksins ber sögufrægum art deco-stíl hennar vitni.

Borgin er eitt af merk-  
ustu kennileitum  
Reykjavíkur. Þar  
hefur allt gerst. Þar  
hafa allir verið. Sumir  
eru þar enn.“ Þessi  
áletrun er skráð með rauðum  
stófum innan um svart letur í  
textahefti nýrrar plötu hljóms-  
veitarinnar Melchior. Hún nefn-  
ist Hótel Borg. Það er sjötta plata  
sveitarinnar, ef mér skjálast ekki.  
„Okkar samstarf er orðið 46  
ára, þó ekki óslitið. Það varð hlé í  
28 ár. En víð þökkum fyrir hvern  
dag sem víð fáum að spila,“ segir  
Karl Roth glaðlega. Hann syngur  
og leikur á gítar og hljómborð  
í sveitinni, líkt og þeir Hilmar  
Oddsson og Hróðmar I. Sigur-  
björnsson. Kristín Jóhannsdóttir  
er söngkona, Gunnar Hrafnsson bassa-  
leikari og Kjartan Guðnason trommu-  
leikari.

Í fréttatilkynningu kemur fram að  
Melchior haldi sig víð vandað kamm-  
erpopp. Karl útskýrir það frekar. „Vít  
erum með klassísk hljóðfæri, vorum  
alltaf með óbó og selló í gamla daga og  
nú erum víð með strengjakvartett sem  
spilar í flestum lögnum hjá okkur. Þess  
vegna viljum víð ekki bara segja popp,  
heldur hafa vísbendingu um eitthvað  
annað því víð erum ekki mjög rafmagn-  
aðir.“

Svo er það Hótel Borg og sá sess sem



Teikning af gólfinu í anddyri Hótel  
Borgar prýðir plötuumslagið.

hún skipar hjá Melchior. „Fyrsta hug-  
myndin var sú að búa til textaálbum  
með uppstilltri mynd víð hvert lag.  
Metnaðarfull hugmynd sem tónaðist  
aðeins niður. En það er gaman að hafa  
einhvern hverfipunkt í svona verki  
og Hótel Borg er víst kennileiti í mið-  
borginni, dálítið gömul og dálítið grand.  
Vít höfum skemt hvort okkur mikið þar en  
ég man ekkert hvort víð spiluðum þar í  
fyrra lífi. Hilmar veit það, hann er eins  
og alfræðiorðabók, man allt og ég man

ekkert. Þú ert að tala víð vít-  
lausan mann!“

Tólf lög eru á disknum eftir  
þrjú lagasmíði sveitarinnar.  
„Hilmar og Hróðmar eiga fimm  
lög hvor, ég tvö og flestir text-  
arnir eru eftir mig,“ lýsir Karl og  
heldur áfram: „Eitt lagið heitir  
Búa um rúm. Annað er um lífið  
í eldhúsinu. Svo erum víð með  
sálm, alltaf sálmur á hverri  
plötu. Þessi snýst um það að Guð  
sé alls staðar, líka á Borginni.  
Svo teflum víð fram lagi sem  
heitir Alla leið til stjarnanna. Það  
fjallar um stemninguna sem ríkti  
þegar flugmennirnir úr ítölsku  
flugsvéitinni sem kom hingað  
1933 eru að yfirgefa borgina og  
allar stelpurnar í öngum sínum.  
Bærin hafði fyllst af ungum  
mönnum í einkennisbúningum.

Það var stórvíðburður í Reykjavík. Þeir  
bjuggu á Borginni.“

Lilja Björk Runólfssdóttir, hönnuður  
og söngkona, á heiðurinn af plötu-  
slaginu. „Munstrið er teikning af gólf-  
inu í anddyri Hótel Borgar,“ upplýsir  
Karl. Hann segir hefti með texta lag-  
anna í stóru og læsilegu letri fylgja með.  
Gleymir heldur ekki að geta útgáfutón-  
leikanna þann 30. apríl í Tjarnarbíói  
klukkan 20. „Þá verður allt líðið á svið-  
inu, blásararnir líka,“ segir hann og lofar  
að platan verði leikin í heild sinni, auk  
nokkurra eldri laga. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Ástkær faðir minn, tengdafaðir,  
afi og langafi,

## Jón Hannesson

Ásbúð 63,  
Garðabæ,

lést á Landspítalanum í Fossvogi  
16. apríl. Útför hans fer fram frá  
Vidalinskirkju fimmtudaginn 2. maí kl. 13.00.

Hannes Jónsson  
Jón Gunnar Hannesson  
Unnur Ösp Hannesdóttir  
Arnar Atli Hannesson  
Guðmunda K. Hauksdóttir

Guðlaug K. Jónsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

## Jóhanna J. Guðnadóttir

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 17. apríl  
síðastliðinn. Útför hennar fer fram  
frá Frikirkjunni í Hafnarfirði 30. apríl  
næstkomandi kl. 15.00.

Karl Guðni Erlingsson  
Irma Jóhanna Erlingsdóttir  
Rósa Guðrún Erlingsdóttir  
Jónas Garðar Erlingsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Vaiva Drillingaité  
Geir Svansson  
Otti Einarsson

Mergættir, hlýja og virðing Víð andlát ástvinar



Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir  
Útfararstjóri Útfararþjónusta  
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441



Álfheimum 35, 104 Reykjavík  
Sími 553 5353 og 821 5353  
www.usr.is  
isleifur@usr.is  
Þjónusta allan sólarhringinn

ÞETTA GERÐIST: 27. APRÍL 2009

# Heimsfaraldur svínaflensu

Svínaflensan árið 2009 varð að heimsfaraldri 27. apríl 2009 með yfirlýsingu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar þess efnis. Á þessum degi fyrir tíu árum var grunur um að tveir Íslendingar hefðu smitast af veirunni og var viðbragðsstig hér á landi hækkað í kjölfarið.

Á þessum tímupunkti höfðu yfir tvö þúsund manns smitast í Mexíkó. Þar í landi höfðu 150 látist af völdum veirunnar og áttu þeir eftir að verða fleiri. Í kringum 200 milljónir manna áttu eftir að smitast af H1N1 svínaflensunni og í kringum 150 þúsund létust.



Um fjöllun Fréttablaðsins 27. apríl 2009.



Ástkær móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,  
**Sigrún Óskarsdóttir**

lést á Hrafnistu í Reykjavík 16. apríl.  
Jarðarför verður auglýst síðar.

Ágúst Óskar Sigurðsson  
Anna Þórdís Sigurðardóttir  
Edda Björk Sigurðardóttir

Anna María Úlfarsdóttir  
Rainer Lischetzki  
Jón Ármann Guðjónsson  
og barnabörn.



Ástkær maki minn, faðir okkar,  
afi, sonur og bróðir,  
**Helgi Lárusson**

Strandgötu 23, Akureyri,  
lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri þann  
18. apríl. Útför hans fer fram frá  
Akureyrarkirkju 3. maí kl. 13.30.

Fyrir hönd aðstandenda,  
**Nicole Sömmering**



Yndislegur eigenmaður minn,  
pabbi, tengdapabbi og afi,  
**Jón Halldórsson**

Áshamri 44, Vestmannaeyjum,  
lést á páskadag, 21. apríl  
á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi.  
Útför hans fer fram frá Landakirkju  
í Vestmannaeyjum föstudaginn 3. maí klukkan 13.  
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbavörn  
í Vestmannaeyjum.

**Svana Pétursdóttir**

Guðriður Jónsdóttir  
Valgerður Jóna Jónsdóttir  
Svandís Jónsdóttir  
Svana Björk, Arna Dögg og Vala Dröfn  
Sigríður, Jón Valgarð og Helga Dís  
Gyða Karen og Nökkvi Rafn



Ástkær móðir mín, amma og systir,  
**Björg Þorsteinsdóttir**  
myndlistarkona,

lést á líknardeild Landspítalans í  
Kópavogi, mánudaginn 22. apríl.  
Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni  
í Reykjavík fimmtudaginn 2. maí klukkan 11.

Guðný Ragnarsdóttir  
Ragnar Árni Ólafsson  
Davið Þorsteinnsson  
Halldóra Þorsteinsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**Svava Árný Jónsdóttir**

Baðsvöllum 7, Grindavík,  
lést á Landspítalanum við Hringbraut,  
laugardaginn 20. apríl.  
Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju  
föstudaginn 3. maí. Þeim sem vildu minnast hennar er  
bent á slysavarnadeildina Þórkötl.

**Benóný Þórhallsson**

Þórhallur Ágúst Benónýsson  
Sigríður Fjóna Benónýsdóttir  
Berglind Benónýsdóttir  
Hólmar Már Gunnlaugsson  
Ómar Davíð Ólafsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Gylfi Lárusson**  
húsasmíðameistari  
frá Stykkishólmi,

lést miðvikudaginn 10. apríl.  
Útför hans fer fram frá Lindakirkju,  
Kópavogi, mánudaginn 29. apríl klukkan 13.00.

**Ólöf Jónsdóttir**

Helena Gylfadóttir  
Inga Lára Gylfadóttir  
Eiður Örn Gylfason  
Malín Karlsson  
Hilmar Baldur Baldursson  
Margrét Róbertsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



**Sveinn Jónsson**

blikksmiður/tamningamaður  
og verktafi,  
Arnarhrauni 25, Hafnarfirði.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu  
okkur samúð, vináttu og hlýhug  
vegna andláts og útfarar hjartans elsku  
eiginmanns míns, föður, tengdafaðir,  
afa og bróður. Þökkum öllum sem önnuðust hann  
á gjörgæsludeild Landspítalans. Sérstakar þakkir til  
Karlakórs Grafarvogs.

**Íris Högnadóttir**  
og fjölskylda hins látna.



Ástkær eiginkona mín,  
móðir okkar, tengdamóðir og amma,  
**Lilja K. Kristinsdóttir**

Múlavegi 17, Seyðisfirði,  
lést á Landspítalanum Fossvogi  
miðvikudaginn 24. apríl.

**Magnús S. Stefánsson**

Kristinn G. Magnússon  
Stefán H. Magnússon  
Ágúst T. Magnússon  
Linda Mae Kirker  
Arna Magnúsdóttir  
og barnabörn.



Faðir okkar og afi,  
**Atli Heimir Sveinsson**  
tónskáld,

lést laugardaginn 20. apríl  
á hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hans  
fer fram frá Hallgrímskirkju  
mánudaginn 6. maí klukkan 13.00.

Teitur Atlason  
Auðunn Atlason  
Illugi Auðunsson

Bryndís Bjarnadóttir  
Sigríður Ragna Jónsdóttir  
Kristjana Zoëga

Auður Teitsdóttir  
Porkell Auðunsson  
Bessi Teitsson  
Ólafía Kristín Auðunsdóttir  
Leó Teitsson  
Ásta Sóllilja Auðunsdóttir



Elskuleg systir okkar,  
**Bryndís Magnúsdóttir**  
Vallarbraut 3,  
Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum 3. apríl 2019.  
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk  
hinnar látnu.

**Snorri Magnússon**  
Jóhanna Magnúsdóttir  
og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Bergþóra Skarphéðinsdóttir**  
frá Þingeyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Boðapingi  
þriðjudaginn 16. apríl.  
Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju  
mánudaginn 6. maí klukkan 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem  
vilja minnast hennar er bent á Barnspítala Hringins.

Sjófn Sóley Sveinsdóttir  
Magnea Gerður Sveinsdóttir  
Smári Sveinsson  
Kristín Linda Sveinsdóttir

Rögvaldur R. Andrésen  
Ólafur Sigurðsson  
Guðmunda Óskarsdóttir  
Skjöldur Vatnar Árnason  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir,  
tengdafaðir, afi,  
langafi og langlangafi,  
**Kristján Árnason**

Bláskógum 11, Hveragerði,  
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands  
miðvikudaginn 24. apríl.

Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Aðstandendur.**

## Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).  
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á [frettabladid.is/timamot](http://frettabladid.is/timamot)

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli  
og útfarir má senda á netfangið  
[timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is)  
eða hringja í síma 550 5055.

# STÓR PLOKKDAGURI

Stóri plokkgalurinn er á sunnudaginn en þá hefst plokk sumarið 2019 og við tökum öll þátt. Í ár mun Plokk á Íslandi beina sjónum sínum að Reykjanesbrautinni, Vesturlandsveginum, og nær umhverfi stærri umferðaræða landsins. Láttu þig umhverfið varða og vertu með okkur. Komdu í hópinn "Plokk á Íslandi" á Facebook og skráði þig í viðburðinn "Stóri plokkgalurinn" og saman gerum við borgina og landið okkar aðeins betra.



**PLOKK Á ÍSLANDI**

*Hreinsum Ísland*

# RINN 28. APRÍL

#plok2019  
#plokkaíslandi  
#hreinsuísland  
#plogging

## SVÆÐI

Reykjanesbær svæði 1-5. Ræst af planinu hjá Bónus á Fitjum.

Vogar svæði 1-3. Ræst við bílastæði brúna undir Reykjanesbraut að Vogum.

Hafnarfjörður svæði 1-3. Ræst af bílastæðinu hjá N1 Lækjargötu.

Garðabær svæði 1-2. Ræst af bílastæði Vífilstöðum.

Kópavogur svæði 1-3. Ræst af bílastæði Smáralindar.

Reykjavík – Elliðaárdalur og Fossvogs svæði 1-3. Ræst af bílastæði Sambíóanna.

Reykjavík – Stórhöfði og Árbær 1-3. Ræst af bílastæðinu við Select og Ölgerðina.

Reykjavík – Grafarvogur Grafarholt 1-3. Ræst af bílastæðinu hjá Húsasmiðjunni.

Mosfellsbær 1-3. Ræst af bílastæðinu við N1.

## VAKTIR

10:00 til 12:00 • 12:00 til 14:00 • 14:00 til 16:00.  
16:00 Skipulagðri dagskrá lýkur.

Tugir sveitafélaga, félagasamtaka og plok hópa um allt land skipuleggja viðburði á þessum degi undir merkjum Stóra plokkdagsins og er öllum velkomið að vera með. Taktu þátt og fylgstu með á heimasíðum og samfélagsmiðlum þíns sveitarfélags.



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið





# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

Reykjavík



10 | 5  
°C | ↻

Egilsstaðir



9 | 4  
°C | ↓

Ísafjörður



9 | 4  
°C | ↻

Kirkjubæjarkl



9 | 10  
°C | ↻

Akureyri



10 | 4  
°C | ↑

Hveravellir



4 | 5  
°C | ↻

Skýjað með köflum og smá skúrir víða um land í dag, þokusúld úti við austurströndina, en talsverð rigning SA-til um kvöldið. Hiti víða 8 til 15 stig, en mun svalara við austurströndina.

## Reykjavík



Sunnudagur



10 | 4  
°C | ↑

Mánudagur



9 | 5  
°C | ↻

Þriðjudagur



13 | 5  
°C | ↻

Miðvikudagur



12 | 3  
°C | ↓

Fimmtudagur



7 | 3  
°C | ↻

## Ísafjörður



4 | 4  
°C | ↻



5 | 2  
°C | ←



9 | 1  
°C | ↻



4 | 2  
°C | ←



0 | 6  
°C | ←

## Akureyri



10 | 3  
°C | ↑



4 | 1  
°C | ↑



7 | 1  
°C | ↻



2 | 0  
°C | ○



-2 | 2  
°C | ↻

## Egilsstaðir



3 | 1  
°C | ↻



7 | 4  
°C | ↻



11 | 3  
°C | ↑



3 | 4  
°C | ↻



-1 | 6  
°C | ↓

## Kirkjubæjarklaustur



7 | 8  
°C | ←



7 | 6  
°C | ←



10 | 4  
°C | ←



15 | 2  
°C | ↻



3 | 2  
°C | ↻

## Hveravellir



4 | 6  
°C | ↻



7 | 6  
°C | ↑



9 | 6  
°C | ↑



6 | 4  
°C | ↓



1 | 7  
°C | ↻


## Pondus

Eftir Frade Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Fedasz Dental Hungary**  
your specialist in dental tourism

**Save 50-70% on Dental Treatment in Hungary**

Dentistry - Dental Laboratory - Hotel on-site!

Contact us now!  
0036 70 942 9573  
info@fedaszdental.hu

**KOMDU í KOLAPORTIÐ**  
- dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11-17

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?**

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



## KRAKKAR

# Konráð <sup>350</sup> og félagar á ferð og flugi

„Jæja já, tölusúpa,“ sagði Kata og virtist ekki vera par hrifin. „Hvað eigum við að gera við þessa tölusúpu?“ Lísaloppa las leiðbeiningarnar. „Við eigum að byrja á bláu tölunni tveir og með því að fylgja bara sléttum tölum lóðrétt og lárétt, finna leið upp á töluna 4 á toppi teningsins.“

„Sléttar tölur og oddatölur, það kann ég,“ sagði Kata hróðug. „Eru annars 2,4,6 og 8 ekki sléttar tölur?“ „Jú,“ sagði Lísaloppa. „Þá vindum við okkur bara í þetta,“ sagði Kata ákveðin. „Ekki eftir neinu að bíða.“

4	2	8	6	7	2	4	6	7	2	3	6
8	7	7	5	6	4	7	8	4	2	5	2
2	4	2	4	2	5	2	1	5	3	7	6
7	6	8	5	6	4	8	6	3	2	9	4
8	4	7	2	1	8	7	2	4	8	3	2
4	7	5	8	4	5	2	6	6	2	4	8
2	6	2	7	2	5	2	1	2	6	2	7
1	4	5	8	1	3	6	4	2	5	4	6
2	8	9	4	8	4	2	6	7	3	9	2
4	7	5	2	1	2	1	5	3	4	8	6
8	1	6	4	3	6	4	7	6	2	7	2
2	6	2	7	8	3	2	8	2	1	5	6

?

Getur þú fundið leiðina í gegnum talnateninginn?

?



## Útileikurinn

### Fallin spýta

Spýtu er stillt upp við vegg. Einn leikmaður „er 'ann“, grúfir upp við vegginn og telur upp í 50. Á meðan fela hinir sig í kring. Þegar sá sem „er 'ann“ finnur einhvern á hann að hlaupa að spýtunni, snerta hana og segja: „Fallin spýta fyrir Nonna, 1, 2 og 3“ og þá er sá sem fannst (Nonni) úr leik. En ef sá sem fannst er á undan að spýtunni er hann hólpinn það sem eftir er af leiknum. Sá sem spýtan er fyrst felld fyrir „er 'ann“ í næsta leik.



## Ljóð



### Vorhvöt

Þú, vorgyðja, svifur úr suðrænum geim á sólgeisla vængjunum breiðum til Íslands fannþökku fjallanna heim að fossum og dimmbláum heiðum. Ég sé, hvar í skýjum þú brunar á braut. Ó, ber þú mitt ljóð heim í ættjarðar skaut.

Svo frjáls vertu, móðir, sem vindur á vog, sem vötn þín með straumunum þungu, sem himins þins bragandi norðljósalog og ljóðin á skáldanna tungu, og aldrei, aldrei bindi þig bönd nema bláfjötur ægis við klettótta strönd.

Steingrímur Thorsteinsson



Þórunn Birna elskar að syngja og dansa og svo æfir hún líka fimleika og á píanó. Hún er líka með rólu í herberginu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Draumar geta ræst er upphaldslagið

Þórunn Birna Klemensdóttir er átta ára og með eina flottustu kennitölu í heimi.

Þórunn Birna Klemensdóttir er átta ára. Hún fæddist 10. október 2010, klukkan 11.11. um morguninn. „Kennitalan mín er 101010-3330. Systir mómmu minnar sem er stærðfræðikennari segir að það sé flottasta kennitala í heimi!“

**Hvað gerðir þú í páskafríinu?** Ég fór í sumarbústaðinn sem amma mín og afi eiga og er í Svínadal. Þar voru líka systkini mín og frændsystkini mín. Við fórum í páskaeggjaleit og það var mjög gaman.

**Hver er eftirlætis námsgreinin þín í skólanum?** Dans, ég elska að dansa. En mér finnst eiginlega alltaf gaman í skólanum, því ég er í skemmtilegum bekk og á besta kennara í heimi. Ég er í 3. H.H.P. í Háteigsskóla og kennarinn minn heitir Hlín Helga Pálsdóttir.

**Áttu önnur áhugamál en dansinn?** Já, söng. Ég er eiginlega alltaf að syngja og dansa. Svo æfi ég líka fimleika og á píanó.

**Er ekki erfitt að hafa tíma fyrir allt sem þú þarft að gera?** Jú, þetta er svölitið mikið.

**Hvaða dans er flottastur að þínu mati?** Hipp hopp.

**Áttu þér upphaldslag?** Já, Draumar geta ræst er upphaldslagið mitt. Mér finnst það mjög fallegt og gaman að syngja með því. Ég kann það utanað.

**En upphaldstónlistarmann eða konu?** Jón Jónsson er mjög skemmtilegur. Mér finnst líka Salka Sól syngja ótrúlega fallega.

**Hvað heitir besta vinkona þín?** Hún heitir Valentína. Hún er mjög skemmtileg og fyndin.

**Hver er upphalds liturinn þinn?** Það var alltaf svartur en nú er það dökkblár.

**Hvaða matur finnst þér bestur?** Grjónagrautur með kanilsykri og rúsínum. Svo er líka gott að hafa slátur með.

**Hvað finnst þér mest heillandi við sumarið?** Sólin og friið. Þá getur maður líka hitt vinkonur sínar oft og leikið allan daginn. Svo finnst mér líka mjög gaman að fara í ferðalög.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Leikari og dansari.

**100% ÍSLENSKT**  
ungnautakjöt



**459**  
kr. 2x100 g

Smash Style Hamburgarar  
2x100 g



**498**  
kr. 2x120 g

Smash Style Hamburgarar  
2x120 g

**579**  
kr. 2x140 g

Smash Style Hamburgarar  
2x140 g



**169**  
kr. 290 g

Bónus XL hamborgarabrauð  
4 stk., 290 g



**298**  
kr. 250 ml

Smash Style Hamburgarasósa  
250 ml

**NÝTT Í BÓNUS**



**298**  
kr. 198 g

ÍN Steikar- og grillkrydd  
198 g

**10 PYLSUR**



**359**  
kr. pk.

Bónus Vínarpýlsur  
485 g, 10 stk.



**169**  
kr. 5 stk.

Bónus Pylsubrauð  
5 stk.



**1kg**

**1.498**  
kr. 1 kg

Íslensk Kjötsúpa, 1 kg  
Ungversk Gúlassúpa, 1 kg  
Mexíkósk Kjúklingsúpa, 1 kg  
Baunasúpa og Saltkjöt, 1 kg

**30** ára  
**BONUS**



**500g**

**895**  
kr. 500 g

Bláber  
Marokkó, 500 g

Matarmiklar súpur  
**FULLELDAÐAR**  
Aðeins að hita



Flestir komast í uppnám við lesturinn, segir Hakan Günday um hina mögnuðu verðlaunabók sína Meira.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hvers vegna?

**Tyrkneski rithöfundurinn Hakan Günday er meðal gesta Bókmenntahátíðar í Reykjavík. Skáldsaga hans Meira hefur vakið gríðarlega athygli enda á hún brýnt erindi við samtímann.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



**M**éðal gesta á Bókmenntahátíð í Reykjavík sem nú stendur yfir er tyrkneski rithöfundurinn Hakan Günday en bók hans Meira kom nýlega út hér á landi í þýðingu Friðriks Rafnssonar. Bókin hefur hlotið mikið lof og hreppit ýmis verðlaun, þar á meðal Le Prix Médicis Étranger verðlaunin árið 2015.

Bókin fjallar um þær skelfingar sem flóttamenn þurfa að upplifa og í forgrunni er tyrkneski drengurinn Gaza sem níu ára gamall byrjar að aðstoða föður sinn við smygl á ólöglegum innflytjendum sem freista þess að komast yfir til Grikklands.

**Besta rannsóknarvinnan**  
Günday er spurður hvort hann hafi unnið mikla rannsóknarvinnu við gerð bókarinnar. „Rannsóknarvinnan var mjög einföld, ég skoðaði skýrslur frá Evrópusambandinu og Sameinuðu þjóðunum um ýmis tæknileg atriði eins og hvaða leið

**BESTA RANNSÓKN-ARVINNAN ER AÐ HORFA Í KRINGUM SIG OG HALDA AUGUNUM OPNUM.**


flóttamenn fara. Ég hafði ekki þörf fyrir annars konar upplýsingar,” segir hann. „Tyrkland er land sem er eins konar brú milli austurs og vesturs, milli borgarastyrjalda og velferðar, tveggja ólíkra heima. Flóttamenn fara langa leið án þess að vera sýnilegir, það er einungis þegar þeir eru dánir sem við vitum af þeim því þá lesum við um þá í dagblöðum. Stundum þarf maður ekki að leggjast í vísindalega rannsókn til að sjá það sem er í kringum mann. Besta rannsóknarvinnan er að horfa í kringum sig og halda augunum opnum.“

